

12

Landsmót
hestamanna

18

Salatið
víðförla

27–30

Heimsókn í
Árneshrepp

Bændablaðið

13. tölublað 2016 • Fimmtudagur 7. júlí • Blað nr. 470 • 22. árg. • Upplag 32.000



Búskapur er heyskapur. Það hefur víðrað vel um mestallt land til heyskapa síðustu vikur. Víðast hafa náðst góð hey ef frá eru talin svæði þar sem þurrkar hafa hamlað sprettu. Myndin að ofan prýðir ljósmyndasýninguna „Bændur á Jökuldal“, sem hangir uppi á Skjöldólfsstöðum í sumar. Þarna snæða í makindum hádegisskattinn, þeir Guðmundur Hinrik Gústavsson, Óli Stefáns-son og Stefán Ólason í Merki, en þeir voru við heyskap á Gauksstöðum sumarið 2015. Ljósmyndarinn er Ragnildur Aðalsteinsdóttir frá Vaðbrekku.

Mynd / Ragnildur Aðalsteinsdóttir

Verð á svínakjöti hefur hækkað til neytenda en lækkað til bænda

Afurðaverð til svínabænda hefur lækkað um tæp 9% á síðustu þremur árum. Á sama tíma hefur neysluverðsvisitala hækkað um 7,5% og svínakjötsafurðir hækkað um 7,4 til 8,6% í verslunum.

Björgvin Jón Bjarnason, formaður Svínarektarfélagsins, segir erfitt að skilja hvers vegna verð á svínakjöti til neytenda út úr búð hafi hækkað undanfarin ár en á sama tíma hafi afurðaverð til bænda lækkað.

„Undanfarin þrjú ár höfum við séð að verð til bænda hefur lækkað um rúm 9% en á sama tíma hefur verð út úr búð hækkað um rúm 7%, jafnvel þótt tekið sé tillit til hækkunar á virðisaukaskatti á matvæli. Hér er því um að ræða raunhækkun á svínakjötsafurðum til neytenda út úr búð.

Við vitum að vara eins og svínakjöt hækkar samkvæmt virðisaukaskjöju sem hefst hjá bönda og lýkur við

kassann í verslunum eftir að hafa farið í gegnum sláturhús og afurðavinnslur.“

Neytendur greiða hærra verð

„Ég hef svo sem ekki mikið verið að velta fyrir mér hvar hækkunin verður en að mínu mati er hún óeðlilega mikil og neytendur eru sannanlega að greiða hærra verð fyrir okkar afurðir þrátt fyrir að verð til bænda hafi lækkað. Hækkunin kemur því ekki frá okkur.“

Björgvin segir að eins og búast megi við beri allir fimlega af sér sakir þegar leitað sé svara við því af hverju svínakjöt til neytenda hafi hækkað eins mikið og raun ber vitni. Fulltrúar verslunarinnar segja af og frá að álagningin hjá þeim hafi hækkað og sama segja fulltrúar afurðafyrirtækjanna.

Innflutningur pressar niður verð til bænda

Björgvin segir að í dag sé eftirspurn eftir svínakjöti meiri en framboð en að samt sem áður hafi verð til framleiðenda ekki hækkað að neinu ráði. Innflutningur á svínakjöti er greinilega að pressa verðið til framleiðenda niður.

Hækka úr 500 í 2.000 krónur

Samkvæmt gögnum sem Bændablaðið hefur undir höndum er tollverð (CIF-verð) á innfluttum svínalundum 757 krónur kílóíð en það er selt út úr búð, að frádrægnum virðisaukaskatti, á um 2.000 krónur. CIF-verð á svínahryggvöðvum er 451 króna kílóíð en útsöluverð út úr búð er svipað og á svínalundum.

Ekki verðlagt í samræmi við innflutningsverð

Svínalundir og hryggvöðvar frá löndum ESB eru fluttir til landsins á tvenns konar kjörum. Annars vegar með 18% tolli að viðbættum magn tolli sem er 664 krónur kílóíð. Hins vegar og mun líklegra er að kjötið sé flutt til landsins á tollkvóta ESB. Tollkvótinn er án tolla en innflytjandinn greiðir hins vegar fyrir kvótann í útboði sem atvinnuvegaráðuneytið auglýsir. Tollkvóti fyrir árið 2016 var alls 200 tonn og seldur fyrir 255 krónur kílóíð.

Verðhækkun á öðrum svínakjötsafurðum er í svipuðum stíl og í flestum tilfellum er um að ræða vöru sem ekkert er unnin hér á landi. Álagningin er því hraustleg. Ein af rökum verslunarinnar

fyrir auknum innflutningi á landbúnaðarvörum er að innflutningurinn leiði til lægra matvælaverðs þrátt fyrir að slíkt sé ekki raunin.

Innflutningur á svínakjöti árið 2015 var 573 tonn en var 364 tonn árið 2013. Á saman tíma hefur innlend svínakjötsframleiðsla aukist úr 6.008 tonnum í 6.512 tonn.

Björgin segir að svo virðist vera, enn sem komið er, að innlend vara stjórni verðinu á markaði. Með öðrum orðum að innflutt vara sé verðlögð eins nálægt innlendri framleiðslu og hægt er en ekki í samræmi við innflutningsverð. Þetta geri það að verkum að innlendir svínafarmleiðendur eiga afar erfitt með að keppa við ódyrt innflutt kjöt sem kemur frá meginlandinu.

/VH

Fréttir



Plöntueitur:
Söluleyfi á glýfósati í ESB framlengt um 18 mánuði

Leyfi til að selja plöntueitrið glýfósat hefur verið framlengt í löndum Evrópusambandsins um 18 mánuði.

Talsverður styr hefur verið innan nefndar Evrópusambandsins sem sér um leyfi á sölu efna til að drepa plöntur. Um tíma leit út fyrir að bannað yrði að selja plöntueitur sem innihalda glýfósat frá og með 30. júní. Ástæða bannsins var sú að talið er að efnið sé krabbameinsvaldandi án þess þó að óyggjandi sannanir þar um liggi fyrir.

Niðurstöður rannsókna á skaðsemi glýfósat stangast iðulega á eftir því hvort framleiðendur eða andstæðingar notkunar á efninu greiða fyrir þær.

Framleiðandinn hefur fengið 18 mánaða frest, eða til ársloka 2017, til að sýna fram á að efnið sé ekki skaðlegt heilsu manna. Takist það verður leyfi til sölu efnisins framlengt um fimmtán ár.

Glýfósat er meðal annars virka efnið í Roundup, sem mikið er notað í landbúnaði í Evrópu og til að drepa óvinsælan gróður í gördum hér á landi.

Talsmenn bannsins segja að með frestuninni hafi verið gefið áframhaldandi leyfi til að dæla hundruðum þúsunda tonna út í náttúruna.

Undanfarin ár hefur borið á að plöntur sem drepa á með glýfósat hafi myndað mótstöðu gegn efninu og að sifelltt verði að nota sterkari blöndur af því til að drepa plönturnar.

/VH

Kjarnfóðrið
hækkar í verði

1. júlí síðastliðinn hækkaði verð á öllu kjarnfóðri hjá Líflandi um 4%. Um er að ræða fyrstu verðhækkun í rúm þrjú ár, en frá því í febrúar 2013 hefur kjarnfóðurverð hjá Líflandi að meðaltali lækkað um 25%, segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Hækkunin nú kemur til vegna talsverðra sviptinga á hrávörumarkaði, en sojamjöl hefur á síðustu mánuðum lækkað mjög í verði sem og önnur hráefni að mismiklu leyti. Hagstæð gengispróun hefur hjálpað til og gert það að verkum að hægt hefur verið að fresta verðhækkunum til þessa, segja forsvarsmenn Líflands.

Nýjar kartöflur
komnar í verslanir

Fréttir berast af nýjum kartöflum í sumum búðum. „Ég kíkti undir nokkur grös í gær og ekki annað að sjá en að uppskeran verði mjög góð í ár,“ segir Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi í Þykkvabæ.

„Bændur í Hornafirði og bændur með upphitaða garða á Flúðum eru yfirleitt aðeins á undan okkur og nýjar kartöflur því væntanlegar í verslanir. Ég geri aftur á móti fastlega ráð fyrir að við förum að taka upp í næstu viku hér í Þykkvabæ.

Miðað við árstíma eru kartöflurnar undir grösunum vel á veg komnar enda tíðarfarið búið að vera frábært fyrir okkur og varla hægt að biðja um það betra,“ segir Sigurbjartur bóndi.

/VH

Heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækkar um 2,5%

Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 2,5% frá 1. júlí sl. Breytingin er einkum til komin vegna hækkunar launa, segir í fréttatilkynningu frá nefndinni.

Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,77 kr. á lítra mjólkur, úr 84,39 kr. í 86,16 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingakostnaður mjólkur um 1,81 kr. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 3,58 krónur á hvern lítra mjólkur.

Lægra verð á mjólkurdufti gagnast íslenskum iðnaði

Þau tíðindi eru í ákvörðun nefndarinnar að undanrennu- og mjólkurduft mun lækka um 20% til að mæta áhrifum nýs tollasamnings við Evrópusambandið og lækkun heimsmarkaðsverðs á dufti.

Verðlækkun á dufti kemur einkum iðnaðinum til góða, t.d. þeim aðilum sem stunda framleiðslu á súkkulaði, ís og öðrum matvörum þar sem mjólkurduft er notað.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, sagði í samtali við Bændablaðið að verðlækkun á mjólkurduftinu komi innlendum matvæla-iðnaði mjög vel. „Með þessari verðlækkun er verið að bæta samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem kjósa að nota innlent hráefni. Fyrir bændur er nauðsynlegt að fá hækkun til sín vegna almennrar verðlagsþróunar. Í raun var hækkunarþörfin meiri en nefndin ákvað að fara millivegin að þessu sinni. Á þessu árstímabili sem liðið er frá síðustu verðhækkun hafa laun og launatengd gjöld hækkað um 12,7% í þjóðfélaginu. Bændur verða líka að fá sínar launahækkanir eins og aðrir,“ segir Sindri og bætir því við að launahækkanir innan mjólkuriðnaðar-



ins vegi þungt í rekstri mjólkursamlaga og óhjákvæmilegt sé að bregðast við því með verðhækkunum.

/TB

Skipulagsbreytingar í mjólkuriðnaði, fækkun og stækkun kúabúa hafa skilað lægra mjólkurverði til neytenda:

Mjólk og mjólkurvörur hafa lækkað
að raunvirði á síðustu árum

Mikil hagræðing innan mjólkuriðnaðarins og fækkun kúabúa á síðustu árum og áratugum hefur leitt til þess að mjólkurverð á Íslandi hefur lækkað að raunvirði síðustu ár. Árangurinn er ekki síst að þakka fækkun mjólkurbúa og hagkvæmari rekstri. Þetta kemur fram í skýrslu sem Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa unnið um hagræðingaraðgerðir mjólkuriðnaðarins á síðustu árum og árangur þeirra.

Árið 1990 voru 17 mjólkurvinnslur í landinu en þær eru nú aðeins fimm talsins. Sala og afgreiðsla mjólkurvara og dreifing var á 18 stöðum um land allt árið 1990. Í dag er sala og afgreiðsla á tveimur stöðum og dreifing mjólkurvara á fimm starfsstöðvum. Með breytingunum hefur orðið þriðjungs fækkun starfsfólks. Í skýrslu SAM segir að hagræðingin hafi á margan hátt reynst erfið og sársaukafull en hafi skilað miklum kostnaðarlækkunum.

Hagræðing hefur skilað þremur milljörðum króna á ári

Í skýrslunni kemur fram að hagræðingaraðgerðir mjólkuriðnaðarins hafi leitt af sér þriggja milljarða króna sparnað á ársgrundvelli. Einum milljarði hafi verið skilað til bænda í formi hærra afurðaverðs en tveir milljarðar runnið til neytenda í gegnum lágt heildsöluverð mjólkurvara. Til að setja það í samhengi samsvarar það 20 krónum pr. lítra af nýmjólk og

um 200 kr. pr. kg af brauðosti í formi lægra verðs til neytenda.


Raunverð lægra árið 2013 en 2003

Í skýrslu sem Hagfræðistofnun HÍ gaf út fyrir ári síðan sagði að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Lágmarksverð til bænda hefur jafnframt lækkað umfram almennt verðlag síðan 2003. Bæði neytendur og bændur hafa því haft ávinning af núverandi fyrirkomulagi.

Opinber verðlagning hefur skilað ávinningi

Opinber verðlagning er á nokkrum mjólkurvörum, þ.e. mjólk, undanrennu, smjöri, rjóma og brauðosti. Verðlagsnefnd búvöru kemur saman og ákveður heildsöluverð á þessum vöruflokkum hverju sinni. Við ákvörðun sína horfir hún að mestu til tveggja þátta; verðlagsgrundvallar kúabús og samantekt kostnaðar við vinnslu og dreifingu mjólkur. Þegar rýnt er í þær hækkanir sem verðlagsnefnd hefur ráðist í á síðustu árum sést að þeim er haldið í eins miklu hófi og hægt er, miðað við almenna hækkun vísitölu og ekki síst launahækkanir.

Með fyrirkomulaginu um opinbera verðlagningu er tryggt að allar verslanir fá mjólkina á sama verði inn á lager hjá sér hvort sem sú verslun er staðsett í Reykjavík eða á Húsavík. Bændur um allt land borga sama flutningskostnað, óháð



Breyting á heildsöluverði (án vsk) helstu mjólkurvara sem verðlagðar eru af verðlagsnefnd búvöru í samanburði við launavísitölu og vísitölu neysluverðs á tímabilinu janúar 2003 til október 2014. Vísitöluhækkanir á tímabilinu eru umtalsvert meiri en verðbreytingar á mjólkurvörunum sem um ræðir.

janúar 2013 = 0. Heimild: SAM

búsetu. Hlutverk nefndarinnar hefur verið að tryggja hagsmuni allra í virðiskeðjunni frá bónda til neytenda.

Síðasta verðhækkun var 1. júlí sl. þegar heildsöluverð hækkaði um 2,5%. Verðbreyting á síðasta ári var gerð 1. ágúst þegar heildsöluverð á mjólk hækkaði um 3,58% og smjörverð um 11,6%. Verðbreytingar á mjólk hafa ekki haldið í við þróun neysluverðsvísitölu á síðustu árum. Litlar verðbreytingar á mjólkurvörum stuðla að lægri vísitölu en ella. Verðlag mjólkurvara hefur þannig bein áhrif á vísitölu neysluverðs og þar með á hag almennings í gegnum verðtryggingu lána og annarra fjárskuldbindinga.

Markmið laganna hafa náðst

Í niðurstöðu skýrslu SAM segir að sá


/TB

Næstmesta kalið á þessari öld

„Það er enn ekki búið að taka saman hvert heildarumfang kals er, það verður ekki að fullu ljóst fyrr en í haust að lokinni heyöflun. Þá ætti að liggja fyrir hvert uppskeru tap verður vegna kals,“ segir Sigurgeir B. Hreinsson, formaður stjórnar Bjargráðasjóðs og framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Sigurgeir segir að kal nú í vor sé þó með meira móti, það næstmesta á þessari öld, næst á eftir kalárinu mikla árið 2013. Bændur sem telja sig eiga rétt á bótum úr Bjargráðasjóði munu senda inn umsóknir næsta haust, í tengslum við skil á forðagæsluskýrslum, en

þeim ber að skila inn í síðasta lagi 20. nóvember. „Forðagæsluskýrslur munu liggja til grundvallar á mati á tjóni, en við tökum mið af uppskeru liðinna ára og metum hvert uppskerutapið er miðað við það,“ segir Sigurgeir.

Hann segir menn víða komna vel áleiðis í heyskap en í öllum landshlutum nema á Vesturlandi setja þurrkar mikið strik í reikninginn. „Það hefur rignt afskaplega lítið og jafnvel ekki neitt sums staðar, þannig að það er alls ekki til bóta. Uppspera er af öllum toga, bændur segja mér sumir að hún sé alveg hörmung og upp í það að vera þökkaleg,“ segir Sigurgeir.




Kal nú í vor var með meira móti, það næstmesta á þessari öld, næst á eftir kalárinu mikla árið 2013. Hér sést yfir Öxnadal. Mynd / Braji Óskarsson

Lífland, fyrir lífið í landinu



Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvelli
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lynghálsi | Óseyri | Borgarbraut | Efstubraut | Stórólfsvelli




#HVANNEYRARHÁTÍÐ / NÁNARI DAGSKRÁ Á FACEBOOK




HVANNEYRARHÁTÍÐ

9. júlí KL. 13 - 17



KONUR BREYTTU BÚHÁTTUM Bjarni Guðmundsson les úr bók sinni um sögu Mjólkurskólanna / Ókeypis í LANDBÚNAÐARSAFN Íslands / Heimsókn Fornbílafjelags Borgarfjarðar / TÓVINNA á vegum Ullarselsins / ERPSSTAÐIR með íssölu / afurðir frá HÁAFELLI VEITINGASALA & MARKAÐUR á Hvanneyrartorfunni / SKEMMTIDAGSKRÁ kerruferðir, ratleikur, andlitsmálun og leiktæki fyrir börn, TÓNLIST OG SÖNGUR í kirkjunni / keppni í pönnukökubakstri / HÚSDÝR með ungviði til sýnis / og fleira / Allir velkomnir!



Fréttir

Opinbert eftirlit með framleiðslu matjurta:
Færist til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Eftirlit með frumframleiðslu matjurta hefur verið fært frá Matvælastofnun til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Það var gert með breytingu á lögum um matvæli sem tók gildi 1. júní síðastliðinn

Lagabreytingunni er ætlað að einfalda aðstæður fyrir framleiðendur matjurta. Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri á sviði matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun, segir að fyrir 2009 hafi engin ákvæði verið um skráningu eða eftirlit með ræktun matjurta. En með breytingu á lögum um Matvæli árið 2009 hafi ræktendum verið gert skylt að skrá starfsemi sína hjá Matvælastofnun. „Samkvæmt matvælalöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins, sem var innleidd í Evrópu 2002–2004 skal matvælaeftirlit ná til allrar keðjunnar, frá hafi og haga til maga. Þetta þurfti því að laga með því að setja ákvæði um skráningu og eftirlit með ræktun. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga var hins vegar með eftirlit með þeim sem pökkuðu matjurtum.

Ferlið einfaldað

Dóra segir að þegar Matvælastofnun



Sáð fyrir káli á Flúðum. Mynd / smh



Dóra S. Gunnarsdóttir. fór að skoða þessi mál þótti það ekki skynsamlegt að tveir aðilar væru að sinna matvælaeftirliti með ræktendum matjurta. „Meirihluti ræktenda pakkar einnig afurðum sínum í neytendapakkingar og fer heilbrigðiseftirlit með eftirlit með þeirri starfsemi. Til einföldunar lagði Matvælastofnun því til að lögum verði breytt. Varðandi aðrar greinar í frumframleiðslu þá fer Matvælastofnun með eftirlit þar, auk eftirlits með dýraheilbrigði og dýravelferð.“ /smh



Jóhanna Magnúsdóttir á Háafelli mjólkur geiturnar sínar. Mynd / smh

Framleiðsla á kapla-, geita- og sauðamjólk verður starfsleyfis skylt – gert til að skýra og jafna stöðu framleiðenda

Þann 1. júní sl. tók gildi breyting á lögum um matvæli sem gerir framleiðslu á kapla-, geita- og sauðamjólk starfsleyfis skylda, eins og greint var frá í síðasta Bændablaði. Kjartan Hreinsson, sérgreinaðýralæknir á sviði Matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun, segir að breytingin sé gerð til að skýra og jafna stöðu þeirra framleiðenda sem setja vörur á markað fyrir neytendur. „Áður var gert ráð fyrir að sauðfjár- og hrossarækt væri ekki starfsleyfis skyld. Þar hefur sennilega verið horft til þess að kjöt-afurðirnar færu á markað í gegnum sláturhús sem væru með starfsleyfi. Kúabændur hafa hins vegar alltaf þurft starfsleyfi. Í nýrri mjólkurreglugerð er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um allra framleiðslu á mjólk. En vegna þess að rækt þessara dýra var ekki starfsleyfis skyld, þá var mögulegt að líta svo á í þröngri merkingu að mjólkurframleiðsla væri það ekki. Það myndi þá stangast á við reglur um aðra mjólkurframleiðslu. Auk þess verður óskað eftir að mjólk frá þessum smáframleiðendum fari til starfsleyfis skyldra aðila, svo sem mjólkurbúa, ísgerða, ostagerða, til framleiðslu. Þau mega

hins vegar ekki taka við mjólk nema framleiðsla hennar sé undir eftirliti,“ segir Kjartan. **Ekki starfsleyfi vegna sauðfjár- eða hrossaræktar** Ekki verður hins vegar krafist sérstaks starfsleyfis af bændum sem ætla einungis að stunda hefðbundna sauðfjár- og hrossarækt án mjólkurframleiðslu. Þeim ber hins vegar eins og áður að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst. Kjartan segir að örfáir aðilar stundi nú mjólkurvinnslu á kapla, geita- og sauðamjólk. „Þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar í hverjum landshluta. Helst er þetta framleiðsla á sauða- og geitamjólk, sem þó er breytilegt milli ára. En við höfum einnig fengið fyrirspurnir um kaplamjólk. Við gerum frekar ráð fyrir að þessum fyrirspurnum muni fjölga. Á lista Matvælastofnunar yfir samþykktar starfsstöðvar er enginn sem framleiðir sauða-, geita- eða kaplamjólk. Hins vegar hafa nokkrir aðilar verið í þessari framleiðslu og eru undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga,“ segir Kjartan. /smh

Úthlutun á WTO-tollkvóta seinni hluta 2016:

43 tonn af unnum kjötvörum fluttar inn

Samtals bárust fimmtán gild tilboð í tollkvóta vegna innflutnings á nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, smjöri og ostum og eggjum fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2016. Fimm tilboð bárust um innflutning á nautagripakjöti, samtals 56.200 kíló, á meðalverðinu 118 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 630 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 5 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 47.500 kg á meðalverðinu 138 krónur fyrir kílóíð.

31 tonn af svínakjöti

Fjögur tilboð bárust um innflutning á svínakjöti, samtals 31.300 kíló, á meðalverðinu 59 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 270 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 0 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá fjórum fyrirtækjum um innflutning á 31.300 kg á meðalverðinu 59 krónur fyrir kílóíð. Til úthlutunar voru 32.000 kg.

Ekki kom til útboðs á kinda- og geitakjöti

Ein umsókn barst um innflutning á kinda- eða geitakjöti, samtals 30.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 172.500 kíló. **29,5 tonn af alifuglakjöti** Átta tilboð bárust um innflutning á kjöti af alifuglum, samtals 147.500 kíló, á meðalverðinu 309 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 580 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 0 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum



Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 43.000 kílóum af unnum kjötvörum. Mynd / ÁP

um innflutning á 29.500 kíló á meðalverðinu 546 krónur fyrir kílóíð.

59,5 tonn af osti

Þrjár umsóknir bárust um innflutning á smjöri, samtals 17.000 kíló. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 26.500 kíló. Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum, samtals 154.000 kíló, á meðalverðinu 232 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 390 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 11 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 59.500 kíló á meðalverðinu 306 krónur fyrir kílóíð. **37 tonn af eggjum** Þrjú tilboð bárust í tollkvóta vegna

innflutnings á eggjum, samtals 37.000 kíló, á meðalverðinu 20 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 100 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 0 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 37.000 kíló á meðalverðinu 20 krónur fyrir kílóíð. Til úthlutunar voru 38.000 kg.

43 tonn af unnum kjötvörum

Ellefu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, samtals 150.400 kíló, á meðalverðinu 404 krónur fyrir kílóíð. Hæsta boð var 630 krónur fyrir kílóíð en lægsta boð var 0 krónur fyrir kílóíð. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 43.000 kíló á meðalverðinu 568 krónur fyrir kílóíð. /VH

Nýtt Landsmótssvæði stóðst væntingar keppenda, gesta og hesta:
Góð umgengni og ánægðir gestir

Talið er að 7–8.000 manns hafi verið saman komin á Hólum í Hjaltadal um helgina, þar af um 20–25% erlendra gesta. Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri mótsins, segir mótið hafa gengið áfallalaust fyrir sig. „Ég finn mikla gleði og ánægju. Umgengni um svæðið hefur verið virkilega góð og gestir sýna hver öðrum og svæðinu virðingu. Ég er því alsæll.“ Hann segir það hafa komið aðeins á óvart hversu stór hópur gesta hafi valið að búa á mótsvæðinu, í tjaldstæðum eða í húsnæði á Hólum. „Það bjuggu um 5.000 manns á svæðinu sem er mjög skemmtilegt. Fólk virðist hafa náð að koma sér vel fyrir enda er hægt að sækja í góða þjónustu á svæðinu, hér er frábær matur, sturtur og stutt í sundlaug.“ Þá reyndist keppnissvæðið, vellir og aðbúnaður hrossanna mjög vel að sögn Áskels Heiðars. „Hér hefur fólk lagt nótt sem nýtan dag síðustu mánuði við að byggja upp vellina og þekkir þá því vel. Þau hafa brugðist við ausandi rigningu í byrjun vikunnar sem og bakandi sól þar á eftir. Vellirnir hafa þolað það álag sem fylgdi fyrstu dögnum og við heyrum frá knöpum að þeir hafi reynst vel. Þá var hér fyrir góð aðstaða fyrir hrossin á húsum og hólf utandyra. Ég vona því að sem flestum hafi líðið vel, bæði mönnum og hrossum.“ Áskell Heiðar er ánægður með þá



Áskell Heiðar er að vonum ánægður með vel heppnað mót og glæsilega uppbyggingu á Hólum. Mynd / GHP

uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Hólum og segir háskólann nú vera búinn öflugum heimavelli sem hægt verður að nýta allt árið. „Mér fannst mjög skynsamlegt að bæta þessu keppnis- og kynbótasvæði við þann góða grunn sem var hér fyrir. Svæðið verður í fullri notkun skagfirskra hestamanna í hinu nýja sameinaða hestamannafélagi ásamt því að vera heimavöllur skólans og fagmennskunnar. Einn frægur hrossaræktandi varpaði því fram að við ættum að útnefna þetta svæði þjóðarleikvang íslenska hestsins. Mér finnst það fin hugmynd.“

Framkvæmdastjórinn hefur haft í nógu að snúast á undanförunum vikum en Áskell Heiðar segist hafa haft gaman af verkefninu. „Flækjustig framkvæmdarinnar var nokkuð hátt. Hér hefur þurft að hugsa bæði um aðbúnað manna og hesta. Þá er mótið tæknilega flókið auk þess að vera að máta það inn á nýtt svæði. Þetta hefur verið rosalega gaman og ég hef kynnst skemmtilegu fólki og allt í kringum þetta hefur verið frábært starfslið sem lagði sig verulega fram við að leysa allt sem upp kom. En ég viðurkenni að ég verð mjög kátur að leggjast á koddann að móti loknu.“ /GHP

Keflavík Reykjavík Akureyri



Bókaðu núna
airportexpress.is



Your Iceland Tour Expert

Daglegar brottfarir til 30. september 2016

Tímatafla

AH300 Keflavík – Akureyri		AH301 Akureyri – Keflavík	
Keflavík	17:00	Akureyri	23:15
Reykjavík	17:45	Varmahlíð	00:25
Borgarnes	18:45	Blönduós	01:05
Staðarskáli	19:50	Staðarskáli	02:00
Blönduós	21:00	Borgarnes	03:10
Varmahlíð	21:40	Reykjavík	04:10
Akureyri	23:00	Keflavík	05:00

Verð

Fullorðnir (18+)	Frá/Til Reykjavík	Frá/Til Keflavík
Reykjavík		2.100 kr
Borgarnes	2.500 kr.	4.500 kr
Staðarskáli	5.000 kr.	7.000 kr
Blönduós	7.000 kr.	9.000 kr
Varmahlíð	8.000 kr.	10.000 kr
Akureyri	9.000 kr.	11.000 kr

Öll verð með 11% virðisaukaskatti

- WIFI um borð
- Hallanleg sæti
- Lengra bíl á milli sæta
- Færanleg sæti
- Salerni um borð
- Frítt fyrir 11 ára og yngri
- 50% afsláttur fyrir 12–17 ára

AIRPORTEXPRESS aðeins **2.100 kr**

Brottfarir tengdar öllu áætlunarflugi til og frá Keflavíkurflugvelli.
Brottfarir frá Holtagörðum og Mjódd í Reykjavík.

Reykjavík
Keflavík

Nánari upplýsingar

Tel. +354 540 1313 | iceland@grayline.is | grayline.is | airportexpress.is



Bændablaðið

— Málgagn bænda og landsbyggðar —

Ritstjóri: Tjörvi Bjarnason (ábm.) tjorvi@bondi.is og Hörður Kristjánsson hk@bondi.is — **Sími:** 563 0339 — **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is — **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is — Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is — Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is — **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is — **Sími:** 563 0303 — **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is — **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is — **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið — Prentun: Landsprent ehf. — Upplag: sjá forsiðu — Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Sigur í dagsins leik

Gleðin og jákvæðnin er sannarlega sterkt afl. Það sáum við skýrt og greinilega síðustu vikur þegar íslenska landsliðið í knattspyrnu gerði garðinn frægan í Frakklandi. Sannkölluð hamingjubylgja reið yfir landið þegar Austurríkismenn féllu í valinn á lokasekúndum leiksins og ekki var gleðin síðri þegar Englendingar voru slegnir út nokkrum dögum síðar. Þar var náð hefnudum fyrir öll þorskastríðin, hryðjuverkalög Gordon Brown og Icesave á einu bretti. Þúsundum Íslendinga rann blóðið til skyldunnar og reyndu allt hvað þeir gátu til þess að fara utan til að berja goðin augum. Mögulega mestu fólksflutningar frá tímum móðuharðindanna. Ekki voru allir jafn heppnir í viðskiptum sínum við miðasala og einhverjum fannst flugfélögin heldur frek til fjörsins þegar farmiðar ruku upp í verði nokkrum mínútum eftir að dómarinn flautaði Englandsleikinn af. Ég hitti starfsmann í banka á dögnum sem sagði að nú væru allir yfirdrættir skrúfaðir í botn hjá landanum. Símalínurnar loguðu þegar fólk í sigurvímu bað um framlengingu eða „örlítla“ hækkun á heimildinni. Eins og Íslendinga er háttur segjum við einfaldlega „þetta reddast“ og greiðum síðar með taktföstum afborgunum til næstu tólf mánaða eða svo. HÚH!

Það er allt hægt

Gleðigjafarnir í landsliðinu sönnuðu rækillega fyrir okkur að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Ef maður hefur trú á sjálfum sér og verkefninu eru líkurnar meiri að vel takist til en ekki. Þetta sjáum við svo víða — bæði í leik og starfi. Þeir sem njóta raunverulegrar velgengni hafa yfirleitt unnið til þess með seiglu, heiðarleika og vinnusemi en ekki síður með jákvæðu hugarfari. Fólk með bros á vör og jákvæða afstöðu til lífsins á auðveldara með að láta hlutina ganga upp. Það getur varla einfaldað hin daglegu verk ef menn ganga álútir og önuagir inn í daginn, með flest á hornum sér og tuðandi yfir öllu mögulegu. Raunsæi og hreinskilni að hætti skógarbóndans Lars „Lasse“ Lagerbäck, ásamt galsakenndu fasi Eyjamannsins Heimis Hallgrímssonar, er málið.

Bændur segja allt gott

Fyrir nokkrum misserum hófu Bændasamtökin að nota slagorðið „Bændur segja allt gott“ í sínu kynningarstarfi. Tilgangurinn er að gefa þau skilaboð að bændur líti björtum augum til framtíðarinnar. Það er svo miklu auðveldara að eiga samskipti við aðra á jákvæðu nótunum frekar en að mála skrattann á vegginn með kvarti og kveini. Á Facebook-síðu Bændasamtakanna má þessa dagana sjá stutt myndbönd með örsögum úr sveitinni þar sem bændur leyfa áhorfandanum að skyggjast inn í sín daglegu störf.

Jákvæðni magnar líka upp hugmyndir og er vítamínsprauta til góðra verka. Frumkvöðlar í bændastétt, sem við höfum horft á síðustu ár slá í gegn í ferðaþjónustu eða með aukinni tæknivæðingu á búum sínum, væru ekki komnir svona langt nema fyrir óbilandi trú á landbúnaðinn. Eg gæti nefnt nokkur nöfn en við þekkjum öll þetta fólk — bændurna í sveitinni sem eru öðrum gott fordæmi með verkum sínum og jákvæðri breytni.

Tileinkum okkur gleðina og tökumst á við verkefnin fram undan með bros á vör. Það er svo miklu sigurstranglegra.

/TB

Það sem við höfum

Sigurður Eypórsson

frkv.stj. Bændasamtaka Íslands
sigey@bondi.is



er öryggisatriði fyrir ferðamenn, ekki síst á veturna, að búseta sé um landið allt. Sú mikla þjónusta sem bændur veita ferðamönnum um sveitir landsins byggir á þeirri kjölfestu sem liggur í atvinnustarfsemi landbúnaðarins.

Nýjar forsendur eru að skapast ótrúlega víða fyrir atvinnu í sveitum landsins, nýsköpun og þróun í vöru og þjónustuframboði svo og eftirsóttum upplifunum fyrir ferðafólk jafnt sem landsmenn alla. Sjálfbærni, staðbundin sérstaða og sterk tenging við náttúru, heilsu og hollustu eru mikilvægir áherslupættir sem ferðaþjónusta og landbúnaður hafa sameiginlega hagsmuni af að rækta og efla í gagnkvæmu samstarfi.

Landbúnaðurinn og ferðaþjónustan hafa tekið höndum saman um verkefnið „Sumarilmur“ nú í sumar til að efla þessi tengsl og undirstrika að greinarnar hafa mikla þýðingu hvor fyrir aðra.

Aðstæður til að þróa enn öflugri landbúnað

Landbúnaðurinn sjálfur býr við margvíslega sérstöðu sem er eftirsóknarverð. Íslendingar eru í þeirri stöðu að eiga verðmætt ræktunarland, nóg af vatni og þekkingu til þess að nýta landsins gæði. Hér eru því aðstæður til þess að þróa enn öflugri landbúnað.

Á Íslandi er við lýði opinber landbúnaðarstefna sem endurspeglast meðal annars í samningum sem ríkisvaldið gerir við bændur. Í grunninn eru markmið hennar að tryggja landsmönnum heilnæm matvæli í hæsta gæðaflokki á sem hagstæðustu verði. Landbúnaðinum er einnig ætlað að uppfylla ströng skilyrði um aðbúnað og velferð dýra, auk þess að tryggja byggð og atvinnu í sveitum landsins.

Neytendur gera æ ríkari kröfur til matvæla, t.d. um hreinleika, lágmörkun lyfjagjafar, gæði og ferskleika og velferð dýra. Í íslenskum landbúnaði hefur verið unnið að því að mæta þessum kröfum. Hann stendur vel að vígi til þess að mæta þeim í flestum greinum en talsvert skortir á rannsóknir og vottun til þess að staðfesta þessa stöðu með alþjóðlegum samanburði.

Notkun sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta sem þekkist í Evrópu. Í þeim löndum sem hvað mest er flutt inn af kjöti til Íslands, eins og Spáni og Þýskalandi, er notkun sýklalyfja með því mesta í álfunni. Þetta byggir á stefnu sem bændur mótuðu sjálfir árið 1985. Vaxtarhvetjandi hormónar eru ekki leyfðir í íslenskri landbúnaðarframleiðslu, samkvæmt ákvörðun sem tekin var fyrir um hálfri öld síðan. Grænmeti er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, hreinu vatni, rafmagni og jarðhita. Öll lýsing og hitun húsa í svína- og kjúklingaframleiðslu er með hreinni orku. Það er minna umhverfisfótspor fólgið í því að framleiða vöru sem næst markaðnum heldur en að flytja hana inn.

Bændur hafa kallað eftir því að innfluttar landbúnaðarvörur beri merkingar sem upplýsi almenning um mikilvæg atriði eins og lyfjanotkun, aðbúnað og fleiri þætti sem eru mikilvægir í huga fólks. Eins og staðan er nú er ógjörningur að nalgast upplýsingar um lyfjanotkun við framleiðslu þeirra matvæla sem eru til sölu í verslunum hérlandis. Jafnvel uppruni varanna sjálfra er í besta falli óljós.

Ísland hefur verið laust við nær alla alvarlega búfjársjúkdóma og náð góðum árangri í baráttu gegn matarsýkingum. Sá árangur er ekki sjálfgefinn og hefur meðal annars náðst vegna þess að innflutningur á hráu kjöti hefur verið takmarkaður og vegna virkra sóttvarna á öðrum sviðum.

Fleira mætti telja. Vissulega er oft ágreiningur um landbúnaðarstefnuna hérlandis og svo verður vafalítið áfram. En við skulum muna eftir því sem við höfum og þeim verðmætum sem í því felast.

Ísland er land þitt



Mynd / Áskell Þórisson

Heyskapur í Önuðarfirði

Önuðarfjörður liggur milli Dýrafjarðar og Súgandafjarðar á norðanverðum Vestfjörðum. Þorpið Flateyri er norðanmegin fjarðarins sem er um 20 km langur og 6 km breiður í mynni en mjókkar mjög er innar dregur. Há fjöll eru til beggja handa, flest 600–700 metra há með mörgum hvössum brúnum og hyrnum. Undirlendi er talsvert fyrir fjarðarbotninum og víða ganga smádalir, sumir byggðir, inn á milli fjallanna við fjörðinn. Þeir eru flestir vel grónir. Í Önuðarfirði eru fjórir bæir með sama nafni, heita Kirkjuból, og mun slíkt einsdæmi í nokkurri einstakri byggð á landinu.

Líf og starf



Feðgarnir Gunnar og Valgeir á Smáragrund.

Mynd / RA

Jökuldælingar í daglegu lífi

Þann 20. júní síðastliðinn var opnuð ljósmyndasýningin Bændur á Jökuldal á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal. Ljósmyndarinn er Ragnhildur Aðalsteinsdóttir en hún er fædd og uppalin á Vaðbrekku, innst í dalnum. Sýningin hefur yfir sér látaust yfirbragð en fangar á einstakan hátt daglegt líf bænda.

Ragnhildur er búsett í Hafnarfirði en sumarið 2015 ferðaðist hún um sínar heimaslóðir og tók ljósmyndir af bændum. Hún segir þetta vera gamlan draum sem loksins rættist en ljósmyndaáhugið kviknaði strax við 10 ára aldurinn þegar hún fékk sína fyrstu myndavél. Hún tók BA í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri og skellti sér svo í ljósmyndanám til Kanada. Núna starfar hún sem blaðamaður á Vikunni. Ragnhildur segir að þetta verkefni hafi gefið sér tækifæri til að tengjast sveitinni sinni og uppruna að nýju eftir áralanga fjarveru sem sé afar dýrmæt reynsla. Áhersla var lögð á að fanga augnablik í daglegu lífi bændanna og segir hún að þeir hafi tekið sér afar vel, verkefnið hafi verið mjög skemmtilegt og gefandi. Að sjálfsögðu fjölmenntu bændur og búalið á sýninguna en hún verður opin alla daga í sumar frá kl. 8–22. Á Skjöldólfsstöðum er rekin ferðaþjónustan Á hreindýraslóðum en þar var áður heimavistarskóli sem Ragnhildur sótti fyrstu



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir við opnun sýningarinnar.

Myndir frá opnun sýningar / GBJ

ár grunnskólagöngunnar. Ragnhildur segir að Jökuldælingar séu einstaklega skemmtilegir og virkilega gaman að njóta samverustunda með þeim enda glettnir og jákvæðir með



Guðrún á Skjöldólfsstöðum í Rangárlónsrétt á Jökuldalsheiði.

Mynd / RA

eindæmum. Hún er stolt að tilheyra þessari sveit. Alveg óhætt er að mæla með þessari sýningu fyrir þá sem eiga leið um Jökuldalinn.

/GBJ



Ragnhildur ásamt Ingu Birnu Elísdóttur, Lilju Óladóttur og Ásdísi Jóhannsdóttur.



Nafnarnir Aðalsteinn Sigurðsson, núverandi bóndi á Vaðbrekku, og afi hans, Aðalsteinn Aðalsteinsson, faðir Ragnhildar.



Aðalsteinn Aðalsteinsson, bróðir Ragnhildar, Vilhjálmur Snædal og Sigfús Guttormsson.

MÆLT AF MUNNI FRAM

157

Í síðasta vísnaþætti birtust vísur **Björns Ingólfssonar** frá hagyrðingasamkomu **Karlakórs Eyjafjarðar** í mars sl. Þar spurði stjórnandinn **Björn**, hvern úr hagyrðingahópnum hann kysi til að dæma kvenlega fegurð í kjöri fegurðardrottningar Íslands. **Björn** forsómaði hagyrðingana en valdi þess í stað **Stefán Vilhjálmsson**, einn rómaðasta kjötmatsmann íslenskra sauðfjárbænda:

Mistakast okkur mun með sanni matið á hinu fagra kyni. Í þetta treysti ég engum manni öðrum en Stefáni Vilhjálmssyni.

Hvað finnst **Birni** um þann geysilega ferðamannafjölda sem nú streymir til landsins?

Fagnandi grípum við flækingana í forvitnisskyni sem koma hér, Kínverja, Íra og Ameríkana Ítali og Frakka að leika sér.

Umfram allt skulum að engu flana, einkum í minni hafa ber vandlega að plokka af þeim peningana og passa að þeir skiti ekki hvar sem er.

Birgir innti **Björn** álitis á því hvernig sölu- mann hann teldi **Árna Geirhjört** vera?

Signum fiski, hákarl' og hamsatólk harðfiski í alls kyns pökkum, stærri og minni treður hann upp á ótrúlegasta fólk með ísmeygilegri tungulipurð sinni.

Og þegar spurt var um frækileg læknis- afrek þeirra **Hjálmars Freysteinssonar** og **Péturs Péturssonar** þá orti **Björn**:

Það er að fréttu af þessum tveim - og þar er ég ekki að plata - að hreyknastir séu þeir af þeim þremur sem fengu bata.

Síðan var **Björn** spurður hvort þeirra hann kysi til forseta, **Donald Trump** eða **Hillary Clinton**?

Hér er, Birgir, ekki um gott að gera, grundað hef ég málið alveg helling. Niðurstaðan: Hvorki vil ég vera vitleysingur eða snobbuð kelling.

Lokavísa **Björns** þetta kvöld var þessi vísa:

Hagyrðingar sem hent var á pall voru helvíti glaðir í framan og ánægðir með það sem út úr þeim vall en ekki var það nú gaman.

En **Björn** fékk líka að flytja sitthvað æt- legt úr eldri kveðskap sínum. Sú fyrsta ort á sauðburði á Grund hjá **Þórarni** tengda- syni hans, en þar sinnir **Björn** „yfirsetu“ hvert vor:

Til fjalla þær bráðum brokka og bjóða af sér góðan þokka þegar bithaginn grær goltóttar ær með augnskugga og eyrnalokka.

Með hækkandi sól orti **Björn** þann 15. mars sl.:

Sólin á himninum hækkaði um fet þá hitnaði af fögnuði jörðin, en skaflinn í brekkunni bölvaði og grét og bráðnaði og hvarf oní svörðinn.

Á morgungöngu eftir þorrablot:

Sennilega sofa flestir sofa jafnvel lengi enn og allir þeirra góðu gestir gamalkunnir timburmenn.

Fyrir margt löngu sendi **Björn** tengdaföð- ur sínum, **Friðbirni Guðnasyni**, þessa afmælisvísu:

Náttúran syngur sólskinsbrag síst gerist þörf að kvabba. Ætlar að gera sér dælt í dag Drottinn við tengdapabba.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Sveitamarkaður og gleði

Laugardaginn 16. júlí verður Kjósinn opnuð fyrir gestum og gangandi undir kjörorðinu „Kátt í Kjós“. Er þetta í tíunda sinn sem efnt er til opins dags í sveitarfélaginu. Kátt í Kjós hefur tekist með miklum ágætum og fleiri þúsund manns hafa sótt Kjósina heim á þessum árum.

Kátt í Kjós er dagur þar sem íbúar, fyrirtæki og félagasamtök í Kjósinni taka höndum saman og bjóða öllum sem vettlingi geta valdið í heimsókn til að fá að sjá og upplifa allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Í ár verður hinn vinsæli sveitamarkaður utandyra við Félagsgarð og þar verður til boða vörur úr sveitinni, matvara og handverk. Inni í Félagsgarði verður aftur á móti kaffihúsastemning að hætti kvenfélagsins og þar geta gestir setið í rólegheitum, notið veitinganna og spjallað. Úti á velli verður ýmislegt skemmtilegt fyrir börnin.

Fjölmarginir áhugaverðir staðir verða opnir og bjóða gesti velkomna. Allar frekari upplýsingar um viðburði Kátt í Kjós má finna á vefsíðunni www.kjos.is



Fulltrúar landbúnaðar og ferðaþjónustu innsigla samstarfið um „Sumarilmur“. Frá vinstri: Steinþór Skúlason frá SS, Grímur Sæmundsen og Helga Árnadóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Sævar Skaftason frá Ferðaþjónustu bænda.

Samstarfsverkefni ferðaþjónustu og landbúnaðar:

Sumarilmur

Ferðaþjónustan og landbúnaðurinn hafa tekið höndum saman og sett af stað leik sem fagnar sumarilminum í sínum ólíku myndum. Auglýst er eftir myndum sem fanga sumarstemninguna og lýsa samspili ferðaþjónustu og landbúnaðar.

Myndir munu birtast á sumarilmur.is og í hverri viku verður sú mynd valin sem best þýkir fanga anda sumarsins í sveitum landsins. Sá sem á mynd vikunnar fær glæsileg verðlaun. Á meðal vinninga eru gisting og afþreying innanlands og alls kyns upplifun tengd mat. Vinningshafar verða kynntir á Rás 2 og þeir fengnir til að segja frá sögunni á bak við myndina.

Sumarilmur er samstarfsverkefni samtaka ferðaþjónustunnar, samtaka bænda og fyrirtækja í landbúnaði 2016. Í verkefninu er sjónum beint að þeirri fjölbreytilegu grósku sem einkennir landbúnað og ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta hefur á skömmum tíma orðið einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar. Vöxtur hennar hefur skipt sköpum fyrir bættan hag þjóðarþúsins og aukinn kaupmátt almennings.

1,7 milljónir ferðamanna þurfa mikið að borða

Um 1,7 milljónir ferðamanna munu sækja Ísland heim í ár. Gjaldveyrstekjur vegna þeirra eru áætlaðar allt að 1,5 milljarðar króna á dag. Ekki er síður mikilvægt að tekjur myndast víða um land þar sem aðrir möguleikar eru takmarkaðir.

Í ár er neysla erlendra ferðamanna á innlendri matvöru talin verða um 22 tonn á dag. Þessi viðbót stækkar innlandan markað og eykur tekjur

af innlendum landbúnaði. Neysla á innlendri matvöru, kjöti, fiski og grænmeti er órjúfanlegur hluti af upplifun ferðamanna og þeim gæðum sem Ísland hefur fram að færa. Landbúnaður skapar því hluta af því virði sem ferðaþjónustan byggir á.

Bændur bjóða fjölbreytta afþreyingu

Ferðaþjónusta bænda býður 180 gististaði, sveitahótel, bændagistingu og bústaði víða um land sem gefa ferðamönnum kost á nálægð við búskap og húsdýr sem mörgum er framandi en um leið mjög áhugaverð. Bændur bjóða ferðafólki margs konar afþreyingu sem hundruð þúsunda nýta sér og má nefna hestaferðir og aðgang að veiði auk sölu á ýmiss konar heimagerðum varningi og sveitakrásum. Bændur eru vörslumenn landsins og sinna ræktun og uppgræðslu. Það er öryggisatriði fyrir ferðamenn, ekki síst á veturna, að búseta sé um landið allt. Sú mikla þjónusta sem bændur veita ferðamönnum um sveitir landsins byggir á þeirri kjölfestu sem liggur í atvinnustarfsemi landbúnaðarinnar.

Nýjar forsendur eru að skapast ótrúlega víða fyrir atvinnu í sveitum landsins, nýsköpun og þróun í vöru og þjónustuframboði svo og eftirsóttri upplifun fyrir ferðafolk jafnt sem landsmenn alla. Sjálfbærni, staðbundin sérstaða og sterk tenging við náttúru, heilsu og hollustu eru mikilvægir áherslupættir sem ferðaþjónusta og landbúnaður hafa sameiginlega hagsmuni af að rækta og efla í gagnkvæmu samstarfi, segir í tilkynningu frá aðstandendum Sumarilms.

Ný skýrsla um stöðu nautakjötsframleiðslunnar á Íslandi og framtíðarmöguleika:

Auka þarf arðsemi með bættum eldisaðferðum og auknum fallþunga

Í júnímánuði síðastliðnum var birt skýrsla sem fjallaði um stöðu nautakjötsframleiðslu á Íslandi og framtíðarmöguleika hennar. Í kaflanum um leiðir til að auka framleiðslu ungnautakjöts við núverandi aðstæður er lögð áhersla á að bæta framlegð af ungnautakjötsframleiðslu – en þar er talið vera mikið svigrúm.

Höfundur skýrslunnar er Þóroddur Sveinsson, lektor í auðlindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl), en hún er unnin fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið samkvæmt samningi við Lbhl og með tilliti til nýsamþykktar lagabreytinga og reglugerðarsetningar vegna innflutnings á erfðaeftni holdanauta.

Í lokaorðum skýrslunnar er þess getið að ný lög sem heimila innflutning á erfðaeftni holdanauta muni ekki setja mark sitt á nautakjötsframleiðsluna fyrr en eftir um sex til átta ár. Í skýrslunni sé hins vegar lögð áhersla á lýsingu á núverandi stöðu og þeim möguleikum sem séu fyrir hendi.

Meiri arðsemi með bættum eldisaðferðum

Í ágripi kemur fram að niðurstaða skýrslunnar sé að bændur í eða utan við mjólkurframleiðslu geti náð mun meiri arðsemi í ungnautakjötsframleiðslunni með bættum eldisaðferðum. Grunnurinn að því sé eftirfarandi:

- „Markviss nákvæmnisfóðrun út eldistímann sem byggir á ódýrum hágæða heyjum og kjarnfóðri sem passar við þarfir gripanna. Á þessu er mikill skortur hjá mörgum bændum.



Kjöttvinnsla í Langholtskoti.

Mynd / smh

- Góðum aðbúnaði sem fylgir að lágmarki núverandi reglugerð um velferð nautgripa (Nr. 1065/2014) og góðu eftirliti með ástandi og heilbrigði þeirra. Þetta er þáttur sem enn má bæta verulega hjá mörgum bændum.
- Aukin alhliða fagmennska í kjötelldi, við fóðuröflun og í rekstri.
- Auka fallþunga ungnauta úr 230 kg (núverandi meðalþungi) í 300 kg að því gefnu að fylgt sé ofangreindum ráð-leggingum.

Menntun nauðsynleg

Nauðsynlegt er að bændur fái leið-

sögn og kennslu í öllum þessum þáttum í þeim tilgangi að bæta framlegð nautakjötsframleiðslunnar á Íslandi og til að geta mætt betur aukinni samkeppni að utan. Nú er nýlengi stórra eldistilraun hjá Lbhl sem hafði það markmið að mæla fóðurþörf og vaxtarhraðagetu (kg/dag) íslenskra nauta. Þessi tilraun, ásamt eldri tilraunum Lbhl, leggur grunninn að ítarlegum leiðarvísi og nýju kennsluefni í kjöteldi fyrir íslenska bændur,“ segir í ágripi skýrslunnar.

Skýrslan er aðgengileg á vef Landbúnaðarháskóla Íslands: <http://www.lbhl.is/allar-frettir>. /smh

Borið hefur á dýrallyfjaskorti í landinu:

Skortur á sýklalyfjum og bóluefni fyrir sauðfé

Skortur á tilteknum dýrallyfjum hefur verið í landinu að undanfögnu. Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að ástandið hafi sérstaklega verið slæmt varðandi sýklalyf, en einnig hefur skort bóluefnið Tribovax, en það er sauðfjárbóluefni.

Að sögn Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, fagsviðsstjóra á sviði dýraheilbrigðis- og velferðar hjá Matvælastofnun, er þetta bóluefni fjölþætt sem fullorðnar ær eru bólusettar með fyrir sauðburð til að verja lömbin fyrir lambablóðsött. Bóluefnið virki einnig sem vörn gegn garnapest, bráðapest og stífkrampa. Því kom skorturinn sér illa í sauðburðinum í vor.

Kristín segir að henni sé ekki kunnugt um að skorturinn hafi valdið bændum búsigfum og bendir á að í mörgum tilfellum hafi verið hægt að nota önnur lyf í staðinn fyrir þau sem skort hefur. „Þetta er ekki eina bóluefnið sem til er á Íslandi gegn þessum sjúkdómum. Má nefna að bóluefni gegn lambablóðsött, garnapest og bráðapest er framleitt á Keldum,“ segir hún og vísar að öðru leyti á Lyfjastofnun varðandi birgðastöðu lyfjanna.

Jóhann M. Lenharðsson, sviðstjóri skráningarsviðs Lyfja-



stofnunar, segir að það sé rétt að taka fram að Lyfjastofnun skráir ekki dýrallyf að eigin frumkvæði. „Umsóknir um markaðsleyfi verða að koma frá viðkomandi lyfjafyrirtæki. Lyfjastofnun beitir sér hins vegar fyrir því að fyrirtækin sækji um íslenskt markaðsleyfi fyrir þau dýrallyf sem þörf er fyrir hér á landi. Það hefur gengið eftir í mörgum tilvikum en leysir ekki úr öllum skorti sem upp kemur.

Mikilvægt að upplýsa um skortinn

Lyfjastofnun leggur mikla áherslu á að markaðsleyfishafar og umboðsmenn upplýsi viðskiptavinina um skort og skýringar á skorti. Biðlistar á vefsíðum lyfjaheildsala eru uppfærðir daglega og þar eru

upplýsingar um hvenær lyf er væntanlegt, ef slíkar upplýsingar liggja fyrir.

Almennt má segja að skortur á ýmsum skráðum sýklalyfjum nú stafi af vandamálum sem komu upp í verksmiðju þar sem virk innihaldsefni eru framleidd. Þetta hafði þær afleiðingar að skortur á lyfinu sjálfu kom upp í mörgum löndum. Misjafnt er milli landa til hvaða ráðstafana þurfti að grípa. Lyfjastofnun, rétt eins og systurstofnanir á hinum Norðurlöndunum til dæmis, hefur veitt undanþágur til sölu sumra lyfja, að fenginni staðfestingu á gæðum þeirra. Það hefur leyst hluta vandans. Um dýrallyf rétt eins og mannallyf gildir að þegar skráð lyf fást ekki kemur til kasta svokallaðs undanþágulyfjakkerfis. Það hefur verið virkjað til að mæta skorti á sumum skráðum sýklalyfjum á þessu ári, t.d. Engemycin og Penovet. Í öðrum tilvikum virðist sem skortur á tilteknu bóluefni handa sauðfé hafi verið svo víðtækur að ekki hafi tekist að leysa hann með undanþágukerfinu. Samkvæmt upplýsingum Lyfjastofnunar hafa ýmis önnur lönd í Evrópu glímt við svipaða stöðu,“ segir Jóhann. /smh



Starfsmaður óskast í Reykjavík

AB varahlutir óskar eftir að ráða til sín starfsmann í verslun eða á lager.

Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, áfylling og fleira.

Hæfniskröfur:

- Stundvísi og áreiðanleiki
- Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund
- Gott skipulag
- Íslensku og enskukunnátta skilyrði

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@ab.is fyrir 21.júlí



PERUZZO FYRIR BÆNDUR



CANGURO PRO 1600 SLÁTTUVAGN

Sláttuvagn til að slá og gefa grænfóður innanndyra
Hentar einnig til að halda hreinu kringum bæinn
Slær 160cm og tekur 1900 lítra í graskassann



Askalind 4, Kópavogi
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Varahlutir

Útvegum varahluti í flestar gerðir vörubíla og vinnuvéla



Útvegum varahluti í flestar gerðir vörubíla og vinnuvéla, nýja, endurbyggða og notaða, undirvagnshluti, tennur, skera, bolta, olíuverk, spissa, mótör- og skiptinga varahluti, stjórnstólur, nýjar og endurbyggðar. Hafið samband við sölumenn Vinnuvéla og við leysum málið.



Vinnuvélar

Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Heyrðu nú!

Heyrnarhlífir sem vernda heyrnina um leið og þú hlustar á útvarpið.

Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is



allt fyrir öryggið



HANDVERKSHÁTÍÐ OG LANDBÚNAÐARSÝNING

Hrafnagili EYJAFJARÐARSVEIT

4. - 7. ÁGÚST 2016

skar tgripir
keramik
textíll
prjónavara
snyrtivörur
barnaföt
tréskurður
nytjalist

Fimmtudagur
föstudagur
laugardagur

kl. 12-19

Sunnudagur

kl. 12-18

LANDBÚNAÐARSÝNING
MATARHANDVERK
HÚSDÝRAGARÐUR
KVÖLDVAKA

Fréttir

SAH Afurðir vilja brenna eigin sláturúrgang: Lágmarkar þörf fyrir flutninga og stórar brennslustöðvar

SAH Afurðir á Blönduósi stefnir að því að setja upp búnað við sláturhús sitt á Blönduósi, brennsluofn sem komið verður fyrir í gámi og er ætlaður til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum. Búnaðurinn verður eingöngu notaður til brennslu sláturúrgangs sem til fellur hjá fyrirtækinu, allt að 250 tonnum á ári.

Drög að breyttum starfsleyfis-skilyrðum fyrir sláturhús SAH á Blönduósi vegna starfrækslu brennsluofnsins liggja frammi á skrifstofu Blönduósbæjar og á vef Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Þeir sem telja sig málið varða geta sent inn athugasemdir til heilbrigðiseftirlitsins og þurfa þær að berast fyrir 20. júlí næstkomandi. Skipulagsstofnun hefur þegar gefið samþykki sitt fyrir uppsetningu á búnaðinum.

Fram kemur í greinargerð Skipulagsstofnunar að búnaðurinn verður á skipulögðu iðnaðarsvæði og krefst uppsetning hans ekki sérstakra framkvæmda. Auðvelt er að setja búnað af þessu tagi á lóð fyrirtækja, við sveitabæi eða á öðrum þeim stöðum þar sem úrgangur fellur til. Þannig er hægt að brenna úrgang sem til fellur á staðnum og lágmarka þannig flutninga og þörf fyrir stórar brennslustöðvar eða urðunarstaði.

Lítill sem engin mengun né ónæði

Telur stofnunin að mengun frá útblæstri frá ofninum verði lítill sem



og ónæði af völdum hans. Veldur þar mestu að umfang afurða til brennslu er fremur lítið, eða undir 250 tonnum á ári, og er eingöngu bundið við þann úrgang sem fellur til hjá sláturhúsi SAH Afurða ehf. Þá telur stofnunin að fyrirhuguð uppsetning á ofninum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar. Áætlað magn í brennslu á sólarhring muni aldrei verða meira en sem nemi 6 tonnum þegar mest lætur. Í stöðinni verði einungis brenndur sláturúrgangur sem til fellur hjá fyrirtækinu, ekki verður tekið á móti úrgangi frá öðrum. Búnaðurinn brennir áhættuvefi við háan hita og í samræmi við kröfur sem gerðar eru í Evrópu.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að mengun frá útblæstri frá brennsluofninum verði lítill sem engin og ónæði af völdum hans sömuleiðis. Þar valdi mesu að umfang afurða sem fara til brennslu er lítið. Hyggist fyrirtækið brenna meira magni eða öðrum úrgangi ber því að tilkynna það til stofnunarinnar. /MÞÞ



Elisabet Axelsdóttir við rannsóknarstörf.

Efnagreining ehf. – Hvanneyri: Móttaka heysýna hafin

Efnagreining ehf. á Hvanneyri er að hefja sína aðra heysýnatörn. Elísabet Axelsdóttir segir að ekki sé annað hægt annað en að gleðjast yfir hve vel bændur tóku þjónustunni frá fyrstu stund.

Alls bárust 1.118 heysýni á síðasta ári sem var umfram björtustu vonir. Fjármögnun fyrirtækisins tók aftur á móti lengri tíma en búist var við og það setti undirbúning í nokkurt uppnám og minnkaði það svigrúm sem þurfti til þróunar og endurbóta mæliaðferða.

Allt nýtt

„Við hófum törnina í fyrra með allt, húsnaði, tæki, búnað og mannskap að nokkru leyti. Þetta krefst samstillingar ótal þátta og það mátti því teljast bjartsýni að ætla að mæla meltanleika, prótein og tréni með NIR-tækni með þann stutta þróunartíma sem við höfðum til umráða frá því aðstaðan var tilbúin og þar til við þurftum að mæla fyrstu sýni,“ segir Elísabet.

Fjölbreyttar efnagreiningar

„Auk NIR-greininganna þurfti að koma upp fjölda aðferða til svonefndra votmælinga, upplausn sýna og hefðbundnar greiningar. Við ákváðum að

framkvæma mælingar bæði steinefna og snefilfrumefna með massagreini en það er nokkurt nýnæmi. Ögrunin felst í því að mæla með sama tækinu og í sömu mælitörn annars vegar steinefni, sem mælast í prósentum, og hins vegar snefilefni á borð við selen, mólýbden og kóbolt þar sem innihaldið er langt undir milljónasta hluta, meira en hundrad þúsund sinnum lægra. Við erum með fullkomið mælitæki og þetta gekk bara vel. Á miðju tímabilinu gátum við bætt ómeltanlegu tréni (iNDF) við NIR-mælingarnar og klóriði við votmælingarnar, hvort tveggja þættir sem nauðsynlegir eru fyrir NorFor-kerfið. Við erum enn ekki komin með aðferðir til að greina gerjunarþætti (aðra en ammóníum) en stefnum á að geta mælt lífrænu sýrurnar sem fyrst.“

Móttaka heysýna hefst í júlí

Í sumar hefst móttaka Efnagreiningar ehf. á heysýnum í júlí. Til að sýni komist með í fyrstu mælitörn þurfa þau að berast fyrir 15. júlí. Niðurstöður munu berast til bænda fyrir 30. júlí. Móttaka næstu heysýna er 18. ágúst og þeir sem senda sýni fyrir þann dag mega búast við niðurstöðum fyrir lok ágúst. Verð greiningarpakkanna er það sama og á síðasta ári fyrir utan vísitöluleiðréttingu. /VH



Bændur og ráðunautar í akri í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Ib Göttler, deildarstjóri landbúnaðar hjá Kemi, Björgvin Þór Harðarson, bóndi í Laxárdal, Benny Jensen, danskur ráðunautur og Helgi Jóhannesson garðyrkjuráðunautur.

Ráðunautaheimsóknir í íslenska kornakra: Illgresi, blaðsveppur og áburðarskortur – eru meðal mikilvægra viðfangsefna kornræktenda

Dagana 20.–23. júní síðastliðinn var hér á landi Benny Jensen, danskur ráðunautur í kartöflu- og kornrækt. Hann hefur um árabil skoðað garða hjá kartöflubændum hér á landi, metið stöðuna og ráðlagt um aðgerðir og úrbætur.

Að sögn Eiríks Loftssonar, ábyrgðarmanns í jarðrækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, var að þessu sinni ákveðið að fá Benny einnig til að skoða kornakra á völdum stöðum en ekki er hefð fyrir því hér á landi að skoða þá með skipulegum hætti á þessum tíma sumars. Hann segir kornið hafa víðast hvar farið vel af stað í vor og ef skilyrði til sprettu verða hagstæð áfram og ekki koma áföll – eins og ótímabær næturfrostr eða stórviðri – séu líkur á ágætri uppskeru.

Magn illgresis metið og hættan á blaðsveppi

„Ástæða er til að ætla að fljótlega eftir að spretta hefst í ökrunum þurfi að meta magn illgresis og hættu á blaðsveppi og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem það á við. Eins getur sums staðar þurft að bregðast við árferði og tíðarfari með því að auka áburðargjöf. Staðirnir sem farið var á voru valdir þannig að þeir féllu vel að ferðaskipulaginu til kartöflubændanna og tíminn nýttist sem best. Farið var að Þverá í Eyjafjarðarsveit, í Belgsholt og á Mela í Melasveit, í Birtingaholt og á Stóra-Ármót í Árnessýslu og í Gunnarsholt á Rangárvöllum. Bændum og áhugafólki um kornrækt bauðst einnig að koma á flesta þessa staði til að skoða akrana,“ segir Eiríkur.



Augnblettur á byggi.

Ekki byrja jarðvinnslu fyrr en jarðvegur er þurr

„Það sást í þessum heimsóknum að mikilvægt er að byrja jarðvinnslu á vorin ekki fyrr en jarðvegur hefur þornað nægilega en einnig að völtun sé góð ef jarðvegurinn er orðinn of þurr. Jafnframt er mikilvægt að taka jarðvegssýni úr landi þar sem korn er ræktað eða ræktun þess er fyrirhuguð, meðal annars vegna þess að bygg er viðkvæmt fyrir lágu sýrustigi,“ segir Eiríkur.

Hann segir illgresi vera víðast hvar í kornökru og geti orðið vandamál. Magn þess vex hratt á milli ára ef það fær að bera fræ. „Mikilvægt er að hindra að það gerist, því arfafræ til dæmis lifir í jarðvegi í mörg ár. Til að sporna við fjölgun þess þarf að nota varnarefni gegn því eða hafa korn í stykkinu ekki nema eitt til þrjú ár í senn.“

Sveppurinn hverfur úr landi sem hefur verið lokað í túni

„Augnblettur er sveppur sem leggst á blöð plöntunnar og lifir í hálminum milli ára. Hann er að finna í langflestum ökrum, ekki þó þeim sem eru á landi sem er á



Akur með illgresi, bitinn af álft.

fyrsta ári í ræktun. Hægt er að halda honum í skefjum með varnarefnum en hann hverfur úr landinu þegar því er lokað í túni í fáein ár og leifar hálmsins brotna niður.

Eiríkur segir að það sé eitt til viðbótar sem kornræktendur þurfi að vera vakandi fyrir, en það er áburðarskortur. „Hann getur gert vart við sig í korni af ólíkum ástæðum. Í þeim ökrum sem heimsóttir voru mátti finna einkenni skorts á köfnunarefni, fosfór, kalsíum og mangans.

Það er alltaf mikilvægt að áburður sé felldur niður við sáningu á korni. Ef ekki er á sáðvélinni sérstakt hölf fyrir áburð ætti að blanda áburði saman við fræið og fella hann þannig niður með fræinu. Í þurrkatíð getur farið að bera á áburðarskorti, það dregur úr sprettu og plönturnar verða ljósar að lit. Úðun með blaðáburði getur verið lausn við því og viðhaldið eðlilegum vexti plantna. Þegar spretta er hröð geta komið fram merki um manganskort þó svo að nægjanlegan mangan sé að finna í jarðvegi. Hættan á þessu er helst í frekar sendnum jarðvegi og þurrki. Mangan er mikilvægt við ljóstillífum plantna.“ /smh

Skýrsla um Mývatn: Takmarka þarf innstreymi næringarefna

Samstarfshópur um málefni Mývatns hefur skilað skýrslu til umhverfis- og auðlindaráðherra. Í skýrslunni segir að æskilegt sé að takmarka innstreymi næringarefna í vatnið.

Tilgangur samantektarinnar var að aðstoða stjórnvöld við ákvarðanatöku varðandi mögulegar aðgerðir sem geta komið að gagni til að draga úr álagi af mannavöldum á lífríki vatnsins. Samstarfshópurinn setti fram ábendingar sem stjórnvöld geta haft til hliðsjónar varðandi næstu skref.

Í skýrslunni segir að undanfarin tvö ár hafi verið miklir blómar af blá-bakteríum í Mývatni, sem hafa varað

óvenju lengi og hafa neikvæð áhrif á marga þætti í lífríki vatnsins og Laxár. Slæmt ástand vatnsins hefur vakið spurningar um hvort mannlegir þættir, svo sem innstreymi fráveituvatns, eigi þar hlut að máli og hvort hægt sé að bæta þar úr.

Vísindamenn telja að neikvæðar breytingar í lífríki Mývatns bendi til næringarefnauðgunar. Nauðsynlegt sé að draga úr losun næringarefna á borð við fosfór og nitur í vatnið. Bent er á að þegar séu kröfur um slíkt á grundvelli laga um vernd Mývatns og Laxár.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur brugðist við þeim kröfum með því að fá tillögu um hreinsun skólps



Innstreymi næringarefna í Mývatn er líklegasta ástæða bakteríublóma í vatninu. MYND / HHR

frá þéttbýlinu í Reykjavílið, en hefur bent á að slíkar lausnir séu dýrar og að erfitt sé fyrir lítið sveitarfélag að standa undir ströngum kröfum um hreinsun fráveituvatns. /VH

Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið:

Óvissa meðal breskra bænda í kjölfar úrsagnarinnar úr ESB

Bretar samþykktu úrsögn úr Evrópusambandinu í þjóðar-atkvæðagreiðslu sem haldin var seint í júní. 52% þeirra kusu að segja sig úr ESB en 48% vildu vera áfram í sambandinu.

Árið 2015 fengu breskir bændur rúmlega 3 milljarða punda í beina styrki frá Evrópusambandinu. Auk þess sem búið var að eyrnamerkja rúmlega 5 milljarða punda sem átti að nota til að styrkja afskekktar byggðir á Bretlandseyjum til ársins 2020.

Óvissa hjá breskum bændum

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu bresku bændasamtakanna, NFU, fluttu Bretar inn tæplega 40 milljarða tonn af landbúnaðarvörum árið 2014 frá löndum Evrópusambandsins sem er tvöfalt meira en þeir fluttu út til sömu landa.

Haft er eftir Meurig Raymond, formanni National Farmer’s Union (NFU) og bónda í Pembrokeshire, á heimasíðu samtakanna að úrsögninni fylgi mikil óvissa fyrir breska bændur. Hann segir að samtökin munu vinna með breskum stjórnvöldum að því að leysa úr þeirri óvissu og taka þátt í vinnu við nýja samninga sem þarf að gera vegna úrsagnarinnar.

„Bændur munu að sjálfsögðu vilja vita hvaða áhrif úrsögnin mun hafa á starfsemi þeirra og það er okkar skylda að tryggja að réttur þeirra verði ekki skertur þegar kemur að nýjum samningum. Breskur landbúnaður er hornsteinn matvælaframleiðslu í landinu og það verður að standa vörð um hann.“

Markmiðið að tryggja bændum aðgengi að markaði

Raymond segir að markmið NFU verði meðal annars að tryggja sem bestan aðgang fyrir bresk matvæli að mörkuðum ESB. Jafnframt að tryggja aðgang að mörkuðum annars staðar í heiminum og tryggja að innflutt matvæli séu í háum gæðaflokki.

Tryggja þarf að bændur hafi nægan aðgang að vinnuaflí árið um kring en talið er að ríflega 40 þúsund landbúnaðarverkamenn frá löndum Evrópusambandsins séu starfandi í Bretlandi.

Raymond segir að samtökin eigi að vera stefnumarkandi þegar kemur að aðlögun að nýjum aðstæðum og tryggja breskum bændum jafnræði á við bændur í Evrópusambandinu og annars staðar í heiminum.

Bresku bændasamtökin hafa sett á fót ráðgjafarmiðstöð sem ætlað er að vera bændum innan handar, svara spurningum um málefni sem snúa að úrsögninni og afleiðingum hennar.

Pólítískar sviptingar

Miklar sviptingar hafa verið í bresku stjórn máli í kjölfar kosninganna. David Cameron, forsætisráðherra Breta, hvatti landa sína til að vera áfram innan ESB og er niðurstaðan talin mikill ósigur fyrir hann. Cameron sagði af sér embætti í kjölfar kosninganna.

Nigel Farage, leiðtogi breska sjálfstæðisflokksins UKIP, hefur einnig sagt af sér embætti en hann var einn helsti talsmaður þess að Bretar segðu skilið við Evrópusambandið.

Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri London og einn helsti talsmaður úrsagnar Breta úr sambandinu, hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að bjóða sig fram til formanns Íhaldsflokksins í Bretlandi eins og búið var við.

Fyrsta landið til að segja sig úr ESB

Bretland er fyrsta aðildarríki ESB, í 60 ára sögu þess, til að yfirgefa sambandið. Talið er að ferlið sem kosningunum fylgir muni taka að minnsta kosti tvö ár og hafa víðtæk áhrif á samninga Breta við önnur



„Breskur landbúnaður er hornsteinn matvælaframleiðslu í landinu og það verður að standa vörð um hann,“ segir Meurig Raymond, formaður NFU.

lönd og þar á meðal Ísland. Juncker, framkvæmdastjóra Haft er eftir Jean-Claude Evrópusambandsins, á BBC að



Myndir / NFU Online

aðildarlöndin 27 sem eftir eru muni halda sínu striki. Leiðtogar Þýskalands og Frakklands, Angela Merkel og Francois Hollande, segja úrsögn Breta mikið áfall fyrir ESB en að ríkin muni halda áfram samstarfi við Breta þrátt fyrir úrsögnina.

Samkvæmt því sem komið hefur fram á BBC fer andstaða gegn Evrópusambandinu vaxandi í Frakklandi og talið að þjóðar-atkvæðagreiðsla verði eitt af stóru málunum í væntanlegum stjórnarkosningum þar í landi. Verði aðild að ESB hafnað í Frakklandi er talið að Holland muni fylgja í kjölfarið. Þýskaland, Bretland og Frakkland eru þau lönd sem fram til þessa hafa greitt mest í sameiginlega sjóði Evrópusambandsins.

Gengi breska pundsins og hlutabréfa í Evrópu féll talsvert í kjölfar úrsagnarinnar. Pundið hefur haldið áfram að veikjast undanfarna daga. /VH



Heyvinnuvélar til afgangreiðslu strax



BELLIMA 130

Kr. 3.500.000,-

- Byggir á þrautrendir hönnun KRONE rúlluvéla
- Breiðsópur og netbindibúnaður
- Einföld vél. Afþörf frá 35 hó. Vél sem endist



Stakar rúlluvélar



COMPRIMA F125

Kr. 4.000.000,-

- Lauskjarna rúlluvél - baggahólf 125 m x 1,20 m
- EasyFlow breiðsópssvinda 2,15m
- Drop-Floor stíflulosunarbúnaður

Snúningsvélar

KW 5.52/4x7 Snúningsvél - Lyftutengd - 4 stjörnu - 7 arma - Vbr 5,50 m	Kr. 1.195.000,-
KW 5.52/4x7T Snúningsvél - Dragtengd - 4 stjörnu - 7 arma - Vbr 5,50 m	Kr. 1.150.000,-
KWT 8.82/8 Snúningsvél - Dragtengd m/vagni - 8 stjörnu - 6 arma - Vbr 8,80 m	Kr. 2.440.000,-



Rakstrarvélar

Swadro 38 - 1 stjarna - Lyftutengd - Vbr. 3,80 m	Kr. 880.000,-
Swadro 48T - 1 stjarna - Dragtengd - Vbr 4,80 m	Kr. 1.435.000,-



Sláttuvélar

AM 323s - Diskasláttuvél - 8 diska - Vbr 3,20 m	Kr. 1.320.000,-
EasyCut 360 - Diskasláttuvél 8 diska - Vbr 3,60 m	Kr. 1.390.000,-
EasyCut 400 - Diskasláttuvél 9 diska - Vbr 4,00 m	Kr. 1.620.000,-



ATHUGÐ: Takmarkaður fjöldi véla í boði á þessu verði

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts, 24,0%

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Skapti Steinbjörnsson, formaður hestamannafélagsins Skagfirðings, fór fyrir glæsilegri hópreið hundraða hesta og manna á opunarhátíð Landsmóts.

Myndir / GHP

Heimsmet slegið og háir dómar kveðnir upp í Hjaltadal í síðustu viku:

Glæsilegt Landsmót hestamanna

Pótt veðrið hafi ekki beint leikið við gesti og þátttakendur bauð hinn fjöllum lukti Hjaltadalur upp á kynngimagnaða stemningu á 22. Landsmóti hestamanna daganna 27. júní–3. júlí. Um 8.000 manns komu þar saman til að fylgjast með um þúsund íslenskum glæsihrossum í keppni og kynbótadómum.

Þungbúin ský umluktu Hjaltadal flesta keppnisdaga Landsmóts en það hafði lítil áhrif á góða stemningu eða gæði hátíðarinnar. Það var mál manna að mótið hafi verið afar vel heppnað, hvað varðar hestakost, sýningar og aðbúnað manna og hrossa. Var það einróma álit þeirra gesta sem Bændablaðið náði tali af að Hólar í Hjaltadal séu komnir til að vera sem Landsmótsstaður.

Fyrsti keppnisbikarinn fór á loft á föstudeginum þegar Árni Björn Pálsson sigraði í 150 metra skeiði á hryssunni Korku frá Steinnesi. Árni Björn lét þó mikið að sér kveða því um kvöldið varði hann titil sinn í tólti á Stormi frá Herriðarhóli, fékk brons í 250 metra skeiði á Dalvari frá Horni I og var í 2. sæti í æsispennandi úrslitum í B-flokki gæðinga á Loka frá Selfossi.

Bjarni Bjarnason og Hera frá Þórðsstöðum settu heims- og Íslandsmet í 250 metra skeið þegar þau þutu brautina á Hólum á 21,41 sekúndum. Þau bættu fyrra heimsmet um 0,08 sekúndur. Bjarni og Hera hafa verið í fremstu röð skeiðpara um árabíl. Með nýju heimsmeti vörðu þau Landsmóts titilinn í 250 metra skeiði.

Ungir knapar stóðu sig með þryði

Á laugardegi réðust úrslit í öllum flokkum gæðingakeppinnar og 100 metra skeiði auk þess sem bestu kynbótahross landsins voru heiðruð. Í yngri flokkum fóru þrír drengir með sigur af hólmi. Gústaf Ásgeir Hinriksson, í hestamannafélaginu Fákí, vann ungmennaflokk í annað sinn, nú á Pósti frá Litla-Dal. Hafþór Hreiðar Birgisson úr hestamannafélaginu Spretti sigraði unglingaflokk

á hryssunni Villimey frá Hafnarfirði og þá hlaut Léttismaðurinn Kristján Árni Birgisson á Sjéns frá Bringu hæstu einkunn í barnaflokki. Þá reyndist annar ungur knapi, Konráð Valur Sveinsson á Kjarki frá Árbæjarhjáleigu, fljótasti keppandinn í 100 metra skeiði.

Mesta eftirvænting áhorfenda var þó fyrir A- og B-flokka gæðinga. Í B-flokki etja kappi fjórgangshestar og hafði ungur stóðhestur, Nökkvi frá Syðra-Skörðugili, sigur af Loka frá Selfossi sem háði titilvörn sína. Nökkvi er aðeins 8 vetra, undan Aðli frá Nýjabæ og Glampadótturinni Láru frá Syðra-Skörðugili. Hann var sýndur í kynbótadómi á síðasta Landsmóti en er nú að stíga sín fyrstu skref í keppni.

Eyrún Ýr Pálsdóttir vann A-flokk fyrst kvenna

Mótinu lauk á úrslitarimmu alhliða-gæðinga í A-flokki. Stóðhesturinn Hrannar frá Flugumýri II hafði leitt flokkinn í undanrásunum og hélt toppsætinu allt þar til yfir lauk. Hrannar, sem er undan Krafti frá Bringu og heiðursverðlaunahryssunni Hendingu frá Flugumýri, hefur sýnt fram á afburðagetu sína í kynbótadómum á undanförmum árum og var meðal annars hæst dæmda kynbótahross ársins 2012, þegar hann hlaut 8,85 í aðaleinkunn. Knapi hans var Eyrún Ýr Pálsdóttir en Hrannar er úr ræktun fjölskyldu hennar. Eyrún Ýr er fyrsta konan sem vinnur A-flokk gæðinga en auk þess hlaut hún Gregersen-styttuna, en hún er veitt þeim knapa sem þykir bera af hvað varðar þrúðmannlegan klæðaburð og góða hirðingu á hesti. Þess má einnig geta að Hrannar og Eyrún Ýr eru ríkjandi Íslandsmeistarar í fimmgangi.



Landsmótið var mikil uppskeruhátíð fyrir ræktendur ársins, Olil Amble og Berg Jónsson. Um 24% allra kynbótahrossa sem sýnd voru á mótinu eru undan eða út af heiðursverðlaunahryssunni þeirra, Álfadís frá Selfossi. Fjögur afkvæmi hennar komu einnig fram á kynbótasýningum og má hér sjá eitt þeirra, Álfastjörnu, sem hlaut m.a. 9,5 fyrir tölt, hægt tölt og vilja og geðslag.



Nökkvi frá Syðra-Skörðugili skákaði Loka frá Selfossi í æsispennandi úrslitum B-flokks gæðinga. Knapi Nökkva var Jakob Svavar Sigurðsson, sem hlaut enn fremur verðlaun FT fyrir fyrirmyndarreiðmennsku á mótinu.

Áhrifa Álfadísar gætir víða

„Það hefur aldrei verið jafn gaman að vera hrossaræktandi á Íslandi og í dag,“ ómaði um Hóla þegar bestu kynbótahross mótsins stígu á svið í verðlaunaveitingu. Þorvaldur Kristjánsson, hrossaræktarráðunautur og formaður dómnefndar, sá um að lýsa hrossunum fyrir áhorfendur og þótti hann stórskemmtilegur í starfi þular.

Kynbótaárið 2016 er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Í ár eru 110 ár frá fyrstu kynbótasýningunni sem haldin var í Þjórsártúni árið 1906. Þá eru 100 ár frá fæðingu Sörla 71 en 99% íslenskra hrossa eiga rætur sínar að rekja til hans. Byrjað var að reikna kynbótamat íslenskra hrossa, BLUP-ið svokallaða, fyrir akkúrat 30 árum síðan en út frá þeirri aðferð er spá um kynbóttagildi hrossa mæld. Að lokum má nefna að Orrí frá Þúfu, sá stólpagripur íslenskrar hrossaræktar, fæddist fyrir 30 árum síðan.

Alls hlutu 157 kynbótahross fullnaðardóm á þessu Landsmóti og enn fleiri voru sýnd í afkvæmasýningum, ræktunarþússýningum og sérstakri úrvalssýningu kynbótahrossa. Mikil breidd og fjölbreytni einkenndi kynbótahrossin og var áberandi hve margir nýir kynbótafeður stóðu að baki hrossunum. Hins vegar bar ein heiðursmóðir af þegar litíð er til ætta hrossanna, því 24% af kynbótahrossum sýnd á Landsmóti komu út af Álfadís frá Selfossi. Álfadís, sem er aðeins 20 vetra og enn að gefa folöld, er meðal annars móðir heiðursverðlaunastóðhestanna Álfs og Álfasteins sem hafa gefið af sér fjölmarga góða gæðinga og enn fremur hlaut annar sonur hennar, Álfinnur, afkvæmaverðlaun á mótinu. Þá voru fjögur afkvæmi



Áhorfendur fögnuðu gríðarlega þegar ljóst var að Hrannar frá Flugumýri II og Eyrún Ýr Pálsdóttur höfðu sigrað A-flokk gæðinga, en Eyrún er fyrsta konan sem vinnur flokkinn.



Bjarni Bjarnason og Hera frá Þóroddsstöðum slóu heims- og Íslandsmet í 250 metra skeiði.



Heiðursverðlaunastóðhesturinn Arður frá Brautarholti fór fyrir afkvæmum sínum í glæsilegri sýningu áður en eigendum hans, bræðrunum Birni, Þrándi og Snorra Kristjánssonum og Helga Jóni Harðarssyni, var afhentur Sleipnisbikarinn. Arður er með 122 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 51 dæmt afkvæmi. Meðaleinkunn sköpulags fyrir dæmd afkvæmi er 8,60 og meðaleinkunn kosta 7,99.

Álfadísar sýnd í kybótasýningu á mótinu, þau Álfarinn, Álfastjarna, Álfgrímur og Huldumær.

Ölnir frá Akranesi hlaut hæstu einkunn mótsins

Hæstu aðaleinkunn mótsins hlaut Ölnir frá Akranesi, en hann var sýndur í elsta flokki stóðhesta. Ölnir hlaut 8,82 í aðaleinkunn, 8,43 fyrir sköpulag og 9,09 fyrir kosti sem var hæsta hæfileikaeinkunn á mótinu. Þota frá Prestsbæ var hæst dæmda

hryssa mótsins, en hún hlaut 8,81 í aðaleinkunn, 8,61 fyrir sköpulag og 8,94 fyrir kosti og stóð efst í elsta flokki hryssna. Í flokki 6 vetra stóðhesta stóð Organisti frá Horni I hestur með 8,72 í aðaleinkunn, 8,39 fyrir sköpulag og 8,94 fyrir kosti. Jörð frá Koltursey var hæst dæmda 6 vetra hryssna með 8,67 í aðaleinkunn, 8,51 fyrir sköpulag og 8,78 fyrir kosti. Forkur frá Breiðabólstað stóð efstur 5 vetra stóðhesta með 8,67 í aðaleinkunn, 8,46 fyrir sköpulag og 8,80 fyrir

kosti. Í 5 vetra flokki hryssna var Viðja frá Hvolsvelli efst með 8,45 í aðaleinkunn, 8,29 fyrir sköpulag og 8,56 fyrir kosti. Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk var hæst dæmdur 4 vetra stóðhesta með 8,49 í aðaleinkunn, 8,17 fyrir sköpulag og 8,71 fyrir kosti. Stefna frá Torfunesi var hæst 4 vetra hryssna en hún hlaut 8,37 í aðaleinkunn, 8,33 fyrir sköpulag og 8,40 fyrir kosti. Einkunnin 10 var kveðin upp sex sinnum á mótinu. Ljósvali frá Valstrýtu hlaut 10 fyrir tölt og



Árni Björn Pálsson og Stormur frá Herriðarhóli vörðu titil sinn í tölti.



Þótt þungbúið hafi verið flesta daga Landsmótsins, setti fallegur Hjaltadalur skemmtilegan svip á hátíðina. Hér stilla hæst dæmdu kynbótahryssur landsins, í flokki 7 vetra og eldri, sér upp við verðlaunaveitingu.

stökk. Nútíð frá Leysingjarstöðum II hlaut 10 fyrir hægt stökk. Eðall frá Torfunesi, Roði frá Lyngholti og Fröken frá Bessastöðum hlutu öll fullt hús fyrir skeið.

Sjö hlutu afkvæmaverðlaun

Sjö stóðestar hlutu afkvæma-verðlaun á mótinu. Þeir Kjerúlf frá

Kollaleiru, Seiður frá Flugumýri II, Grunur frá Oddhóli, Álfinnur frá Syðri-Gegnishólum og Spuni frá Vesturkoti hlutu 1. verðlaun fyrir afkvæmi en sá síðastnefndi stóð þar í efsta sæti. Gaumur frá Auðsholtshjáleigu og Arður frá Brautarholti hlutu síðan heiðursverðlaun fyrir afkvæmi en það kom í hlut Arðs að fá Sleipnisbikarinn.



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



Fréttir



Ice Fish Farm – Fiskeldi Austfjarða hf. hefur sótt um leyfi til að auka framleiðslu sína í 43 þúsund tonn af eldisfiski. Skjaskot / www.icefishfarm.is

Ice Fish Farm:

Hyggja á stórfellt fiskeldi á Austfjörðum

Ice Fish Farm – Fiskeldi Austfjarða hf., sem stundar fiskeldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði, hefur sótt um leyfi til að auka framleiðslu sína í 43 þúsund tonn af eldisfiski á Austfjörðum. Fyrirtækið hyggst setja upp eldiskvíar í Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Norðurfjarðarflóa.

Fiskeldi Austfjarða hf. var stofnað sumarið 2012. Á heimasíðu fyrirtækisins segir að það leggi áherslu á vistvænt fiskeldi og hafi hlotið Aqua Gap-vottun fyrir eldi og framleiðslu. Fyrirtækið hefur sótt um leyfi fyrir 43 þúsund tonna fiskeldi á Austfjörðum.

Samkvæmt því sem segir á heimasíðunni hefur fyrirtækið leyfi til að framleiða 11 þúsund tonn af eldisfiski á ári en hefur sótt um leyfi til að auk framleiðsluna í 43 þúsund tonn. Í dag framleiðir fyrirtækið eldislax og sjóbirting í sjókvíum í Berufirði og Fáskrúðsfirði.

Eldi í þremur fjörðum

Fiskeldi Austfjarða, sem er að mestu í eigu MNH Holding í Noregi, hefur í hyggju að stunda stórfellt fiskeldi í Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Norðurfjarðarflóa. Fiskeldi Austfjarða er helmingseigandi í Búlandstúndi á Djúpavogi, sem vinnur eldisfiskinn.

Framleiðslan er send á markað í Evrópu og Bandaríkjunum með

flugi frá Keflavík eða sjóleiðina með Norrænu frá Seyðisfirði til Hirtshals í Danmörku.

Aðstæður til fiskeldis góðar

Á heimasíðu Fiskeldis Austfjarða segir að aðstæður til fiskeldis við Ísland og á Austfjörðum séu einstaklega góðar frá náttúrunnar hendi. Þar segir að sjórinn sé ómengaður, hitastig sjávar fari hækkandi og sé að nalgast kjörhita fyrir eldislax. Einnig er sagt að firðirnir fyrir austan séu djúpir og opnir sem geri það að verkum að öldur og sjávarföll sjái að mestu um að skola úrgangi frá kvíunum burt og að mengunarhætta af þeirra völdum sé því lítil.

Erfðabreyttur eldislax

Eldisfiskurinn sem sótt hefur verið um leyfi fyrir er að stórum hluta erfðabreyttur norskur eldislax. Þeir sem leggja áherslu á verndum laxastofna við Ísland segja óhjákvæmilegt annað en að eldisfiskur muni sleppa úr eldi af þessari stærð og að þeir geti valdið miklum skaða á villtum stofnum við landið.

Ekki náðist í Guðmund Gíslason, stjórnarformann Ice Fish Farm – Fiskeldi Austfjarða hf., vegna vinnslu fréttarinnar. /VH

Risaáform um sjókvíaeldi á kynbættum norskum laxi:

Óafturkræf ógn við íslenska laxastofninn

— segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga

„Þetta er stórmál sem við höfum þungar áhyggjur af. Gangi risaáform í sjókvíaeldi á kynbættum norskum laxi eftir er um að ræða óafturkræfa ógn við íslenska laxastofninn,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. Aðalfundur LV, sem haldinn var á Bifröst í júní síðastliðnum, mótmælti stórfelldum áformum erlendra og innlendra fjárfesta á eldi á norskum laxi í sjókvíum hér við land.

Að mati aðalfundar Landssambands veiðifélaga stefna áformin óspilltum stofnum villtra laxa í voða og eru í raun aðför að viðkvæmri náttúru Íslands. „Sjókvíaeldi á norskum laxi er gróft brot á samkomulagi veiðiréttar-eigenda, eldisaðila og stangveiðimanna frá 1988 um að eldislax af erlendum uppruna skuli aldrei ala í sjókvíum við Íslands,“ segir í ályktun aðalfundar LV.

Miklir hagsmunir

„Vitað er að umtalsvert magn regnbogasilungs slapp nýlega úr eldiskví, þetta er dæmi sem við höfum fyrir augum okkar núna á þessari stundu og sýnir að við verðum að taka þetta mál alvarlega,“ segir Jón Helgi. Miklir hagsmunir séu í húfi, veiðibúskapur er atvinnugrein um land allt og hafi margir íbúar í dreifbýli af honum tekjur. Sú aðför sem gerð sé að íslenskri náttúru með því að setja villta íslenska laxastofninn í hættu sé stóralvarleg.

Ógnar lífríki á stóru svæði

Jón Helgi bendir á að rannsóknir hafi leitt í ljós að úrgangur frá 10 þúsund tonna laxeldi jafnist á við skolprárennsli frá 150 þúsund manna borg. „Það er enginn



Sjókvíaeldi ógnar óspilltum stofnum villtra laxa í voða að mati Landssambands veiðifélaga. Mynd / Áb

vafi á því að slíkt ógnar lífríkinu á stórum svæðum umhverfis kvíarnar. Því fylgir óafturkræf afleiðing fyrir fuglalíf og uppeldisstöðvar sjávar- og vatnafiska. Við höfum aðgang að reynslu Norðmanna af laxeldi í sjókvíum, hún er ekki góð, endalaus barátta við smitsjúkdóma, erfðablöndun í villtan laxastofn og lúsafaraldur sem ógnar líffræðilegum fjölbreytileika,“ segir Jón Helgi. „Dæmin sem við höfum um skelfilegar afleiðingar sem orðið hafa í Noregi sýna þá miklu ógn sem blasir við okkar lífríki.“

Bera enga ábyrgð og sæta litlu eftirliti

Hann bendir einnig á að fiskeldisfyrirtæki beri enga ábyrgð, hvorki af eignaspjöllum né þeim hugsanlegu skaðvænlegu áhrifum sem starfsemi þeirra kann að hafa á umhverfið. Á aðalfundinum var þess krafist að í lögum verði fyrirtækjunum gert skylt að kaupa umhverfistryggingar, sem bæta tjón sem af starfseminni geta hlotist.

Þá lýsti fundurinn yfir mikilli furðu á að laxeldisfyrirtækjum eru afhent verðmæt strandsvæði

endurgjaldslaust til starfseminnar utan netlaga. Jón Helgi bætir við að það veikburða eftirlit stofnana sem er með fyrirtækjunum veki furðu, þær veiti hvorki aðhald með virku eftirliti né skyldi fiskeldisfyrirtækin til ábyrgðar. Í Noregi er það fyrirkomulag við lýði að fyrirtækin greiða háar fjárhæðir fyrir útgefin starfsleyfi og fyrir nýtingu sjávar til eldisins.

Þarf stórslys til?

„Að okkar mati þurfa stjórnvöld að færa þessi mál til betri vegar,“ segir Jón Helgi. „Íslendingar eru aðeins að vakna af dvalanum, sjá hvaða afleiðingar blasa við til framtíðar litið, en því miður er fátt sem bendir til að stjórnvöld grípi inn í. Það er einhvern veginn eins og þetta eigi yfir okkur að ganga og stórslys þurfi til að bæði almenningur og stjórnvöld geri sér grein fyrir alvöru málsins.“

Hann segir að eins sé nauðsynlegt, verði sjókvíaeldi leyft í þeim mæli sem útlit er fyrir að verði gert, að leyfin verði takmörkuð við geldlax og að eldið verði staðsett fjarri silungs- og laxveiðiám.

/MÞÞ

Gunnlaugur Stefánsson í Heydölum um áform um risalaxeldi á Austfjörðum:

Aðför að íslenskri náttúru og við sofum værum blundi

— Endurgjaldslaus aðgangur að íslenskum sjó, eftirlit í skötulíki og engin ábyrgð

„Í mínum huga erum við að horfa upp á hreina hrollvekjuna og ég er satt að segja verulega undrandi á því að umhverfisverndarsamtök láti ekki í sér heyra. Oft hafa þau farið af stað af minna tilefni,“ segir Gunnlaugur Stefánsson í Heydölum á Breiðdal um áform innlendra og erlendra aðila um risalaxeldi á Austfjörðum. Veiðifélag Breiðdæla hefur sent frá sér ályktun um sama efni þar sem alvarlega er varað við þessum áformum og biður um að náttúran til lands og sjávar verði ekki græðginni að bráð.

Fiskverksmiðjan, Fiskeldi Austfjarða, sem nú er komin að miklu leyti í eigu norskra fyrirtækja, kynnti í janúar síðastliðnum um þau áform sín að stofna til laxeldis í þremur fjörðum eystra, Seyðisfirði, Norðfjarðarflóa og Stöðvarfirði með 10 þúsund tonnum í kvíum af norskum kynbreyttum laxastofni í hverjum firði fyrir sig til viðbótar við áætlun um fleiri þúsund tonna framleiðslu úr kvíum í Berufirði.

Ekkert heyrst í umhverfisverndarsamtökum

Að mati Gunnlaugs, sem og Veiðifélags Breiðdæla, er stórslys



Gunnlaugur Stefánsson. Mynd / Hákon Hansson

í uppsiglingu verði áformin að veruleika. Kynbreyttur laxastofn af útlenskum uppruna sé óafturkræf ógn við íslenska laxastofninn og mun ganga að honum dauðum, gangi áætlanir um svo umfangsmikið laxeldi eftir til viðbótar við þær áætlanir sem fyrir eru á öðrum svæðum.

„Hér er náttúra Íslands í húfi en það heyrst hvorki hósti né stuna frá umhverfisverndarsamtökum, það mótmælir ekki nokkur maður,“ segir Gunnlaugur. „Það er eins og menn hafi ekki kveikt á þeirri staðreynd að laxinn er hluti af íslenskri náttúru. Alþingismenn og íslensk

umhverfissamtök, flest hver, sofa værum blundi og virðast láta sér þessa aðför að lífríki náttúrunnar í léttu rúmi liggja.“

Einn lax sleppur fyrir hvert tonn í eldi

Rannsóknir hafa að sögn Gunnlaugs leitt í ljós að úrgangur frá 10 þúsund tonna laxeldi jafnast á við skolprárennsli frá 150 þúsund manna borg. Engum öðrum matvælaframleiðslufyrirtækjum hér á landi er heimilt að demba í sjóinn nánast öllum úrgangi frá starfsemi sinni óhreinsuðum. „Augljóslega ógnar það lífríkinu á stórum svæðum umhverfis kvíarnar, afleiðingar eru óafturkræfar fyrir fuglalíf og uppeldisstöðvar sjávar- og vatnafiska. Þá má benda á að það er staðfest að einn lax að minnsta kosti sleppur að meðaltali fyrir hvert tonn í eldi. Samkvæmt þeirri reynslu munu því sleppa úr fyrirhuguðu risalaxeldi á Íslandi rúmlega sami fjöldi laxa og nemur heildarstangveiði í landinu á einu sumri.“ Bendir hann á að reynsla af regnbogaeldi í Berufirði staðfesti að mikið magn regnbogasilungs sleppur eftirlitslaust í sjóinn án þess að nokkur gangist við ábyrgð.

Endalaus barátta Norðmanna

Norðmenn hafa langa reynslu af sjókvíaeldi og ekki endilega alltaf góða. Endalaus barátta hefur verið við smitsjúkdóma, erfðablöndun í villtan laxastofn og lúsafaraldur eru dæmi þar um, en allt hefur þetta ógnað líffræðilegum fjölbreytileika. Reynsla þeirra er ekki góð, þar eru nú þegar yfir 100 laxveiðiár ónýtar vegna laxeldis í sjókvíum. „Það virðist ekki henta okkur Íslendingum að horfa til þessarar bitru reynslu Norðmanna núna. Kannski er öllum sama, það virðist að minnsta kosti ekki annað vera upp á teningnum nú en að við ætlum að taka þessa áhættu, leyfa sjókvíar um alla firði þótt við blasi að innan einhverra ára verði laxveiðiarnar rjúkandi rúst. Við lokum bara augunum,“ segir Gunnlaugur.

Helga sér svæði í íslenskum sjó

Hann gagnrýnir einnig skort á eftirliti með starfsemi af þessu tagi, ábyrgðarleysi og eins óheftan og endurgjaldslausan aðgang að íslenskum sjó.

„Fiskeldisverksmiðjan keppist nú við að helga sér svæði í austfirskum fjörðum endurgjaldslaust fyrir

risaáform í laxeldinu. Í Noregi verða fyrirtækin að greiða háar fjárupphæðir fyrir útgefin starfsleyfi og nýtingu sjávar til eldisins,“ segir í ályktun Veiðifélags Breiðdæla. „Það tíðkast hvergi nema hér á landi að fyrirtækin hafa algjörlega frían aðgang að sjó, þau eru hér að setja upp ábatasama atvinnustarfsemi og hafa alveg frítt spil, helga sér svæði um alla firði án þess að greiða krónu fyrir. Það er fáheyrt,“ segir Gunnlaugur.

Eftirlit í skötulíki og engin ábyrgð

Að auki segir hann allt eftirlit með starfsemi fyrirtækjanna í skötulíki. „Eftirliti er verulega ábótavant, það er í raun nánast ekki neitt. Fyrirtækin bera heldur enga ábyrgð, lagaumhverfið í kringum þetta er mjög veikburða og veitir hvorki aðhald með virku eftirliti né skyldar fiskeldisfyrirtækin til að ábyrgðartryggja starfsemi sína. Ég líki þessu öllu saman við gullgrafaraæði sem hlaupið hefur í menn, það ríkir algjör þöggun um þess mál, það virðist sem þetta muni yfir okkur ganga á meðan við sofum á verðinum,“ segir hann.

/MÞÞ

Samstillt átak Náttúruverndarsamtaka Austurlands – NAUST

Hvetja til þess að ónýtar girðingar séu fjarlægðar

– Skapa hættu og eru lýti í landslaginu

„Líklega er ekki meira af ónýtum girðingum á Austurlandi en annars staðar á landinu, en engu að síður er alveg nóg af þeim,“ segir Erla Dóra Vogler, formaður Náttúruverndarsamtaka Austurlands – NAUST, en samtök-in hafa fengið styrk frá umhverfisráðuneytinu sem ætlaður er til að standa straum af hvatningarátaki í landshlutanum til að fjarlægja ónýtar girðingar. Átakanu er ætlað að beina sjónum að þeim hættum sem stafa af ónýtum girðingum sem og því lýti sem þær eru í landslaginu. „Markmið verkefnisins er að standa sameiginlega að átaki á Austurlandi og Suðausturlandi í því skyni að fjarlægja þessar ónýtu girðingar.“

Erla Dóra segir að fimm sveitarfélög á Austurlandi hafi þegar skráð sig til samstarfs við NAUST, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Djúpvogur, Vopnafjörður og Seyðisfjörður. Tvö sveitarfélög í landshlutanum telja sig hafa lokið þessu verkefni fyrir skemmstu og eru af þeim sökum ekki með nú, en það eru Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur.

Ánægð með samstöðuna

„Staðan hér er þannig að sums staðar eru girðingar sem rétt hanga uppi og eða liggja niðri á milli misheillegra staura, en annars staðar er varla neitt sjáanlegt nema vírar sem rétt standa upp úr gróðrinum og menn taka ekki eftir fyrir en þegar þeir reyna að átta sig á um hvað var hnotið. Við erum mjög ánægð með þá samstöðu sem sveitarfélögin hér á Austurlandi sýna með þátttöku í átakanu. Með svo samstilltu átaki er líklegt að landeigendur finni fyrir hvatningu til að vera með og gera gangskör að því að fjarlægja ónýtar girðingar í sínu landi, auk þess að nýta þá aðstoð sem í boði er hjá sveitarfélögunum,“ segir Erla Dóra.

„Þetta verkefni hefur talsverða þýðingu, það er mikið lýti af ónýtum og hálfkölluðum girðingum í íslenskri náttúru, auk þess sem girðingar eru hættulegar hvort heldur sem er mönnum, búfænaði eða hreindýrum,“ segir hún.

Aðstoð sem sveitarfélögin veita

Sveitarfélögunum sem þátt taka er í sjálfsvald sett hvernig þau haga átakanu á sínu svæði og verður fljót-



Ónýtar girðingar eru hættulegar hvort heldur sem er mönnum, búfænaði eða hreindýrum.

Ljósmynd / Skarphéðinn Þórisson

lega kynnt hve mikla aðstoð hvert sveitarfélag býður upp á.

Erla Dóra nefnir sem dæmi að Vopnafjarðarhreppur sé tilbúinn til að aðstoða við að fjarlægja ónýtar girðingar hvort sem er með vinnuframlagi vegna niðurrifs þeirra og að fjarlægja staura og vír. Vinnan verði framkvæmd í samráði við Þjónustumiðstöð Vopnafjarðarhepps á tímabilinu frá vori og fram á haust. Móttaka efnis sé á Búðaröxl, sörpurðunarstað Vopnfirðinga. Hún nefnir einnig að Fjarðabyggð taki virkan þátt í átakanu með því t.d. að bjóða bændum upp á að koma á staðinn og fjarlægja upprúllaðar netadræsur sem og aðrar girðingar. Bæjarverkstjórar hafi yfir að ráða pallbílum til að hirða girðingar upp.

Árangurinn hreinna landslag og öruggara

„Þetta er fyrst og fremst hvatningarátak á kynningarformi. Árangur þessa verkefnis verður svo metinn í hreinna, fallegra og öruggara landslagi, bæði fyrir dýr og menn. Við væntum þess svo að samstillt átak heils landshluta auki vitundarvakningu í íslensku samfélagi um það lýti sem rusl og ónýtir hlutir eins og girðingar eru í náttúrunni. Það má gjarnan dusta rykið af slagorðinu „Hreint land, fagurt land“ sem notað var fyrir nokkrum árum. Næsta vetur förum við svo yfir málið og stefnum á að veita viðurkenningar til þeirra sem látið hafa til sín taka í þessum efnum,“ segir Erla Dóra. /MPÞ

SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m² með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum



TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9m² - án gólfs
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 309.900,- m/fylgihlutum



TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

Staðgreiðsla
VISA Lán

Farðu lengra!

Grizzly 700 EPS

Vinnujákurinn frá Yamaha!

Þeir sem prófa, vilja ekkert annað. Ný uppfærsla með dráttarspili, LED ljósum, 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra. Verð frá kr. 2.320.000,-



Utanborðsmótorarnir frá Yamaha eru þekktir fyrir einstök gæði og endingu. Þeir koma í mörgum útfærslum, tvígengis og fjörgengis, allt frá 2,5 upp í 350 hestöfl. Allir eru þeir hlaðnir bestu fáanlegu Yamaha tækni. Yamaha á örugglega rétta mótorinn fyrir þig.

BJÓÐUM ALLA ALMENNA VERKSTÆÐISÞJÓNUSTU!
Tímáptanir í síma 540 4900



YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900

www.yamaha.is



Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

STEKKUR

Var stelpan geggjuð?

Árið 1926 fæddist í Delí á Indlandi stúlka sem fékk nafnið Shanti Davi. Móðir hennar fór snemma að hafa áhyggjur af dóttur sinni því framkoma hennar þótti ein-kennileg.

Shanti fór mikið einförum og talaði við sjálfa sig eins og hún væri umkringd fólki sem hún ein sá. Þegar Shanti var sjö ára töldu foreldrar hennar víst að hún væri ekki andlega heilbrigð. Um svip- að leyti byrjaði hún að segja foreldrum sínum að hún hefði lifað áður og átt heima í þorpi sem hét Muttra og lýsti nákvæmlega fyrir þeim húsinu sem hún bjó í.

Foreldrar Shanti voru ákaflaga áhyggjufullir og fóru með telpuna til geðlæknis og hún sagði honum sömu sögu. Læknirinn spurði hana margvíslegra spurninga og komst að þeirri niðurstöðu að Shanti væri ekki geðveik. Hún hélt staðfastlega við söguna og breytti henni aldrei. Foreldrarir voru þess aftur á móti fullvissir að dóttir þeirra væri rugluð þegar hún sagðist hafa heitið Ludgi, verið gift og átt þrjú börn.

Þegar Shanti var níu ára var barið að dyrum heima hjá henni og hún fór til dyra. Ókunnugur maður stóð við dyrnar. Shanti starði stórum augum á hann og hrópaði: „Mamma, þetta er frændi mannsins míns. Hann átti heima í nágrenni við okkur í Muttra.“ Shanti hafði rétt fyrir sér því maðurinn átti heima í Muttra en var staddur í Delí til að ræða viðskipti við föður Shanti. Hann sagðist eiga frænda í Muttra sem hefði misst konu sína, Ludgi, er hún lést af barnsörum að þriðja barni þeirra hjóna. Hann bauðst til að koma með frænda sinn í heimsókn svo að þau gætu gengið úr skugga um hvort Shanti þekkti hann.

Foreldrarir tóku boði hans en öllu haldið vandlega leyndu fyrir Shanti. Um leið og hún sá manninn kastaði hún sér í fang hans og grét, kallaði hann manninn sinn og talaði um að loksins væri hann kominn aftur til hennar. Hún var í ákafri geðshræringu.

Maðurinn, sem Shanti kall- aði eiginmann sinn, fór með foreldrum hennar til stjórnvalda og sögðu söguna og stjórnin skipaði nefnd vísindamanna til að komast til botns í málinu.

Farið var með Shanti til Muttra og þar benti hún strax á móður og bróður „mannsins síns“, þar sem þau stóðu innan um fjölda fólks, og hún ræddi við þau á mállysku sem foreldrar hennar höfðu aldrei heyrt.

Vísindamennirnir voru furðu lostnir. Þeir bundu fyrir augu hennar og settu hana upp í vagn. Shanti sagði ökumanninum hik- laust og ákveðið hvert hann ætti að aka og meðan á ferðinni stóð lýsti hún kennileitum.

Þegar þau komu að þröngum stíg skipaði hún ökumanninum að stansa og sagði: „Hér átti ég heima.“ Þegar tekið var frá augum hennar sá hún gamlan mann og sagði: „Þessi maður var tengdafaðir minn.“ Gamli maðurinn hafði verið tengdafaðir Ludgi.

Hún þekkti strax tvö eldri börnin en ekki það sem kostaði Ludgi lífið.

Í blaðaviðtali árið1958 sagði Shanti að sér hefði tekist að aðlaga sig kringumstæðum sínum og sætta sig við tilveru sína og vinna bug á söknuði sínum og þrá eftir sínu fyrra lífi. /VH

Norðlenska slátrar 19 þúsund fjár á Höfn:

Ekki svigrúm fyrir heimamenn að taka við rekstrinum að svo stöddu

Í vor gaf Norðlenska út þá yfirlýs-ingu að það hygðist hætta rekstri slátruhússins á Höfn í Hornafirði. Töluverð óvissa greip um sig meðal heimamanna, sem skoðuðu möguleikann á að taka sjálfir við rekstrinum. Í nýlegri tilkynningu frá Norðlenska kemur hins vegar fram að fallið var frá fyrri áform- um og nú hefur verið ákveðið að slátra um 19 þúsund fjár á vegum Norðlenska á Höfn á komandi sláturtíð. Um 34 þúsund fjár var slátrað á Höfn í síðustu sláturtíð.

Í tilkynningunni frá Norðlenska segir að sauðfjárslátrun á vegum fyr- irtækisins verði með eilítið breyttu sniði frá því sem verið hefur undan- farin ár. „Dregið verður úr slátrun á Höfn og hún aukin á Húsavík á móti. Eru þetta viðbrögð við versnandi afkomu í sauðfjárslátrun sem kynnt var á bændafundum Norðlenska og Búsældar á vormánuðum,“ segir í tilkynningunni.

Í vor sagði Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, í viðtali við Bændablaðið að slátrun á Höfn hafi verið um 50 prósent dýr- ari en slátrun í slátruhúsi félagsins á Húsavík.

Áætlað er að slátrun hefjist mið- vikudaginn 21. september á Höfn og sláturtíðarlok eru áætluð föstu- daginn 4. nóvember. Á Húsavík er hins vegar áætlað að sláturtíð hefjist 1. september og að henni ljúki 28. október. Áætlað er að slátrað verði 95 þúsund fjár á Húsavík, en 19 þúsund á Höfn, eins og fyrr segir.

Í tilkynningu Norðlenska kemur fram, að til að unnt sé að veita sem besta þjónustu og draga úr kostnaði sé mikilvægt að samvinna Norðlenska og innleggjenda sé góð. Óskar Norðlenska því eftir slátr- fjárloforðum frá innleggjendum, núverandi og nýjum, sem fyrst og eigi síðar en 10. ágúst 2016.

Óvissa meðal sauðfjárbænda

Sigurbjörn Karlsson, sauðfjárbóndi á Smyrlabjörgum, segir að það sé nokkur óvissa meðal sauðfjárbænda á svæðinu. „Þetta hefur ekki verið útfært nákvæmlega og nú nalgast sláturtíðin, þannig að við erum orðnir nokkuð órólegir. Í sjálfu sér skiptir ekki öllu máli hvar slátrað er, aðalat- riðið er að það sé hægt að gera það á þeim tíma sem menn kjósa. Það þýðir



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

til dæmis ekki að ætla að bíða með þetta fram í nóvember. Menn þyrftu þá að búa sig undir það og því fylgir líka einhver aukakostnaður. Mér finnst að það þurfti að liggja mjög fljótlega fyrir af hálfu Norðlenska hvernig staðið verður nákvæmlega að hlutunum,“ segir Sigurbjörn.

Erum ósáttir en niðurstaðan þó betri en menn bjuggust við

Eiríkur Egilsson, formaður stjórnar slátrufélagsins Búa og Búnaðarsambands Austur- Skaftafellssýslu, segir að eftir því sem hann komist næst hafi Norðlenska ekki ætlað að byrja að slátra fyrr en í október á Höfn. „En vegna þess hversu miklir þurrkar hafa verið hér og ákveðin óvissa með hefynd þá hefur slátrun verið flýtt, eða það spilað inn í. Við erum auðvitað ekki sáttir við að ekki sé fleira fé slátrað hér á Höfn. En þegar allt kemur til alls er þessi sláturfjöldi þó betri niðurstaða en menn bjuggust við. Í vor var tekin ákvörðun um að loka slátruhúsinu, sem nú hefur verið horfið frá – og það í sjálfu sér er gott.

Eftir að Norðlenska tilkynnti um það síðastliðið vor, að það myndi hætta sauðfjárslátrun á Höfn, lögðu heimamenn á ráðin um að taka sjálf-

ir við rekstrinum. Eiríkur segir að eftir nokkra yfirlegu hafi niðurstað- an verið sú að ekki væri svigrúm til þess að svo stöddu. „Þegar ljóst var að Norðlenska vildi halda áfram og slátra 19 þúsund fjár núna í haust, lögðum við okkar hugmyndir til hliðar.“

Engin ákvörðun verið tekin með sláturtíðina 2017

Ágúst Torfi segir að á bændafundum í vor, hafi verið farið yfir hugmyndir Norðlenska um það hvernig flutning- um til Húsavíkur yrði háttað. „Það hefur ekki breyst að neinu leyti en því að við vorum að kynna það fyrir skemmstu að við ætlum að slátra enn meira en við ákváðum í fyrstu. Það er gert ráð fyrir að allir bændur í Austur-Skaftafellssýslu fari með fé sitt á Höfn. Síðan verður bara tekið landfræðilegt mið af því, með hvaða fé verður keyrt norður. Það sem er nær Húsavík fer þá þangað. Það sem er á svæðinu í kringum Höfn, fer lík- lega bæði norður og á Höfn.

Flutningskostnaður fellur ekki á bóndann þó þurfi að fara með féð norður – hann fellur á okkur, segir Ágúst. Hann vill ekkert segja til um hver framtíðin verði með slátruhúsið á Höfn að þessari sláturtíð lokinni.

„Það liggur bara ekkert fyrir um það. Við erum ekkert hættir að slátra á Höfn. Við erum þar með stórgripa- slátrun til að mynda og það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvernig sláturtíðin á næsta ári verð- ur. Við ætlum bara að taka stöðuna með heimamönnum upp úr miðjum nóvember þegar ljóst verður hvernig til tókst.“

Í tilkynningu Norðlenska kemur fram að heimtaka í sauðfjárslátr- tíð verði með þeim hætti að heila ófrosna skrokka skal sækja daginn eftir slátrun en frosið og sagað eigi síðar en þrem dögum eftir slátrun ef náð er í kjötið í slátruhús félagsins á Húsavík og Höfn. „Kjöt verður einnig afhent, samkvæmt venju, frosið á Egilsstöðum og Akureyri fyrir innleggjendur á þeim svæðum. Það heimtökukjöt frá innleggjend- um í nágrenni við Höfn sem berst til Húsavíkur fæst afhent í slátruhúsinu á Höfn fimm til sex dögum eftir slátr- un,“ segir í tilkynningunni.

Varðandi stórgripaslátrun á Höfn í Hornafirði þá verður stórgripum ekki slátrað á Höfn þegar sauðfjár- sláturtíð stendur yfir í húsinu, frá 21. september til 4.nóvember, en verður með hefðbundnu sniði fyrir og eftir sláturtíð.

/smh

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið:

Lífhagkerfisstefna fyrir Ísland

Lífhagkerfisstefnan hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið og hefur víðtækt samráð átt sér stað við hagsmunaaðila. Þessi vinna hefur verið leidd af Matís í umboði sjávarútvegs- og landbún- aðarráðherra.


Á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis segir að birting stefnunnar á heimasíðu ráðuneytisins sé hluti af mikilvægu samráðsferli. Allir sem vilja láta sig þetta mikilvæga málefni varða eru hvattir til að kynna sér stefnu- drög- in og senda inn athugasemdir eða ábendingar, eigi síðar en 20. ágúst 2016.

Markmið lífhagkerfisstefnu fyrir Ísland eru að styðja sjálfbæra þróun og uppbyggingu atvinnulífs sem byggir á nýtingu lífaúðlinda, þvert á hinar svonefndu hefðbundnu atvinnugreinar, landbúnað, sjáv- arútveg og matvælavinnslu. Við þessa vinnu hefur verið leitast við að fjalla um tækifæri til aukinnar verð-

mætasköpunar innan þessara greina atvinnulífsins og hvernig styðja megi við uppbyggingu nýrra greina til framtíðar, hvernig bæta megi nýtingu og minnka sóun, auk þess sem horft er til nýtingar vannýttra auðlinda.

Við stefnumörkunina er sér- staklega horft til sérstöðu Íslands, m.a tækifæra sem byggja á nýtingu

einstakra erfðaaúðlinda, sérstöðu sem rekja má til legu landsins, haf- svæðisins í kringum okkur og þess árangurs sem náðst hefur í íslenskum sjávarútvegi. Sá árangur í samhengi við ábyrga stefnumörkun á sviði líf- hagkerfisins gefur mikil tækifæri til að verða leiðandi í málefnum hafsins á alþjóðavettvangi auk þess að nýtask



með beinum hætti við markaðssetn- ingu á vöru og þjónustu.

Mörkun lífhagkerfisstefnu á sér fyrirmyndir í öðrum norrænum ríkj- um og hefur reynsla annarra landa af stefnumörkun á þessu sviði verið höfð til hliðsjónar við vinnuna, auk þess að taka mið af þeirri þekk- ingu og reynslu sem hefur orðið til með formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014– 2016, NordBio. Jafnframt er tekið mið af margs konar stefnumótun á innlendum vettvangi, s.s. stefnu Vísinda-og tækniráðs.

Vinna við undirbúning lífhag- kerfisstefnunnar hefur verið í hönd- um sérstaks starfshóps, sem sjáv- arútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 2015 og hefur Matís ohf. farið með framkvæmd vinnunnar. Víðtækt samráð hefur verið haft við stofnanir, önnur ráðuneyti og atvinnulífið, einkum samtök og fyr- irtæki í sjávarútvegi og landbúnaði, matvælavinnslu og líftækni.



Fangaðu sumarilminn

Á sumrin taka skilningarvitin við sér. Fuglasöngur ómar, gras grænkar og ljúfur sumarilmur boðar komu þessarar notalegu árstíðar. Samspil landbúnaðar og ferðaþjónustu skapar verðmæti sem aldrei fyrr og hafa þessar atvinnugreinar mjög jákvæð áhrif hvor á aðra.

Í tilefni þess hafa ferðaþjónustan og landbúnaðurinn tekið höndum saman og sett af stað leik sem fagnar sumarilminum í sínum ólíku myndum. Festu þína sumarstemmningu á mynd sem sýnir samspil landbúnaðar og ferðamennsku og merktu hana með **#sumarilmur** á Instagram eða Facebook. Myndirnar birtast á sumarilmur.is og í hverri viku verður sú mynd valin sem best þykir sýna anda sumarsins, íslensku sveitirnar og ferðalög innanlands.

Sá sem á mynd vikunnar fær glæsileg verðlaun en á meðal vinninga eru gisting og afþreying innanlands og alls kyns upplifun tengd mat og öðru sumarlegu.

Heildarandvirði verðlaunanna er hátt í 3 milljónir svo það er til mikils að vinna. Vinningshafar verða kynntir á Rás 2 og þeir fengnir til að segja frá sögunni á bakvið myndina.




Fréttaskýring

Salatið víðförla


Veist þú hvaðan maturinn þinn kemur?

Agúrka


Bandaríkin, Holland, Hondúras, Indland
Ísland, Kanada, Mexíkó, Spánn

**Salat**

Bandaríkin, Dóminíska lýðveldið, Ísland
Kanada, Mexíkó, Perú, Síle, Spánn.

**Brauðteningar**


Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Brasilía,
Frakkland, Holland, Indland, Kanada, Kína,
Mexíkó, Pólland, Rússland, Sviss,
Úrúgvæ, Vietnam.

**Fetaostur**

Bandaríkin, Bretland, Danmörk,
Egyptaland, Grikkland, Ísland, Ísrael,
Ítalía, Kanada, Tyrkland, Þýskaland.

**Ólífuoía og balsamikedik**


Argentína, Bandaríkin, Brasilía, Frakkland
Indland, Indónesía, Ítalía, Kanada, Kína
Marokkó, Mexíkó, Perú, Portúgal, Síle
Spánn
Tailand
Túnis
Tyrkland
Vietnam
Þýskaland

**Mandarínur**


Ísrael, Mexíkó, Marokkó, Suður-Afríka,
Spánn.

**Baunaspíður**


Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Bangladesh,
Egyptaland, Frakkland, Indland, Ísland,
Kanada, Kína, Marokkó, Nepal, Pakistan,
Spánn,
Suður-Afríka,
Tyrkland

**Rauðlaukur**

Bandaríkin, Indland, Kanada, Kína,
Þýskaland.

**Tómatar**

Bandaríkin, Dóminíska lýðveldið, Holland,
Ísland, Ísrael, Ítalía, Kanada
Mexíkó



Myndin á uppruna sinn í áttakinu „One Health“ sem hefur meðal annars það markmið að bæta matvælaöryggi og lýðheilsu, leiða saman vísindamenn úr öllum heimshornum og fyrirbyggja matvælasýkingar. Birt með góðfúslegu leyfi National Academy of Sciences og National Academic Press í Washington. Athugið: Löndin eru talin upp í stafrófsröð en endurspeglar ekki magnið sem framleitt er eða úttítt frá hverju landi.

Sem neytendur eigum við oft erfitt með að átta okkur á uppruna matarins sem við borðum. Einfalt salat í skál kemur víðar að en marga grunar. Daglegar matarvenjur geta haft mikil áhrif á heilsuna og lífsgæði á jörðinni. Það skiptir máli að maturinn þinn sé hollur og góður og að framleiðslan hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið. Of mikil notkun varnarefna í matvælaframleiðslu og flutningar um langan veg eru óæskilegir fyrir alla jarðarbúa.

Heilnæmur matur og heiðarlegir framleiðsluhættir er allra hagur:

Til að tryggja matvælaöryggi þarf að hlúa vel að heilsu manna, dýra og uppskeru

– matvælasýkingar valda 128 þúsund sjúkrahúsinnlögnum og þrjú þúsund dauðsföllum á ári í Bandaríkjunum

Á tímum aukinnar alþjóða-væðingar hefur umræða um heilnæmi matvöru aukist til muna. Æftar heyrast fréttir af ofnotkun sýklalyfja og eiturfefna í landbúnaði. Þótt nútíma matvælaframleiðsla hafi þróast hratt og bændur tæknivæðst er ekki allt sem sýnist. Víða um heim er pottur brotinn þar sem ekki er farið eftir settum reglum, t.d. um notkun varnarefna og ekki borin virðing fyrir umhverfinu. Matvælasýkingar vegna rangra framleiðsluáðferða, langra flutninga og rangrar meðhöndlunar eru því miður daglegt brauð og vaxandi vandamál um allan heim.

Á hverjum degi eru flutt til Íslands fleiri tonn af matvælum. Þau koma úr öllum heimshornum og hafa ferðast langar vegalengdir með ýmsum farartækjum. Ávextir og grænmeti eru í eðli sínu viðkvæmar vörur en þær hafa sumar hverjar verið fluttar þúsundir kílómetra áður en þær koma á diskinn þinn. Þegar gengið

Tjörvi Bjarnason
tjorvi@bondi.is



er um grænmetisdeildir stórmarkaða má til dæmis líta salat frá Suður-Evrópu, banana frá Suður-Ameríku og appelsínur frá Ísrael. Á síðustu árum hefur framboð af innlendu grænmeti aukist hratt og úrvalið er meira en áður hér á landi. Enn er þó langt í land að Íslendingar framleiði meirihlutann af því grænmeti sem neytt er hérlandis. En hvaðan kemur maturinn sem við borðum dags daglega og hvaða neikvæðu áhrif hafa flutningar á mat á jörðina? Geta neytendur treyst því að matvælin sem enda á matarborðinu séu framleidd við bestu skilyrði, án eiturfefna og að þau séu laus við ýmsa óværu eða sjúkdóma?

Við erum það sem við borðum

Ræktun og framleiðsla matvæla,

framreiðsla og neysla tengir heilsufar okkar við ástand jarðar með bæði beinum og óbeinum hætti. Aðferðir við framleiðslu matvæla hafa þróast hratt og leiðin á milli bænda og neytenda er í mörgum tilvikum löng. Hráefni í eina máltíð getur átt uppruna sinn á fjölmörgum stöðum, bæði heima í héraði og úti í heimi. Framleiðsla og dreifing á matvælum í þróuðum ríkjum fer fram í gegnum risavaxin og flókin samstarfsnet og tekur sífellt styttri tíma. Það sem mörg okkar sem neytendur vita ekki er að matarforði okkar, staðbundinn sem og innlendur, er hluti af hnattrænu matvælaframleiðslukerfi sem tengist sífellt meira innbyrðis.

Hráefni í einni salatskál koma frá tugum landa

Matarforði Bandaríkjanna samanstendur af þúsundum gerða af mat og tengdum afurðum – sem að miklu leyti eru ræktaðar og unnar utan Bandaríkjanna – eins

og sést á myndinni af salatskálinni hér að ofan. Hráefnin tíu, sem öll fást í íslenskum stórmörkuðum, í umræddu salati geta komið frá fleiri en 38 löndum. Þetta hnattræna eðli innlendra og staðbundinna matarbirgða undirstrikar þörfina á heilnæmri nálgun við matvælaöryggi, þar sem jafnvel algeng og „holl“ hráefni fara heimshluta á milli áður en þau eru lögð á borðið. Til að tryggja matvælaöryggi í heiminum þarf að hlúa vel að heilsu manna, dýra og uppskeru.

Sýklar í mat valda 48 milljón veikindatilfellum á ári í Bandaríkjunum

Hnattvæðing matarforðans hefur auðveldað matvælasýkingum að koma upp á yfirborðið, snúa aftur og breiðast út, og hefur þetta gert enn erfiðara en ella að sjá fyrir, greina og bregðast rétt við slíkri heilsuvá. Í Bandaríkjunum einum valda sýklar úr mat um það bil 48

milljónum veikindatilfellum, 128 þúsund sjúkrahúsinnlögnum og þrjú þúsund dauðsföllum á ári (Scallan, 2011). Þessi tala er líklega aðeins toppurinn á ísjakanum vegna þess að hún tekur ekki með í reikninginn fjölbreyttar matvælasýkingar sem ná yfir breitt svið, allt frá einkennaleysi yfir í alvarlega sjúkdóma með afleiðingum á borð við nýrnabilun og dauða, og ekki er heldur reiknað með öllum þeim víðtæku afleiðingum sem sýkingar geta haft fyrir neytendur, yfirvöld og matvælaðnaðinn, bæði innanlands og um allan heim.

Forvarnir eru sterkt vopn til að berjast gegn matvælasýkingum

Heilsufar einstaklinga og lýðheilsa innanlands og á alþjóðavettvangi tengist ástandi umhverfisins og heilsufari milljarða húsdýra og villtra dýra. Vísindamenn hafa því sagt að þörf sé á nýju viðmiði – viðmiði sem felst í forvörnum og viðbragðsáætlun til að tryggja mataröryggi í stað

Þess að bregðast við eftir á. Gott dæmi um slíkt er „One Health“ – sem hefur verið skilgreint sem „þverfaglegt samstarfsátak þar sem unnið er heima í héraði, á landsvísi og á heimsvísu að því markmiði að tryggja bestu mögulegu heilsu fyrir fólk, dýr og umhverfið“ (AVMA, 2008). Verði slíki aðferð beitt við

að tryggja matvælaöryggi gæti það gefið fyrirheit um að hægt verði að beisla og samtengja sérfræðibekkingu og úrræði fjölbreyttra heilbrigðissviða, þ.á m. samfélagslækna, dýralækna og plöntumeinafræðinga ásamt sérfræðingum á sviði villtrar náttúru, sjávardýra og vistfræði.

Heimildir:
Improving Food Safety Through a One Health Approach, Workshop Summary, Institute of Medicine (US). Washington (DC): National Academies Press (US); 2012.

Sjónarhorn matvælaíðnaðarins: Ferskar búvörur og heilbrigði Hvernig má fyrirbyggja matvælasýkingar?

Þó að samkvæmt kenningunni megi fyrirbyggja megnið af matvælasýkingum hafa framleiðendur ferskra afurða ekki enn úræði til að útrýma þeirri áhættu, segir David Gombas, talsmaður samtaka grænmetisframleiðenda í Bandaríkjunum (enska: United Fresh Produce Association).

Talið er að dagleg neysla þar í landi sé einn milljarður skammta af ferskum landbúnaðarafurðum – flokkur sem felur í sér fleiri en 300 ólíkar fæðutegundir. Þessi matvæli koma frá fleiri en 100 þúsund býlum í Bandaríkjunum og margfalt fleiri býlum erlendis og stærstu framleiðendurnir leggja til meirihlutann af öllum ferskum afurðum sem seljast.

Helsta öryggistæki matvælaframleiðenda er forvarnir, segir Gombas. „Það er ekkert eitt þrep sem hægt er að stíga til að fjarlægja alla sjúkdómsvalda úr afurðum þannig að þær haldist ferskar. Við kunnum vel að losna við 90 til 99 prósent þeirrar mengunar sem kann að leynast í ferskum afurðum en alltaf verða einhverjar örverur eftir sem geta falið sig,“ sagði hann. „Þess vegna reynum við í hverjum hlekk birgðakeðjunnar að fyrirbyggja mengun en það tekst ekki alltaf.“

Oft erfitt að greina orsakir

Þegar forvarnir bregðast og faraldur brýst út af völdum mengaðra afurða er oft erfitt að greina orsökina – og þar með að forðast að slíkt endurtaki sig, segir Gombas. Til dæmis, nefndi hann, hafa öll tilfelli Listeríu til þessa verið tengd matvælavinnslu, þrátt fyrir að heimkynni sjúkdómsvaldsins séu á akrinum. Hann dró einnig í efa þá túlkun nýlegra rannsókna að salmónellusmit megi rekja til paprikaufbrigða og papajaávaxta

og að E.coli O157:H7 hafi tengst jarðarberjum, og sérstaklega það að útbreiðsla E.coli O157:H7 árið 2006 hafi tengst þökkuðu spínati, sem er kenning sem King, Tauxe og Doyle lögðu fram. „Þegar upp er staðið vitum við í raun ekki hvað gerðist í þessu tilfelli og í mörgum öðrum tilfellum liggur nákvæm atburðarás ekki heldur fyrir,“ segir David Gombas.

Líklegustu orsakir matvælasýkinga

Samkvæmt Gombas eru líklegstu orsakir og atburðarásir í afurðamengun eftirtaldir, eins og fram kemur í viðmiðum Bandaríska matvæla- og lyfjæftirlitsins (Food and Drug Administration), (FDA, 1998).

- vatn (í öllum sínum myndum)
- starfsmenn
- snerting við yfirborðsfleti (t.d. búnað, ílát, áhöld)
- dýr (húsdýr og villt dýr)
- jarðvegsbreytingar
- fyrri landnotkun
- starfsemi á aðliggjandi landi
- krossmengun

Þessir þættir eru þekktir í matvælaframleiðslu og tekið er sérstakt tillit til þeirra, bætti hann við. Að bæta þessa almennu nálgun krefst þess að borin verði kennsl á raunverulega áhættuþætti á hverju stigi afurðaræktunar og vinnslu.

Þekkingu skortir á sumum sviðum

Einkum, sagði hann, skortir þekkingu á áhættuþáttum vegna mengunar áður en til uppskeru kemur – þætti sem tengjast vatni, dýrum, jarðvegsbreytingum og landnýtingu. Gombas hefur rennt stoðum undir



David Gombas, talsmaður samtaka grænmetisframleiðenda í Bandaríkjunum.



þetta með langri röð ósvaraðra spurninga um raunverulega áhættuþætti og samanburð á ýmsum starfsaðferðum sem viðgangast í landbúnaði. Er hægt að nota búfjáraburð í moltu með öruggum hætti? Er óhætt að nota mykju og skít sem áburð í ræktun? Hvaða villtu dýr er líklegast að beri með sér matvælasýkingar?

„Mikið er vitað um áhættuþætti vegna sjúkdóma sem berast með mat en afar lítið er vitað um hvað er í raun öruggt,“ segir David Gombas.



COOL - LITE
SÓLVARNARGLER

ispan@ispan.is • ispan.is

Ispan
GLER OG SPEGLAR



FINNSKI OPA
SAFTPOTTURINN

Berjasaft, rabarbarasaft og ávaxtasoft verður leikur einn að búa til í honum ásamt ýmsum örðrum möguleikum.

Ferkari upplýsingar í síma 897-4573 og steini@muurikka.is.
www.MUURIKKA.is





STAHL
CraneSystems

kranar & taliur



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

 **ÍSFELL**
www.isfell.is

Ísfell ehf. • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Fréttaskýring

Franska blaðið *Courrier International* fjallaði fyrir skömmu um notkun eiturfna við matvælaframleiðslu og spurði:

Er eiturfur á diskunum okkar?

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Aðildarríki Evrópusambandsins áttu að taka afstöðu til leyfis-endurnýjunar á eiturfyninu glýfósat fyrir fund sambandsins þann 18. og 19. maí. Evrópu-sambandið frestaði því hins vegar í annað sinn þann 19. maí að greiða atkvæði um að staðfesta bann við notkun þess innan ESB sem taka á gildi 30. júní.

Glýfósat (Glyphosate) eða N-(phosphonomethyl)glycine, er eitt þeirra virku efna, m.a. í illgresiseyðinum Roundup, sem um ræðir. Það er mikið notað í landbúnaði víða um lönd. Þó efni sem innihalda glýfósat séu ekki notuð við framleiðslu matvæla í gróðurhúsum á Íslandi, né við framleiðslu fódurs fyrir skepnur á túnnum, þá er engin rannsókn fyrirbyggjandi um hvað getur leynst í innfluttum matvælum og fódri. Vaxandi áhyggjur eru af því að gróðureyðingarefni sem og skordýraeitur berist í fólk sem neytir matjurtanna sem þannig eru ræktaðar. Einnig að efnið séu í kjöti af dýrum sem alin eru á fódri sem ræktað er með aðstoð slíkra efna. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreindi glýfósat á síðasta ári sem mögulega krabbameinsvaldandi efni. Einnig eru læknar farnir að leiða líkum að því að orsakir aukinnar tíðni ýmissa sjúkdóma kunni að vera að finna í tilvist m.a. glýfósats í matvælum.

Í apríl var kunngerð rannsókn á þvagsýnum sjálfboðaliða meðal þingmanna Evrópusambandsins. Var rannsóknin gerð að undirlagi Græningja á Evrópuþinginu. Alls tóku 48 þingmenn frá 13 ESB-löndum þátt og lögðu fram þvagsýni. Flestir þingmannanna voru þó frá Belgíu, Frakklandi og Þýskalandi. Í öllum sýnunum sem skoðuð voru hjá Biocheck Laboratory í Þýskalandi fannst eiturfnið glýfósat.

Gríðarlegir peningahagsmunir eru í húfi og ljóst að framleiðendur efnanna leggja mikið á sig til að tryggja áframhaldandi notkun. Roundup, sem inniheldur glýfósat, er mest notaði plöntueitur í landbúnaði Evrópu og uppspretta um eins þriðja af tekjum framleiðandans Monsanto í álfunni. Efnið er talsvert notað hér á landi, en einkum af opinberum aðilum og einstaklingum.


Úttekt *Courrier International* í Frakklandi

Fjallað var um mögulega tilvist eiturfna í matvælum í franska blaðinu *Courrier International* þann 11. maí síðastliðinn. Þar var m.a. vísað í rannsókn sem þýska vikublaðið *Die Zeit* í Hamborg, eða *Tíminn*, gerði á þessari leiðandi Monsanto-afurð sem vekur mikinn áhuga bæði lobbýista og ríkisstjórna.

Varpað var fram þeirri spurningu hvort ástæða sé til að óttast þennan illgresiseyði sem leynist í meirihluta matvæla okkar.

Útdráttur úr *Die Zeit* – frásögn bónda nærri Hamborg

Þróunin var hæg frá fyrstu ein-



Glýfósat er nýmynduð sameind, hún er ekki til í náttúrunni. Hún samanstendur af þremur kolefnisfrumeindum (í svörtum lit), átta vetnisfrumeindum (í hvítum lit), einni azófrumeind (í appelsínugulum lit), fimm súrefnisfrumeindum (í rauðum lit) og einni fosfórfrumeind (í fjólubláum lit).



kennum þar til hann áttaði sig á stöðunni og sagði við sjálfan sig:

„Sven, það er eitthvað að hjörðinni þinni.“

Sven Krey, 34 ára, rjóður í kinn-um og kringluleitur, situr í eldhúsinu sínu. Dauft ljós kemur inn um gluggann en hann fær gæsaþöð þegar hann rifjar upp hvornig hryllingurinn tók sér bólfestu á bæ hans nálægt Norðursjó [í Þýskalandi]. Sælureitur þar sem orðið hryllingur virðist alls ekki eiga við.

Kreyhjónin þrifa heimkeyrsluna svo vandlega að börnin þeirra tvö fara út í gripahúsin á inniskóm. Um þessa sömu heimkeyrslu hafa farið síðustu fimm árin dýralæknar, búfræðingar og sérfræðingar í nautgriparækt. Sven Krey segir svo frá að til að byrja með hafi nýttar kúnna hans 150 farið þverrandi. Þar næst tóku þær að missa þyngd, um 30 og 40 kíló. Loks kom niðurgangur, lófa-stór fleiður á júgríð og fótálömun. Árið 2014 var svartast. Sex grip-


um var slátrað í neyð. Ástandið á þeim peningi, sem eftir lifði, var svo slæmt að bóndinn vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Sven Krey reynir að koma orðum að öllum þeim tilfinningum sem sótt hafa á hann. Stórkostleg örvænting. En líka léttir þegar einhver kom loks með mögulega skýringu á ástandinu.

Of stór skammtur af glýfósat

Fyrir rúmu ári kemur Achim Gerlach, dýralæknir hjá sveitarfélaginu Burg í Slésvík-Holtsetalandi, í fyrsta sinn á bæ Kreyhjónanna. Hann greinir einkenni langvarandi eitrunar í kúm þeirra:

Vefjadrep á júgrí, hala, eyrum, vandamál í maga og klaufum. Upp á síðkastið rekst dr. Gerlach oft á þessi einkenni. Eitthvað í fæði kúnna virðist valda þessum veikindum. Dýralæknirinn lætur rannsaka þvag þeirra. Í öllum sýnum finnst miklar leifar eins efnis: glýfósats.

Glýfósat er mest notaði plágu-eyðir í veröldinni. Það var sett á markað 1974 í Bandaríkjunum af amerísku landbúnaðariðnaðarsamsteypunni Monsanto undir nafninu Roundup og er nú notað um allan hnöttinn. Amerískir máisframleiðendur, indverskir baðmullarræktendur, argentískir sojabarónar og þýskir kornræktendur, allir úða glýfósati á



Myndaserían Litir, sem prýðir greinina í franska blaðinu *Courrier International*, var gerð af ítalska ljósmyndaranum Giorgio Cravero. Listamaðurinn, sem fékk verðlaun Hasselblad Masters 2016 í flokknum „Vörur“, vekur til umhugsunar um hvornig mannskepnan skaðar umhverfi sitt (hér gulrætur, sikoria, kál og appelsína). www.giorgiocravero.com.

akra sína. Efni sem drepur nær allar tegundir illgresis í veröldinni. Og stundum ekki bara illgresið.

Glýfósat drepur!

Langt er síðan tók að heyrast að glýfósat væri líka skaðlegt mönnum og skepnunum. Og þessi hugsanlega hættu leysti úr læðingi hugmyndafræðilegt stríð. – Glýfósat drepur! – Þarf að banna tafarlaust! Þetta endurtaka umhverfisverndarsinnar.

Forsvarsmenn bænda og samtök iðnfyrirtækja í landbúnaði sögðu aftur á móti:

Glýfósat bjargar mannlífum!

„Glýfósat bjargar mannlífum, það eykur landbúnaðarframleiðslu og fæðir heimsbyggðina.“

Í þessu stríði umhverfisverndarsinna og fulltrúa hefðbundins landbúnaðar hefur lengi skort á að vísindalegur aðili kæmi fram sem gæti gefið álit laust við allan áróður.

Glýfósat líklega krabbameinsvaldandi!

Dag einn í mars 2015 sendi hin Alþjóðlega krabbameinsrannsóknastofnun (IARC) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá sér álit. Eftir ítarlega skoðun á þeim vísindalegu rannsóknum sem fyrir lágu komst hún að þeirri niðurstöðu að glýfósat væri „líklega krabbameinsvaldandi“.

Glýfósat líklega ekki krabbameinsvaldandi!

Eftir úrskurð WHO virtist sem örlög glýfósats væru ráðin. En ekki var allt sem sýndist. Skömmu síðar kom þverfug



1974 – Glýfósat er fyrst sett á markað af fyrirtækinu Monsanto undir vörueitinu Roundup.

2002 – Einkaleyfið fyrir glýfósat rennur út sem gerir öðrum fyrirtækjum kleift að framleiða efnið.

13. apríl 2016 – Evrópuþingið samþykkir þingsályktun um að fara þess á leit við Framkvæmdastjórnina að hún endurnýji leyfi fyrir glýfósat um sjö ár en þó með ströngum takmörkunum.

18.-19. maí 2016 – Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendir nýja reglugerð um tíu ára leyfi fyrir glýfósat til atkvæðagreiðslu aðildarríkjanna.

melding frá Berlín. Þar gaf Þýska áhættumatsstofnunin (Bundesinstitut für Risikobewertung) út sitt álit: Glýfósat er „líklega krabbameinsvaldandi“.

Um miðjan nóvember lagðist Evrópska fæðuöryggisstofnunin (Efsa), sem situr í Parma á Ítalíu, á sveif með sama úrskurði:

Glýfósat væri „líklega ekki krabbameinsvaldandi“.

Hagsmunastríð

Stríðið milli baráttufólks umhverfis-verndar og hagsmunaaðila í landbún- aði hefur ummyndast í stríð vísinda- manna gegn vísindamönnum (Hópur vísindamanna á vegum stofnana Evrópusambandsins hefur tekið að sér að verja hagsmuni framleiðenda og notenda svokallaðra hjálparefna – innskot blm.).

Thoralf Kuchler, talsmaður Monsanto í Þýskalandi, segir:

„Þessi vara stenst ítrekað prófum allan heim og er enn leyfð.“

Hver er sannleikurinn?

Á milli stríðandi fylkinga standa síðan stjórnámálemenn og almenn- ingur sem spyr sig hver fari með sannleikann. Fyrsta svar er falið bak við framhlið úr múrsteini, gleri og stáli á Medizinisches Labor Bremen – Lyfjarannsóknastofu Bremen. Á þessari einkastofu starfar Hans- Wolfgang Hoppe, efnafræðingur sem mælir magn ýmissa efna í umhverfi okkar. Þau eru í fæðu okkar, hús- gögnum og fötum, plastþynnunni sem við vefjum matvæli okkar inn í, málningunni í veggjunum, leik- föngum barnanna. Þessa dagana er Hans-Wolfgang Hoppe að leita svars við spurningunni:

„Hve mikið af glýfósati taka Þjóðverjar upp í líkama sinn?“

Efnafræðingurinn gengur fram- hjá tækjum úr ryðfríu stáli sem suða hljóðlega. Þau líkjast kæliskápum en eru álíka dýr og hús. Hvert þeirra greinir ákveðið efni sem það finnur í blóði eða þvagi. Til dæmis efnaflokk polychlorobiphenyla eða PCB.

„Áður fyrr voru þau úti um allt,“ rifjar Hans-Wolfgang Hoppe upp. En síðan 2001 eru þau bönnuð um allan heim. Líka dichlorodiphenil- trychloroethane, eða DDT, sem var um tíma algengasta skordýraeitur í heimi og átti sér uppfinningamann sem fékk Nóbelsverðlaunin í læknis- fræði 1948. – Síðar var DDT flokkað sem „líklegur krabbameinsvaldur“ og er bannað í flestum þróuðum löndum síðan á áttunda áratugnum.

Ekki tekið mark á viðvörunarbjöllumum

Hans-Wolfgang Hoppe segir mér sögur í rannsóknastofu sinni af ákvörðunum sem voru teknar of seint. Nýtt efni kemur fram. Fyrstu viðvörunarbjöllur hringja út í tómið. Það er ekki fyrr en fyrstu mann- eskjurnar veikjast alvarlega að vís- indamenn fara að rannsaka virkni þeirra til hlítar. Á endanum kemur bann en það hefði mátt ákveða mun fyrr. Ef sérfræðingarnir hjá WHO hafa rétt fyrir sér þá verður sama sagan með glýfósat.

Illgresiseyðir finnast í margvíslegum matvælum og þolir suðu

Illgresiseyðir þessi kemur fram í sýnum af ostrusveppum, blómkáli, jarðarberjum, hnetum, fíkjum, linsu- baunum en einnig kartöflum. Fyrir þremur árum lét þýska tímaritið Öko- Test rannsaka hvort hann fyndist í



ýmsum kornafurðum. Leifar hans fundust í 14 afurðum af 20 – afurðum sem nær allir neyta daglega. Hans- Wolfgang Hoppe furðar sig á að efnið standist jafnvel suðu.

Þjóðverjar úða um 6.000 tonnum árlega yfir ræktarland

Í Þýskalandi í dag er glýfósat notað á um 40% ræktaðs lands, eða sem sam- svarar um 6.000 tonnum árlega. Þótt lífrænir ræktendur hafni efninu þá nota það margir hefðbundir bændur í stað plógs: í stað þess að fjarlægja illgresi vélrænt, áður en grænmeti og korni er sáð, þá er því útrýmt með efnun.

Mest notkun samhliða ræktun erfðabreyttra tegunda

Glýfósat er þó mest notað í lönd- um, sem leyfa ræktun erfðabreyttra tegunda, svo sem Bandaríkjunum, Brasilíu og Argentínu. Bændur á þessum svæðum sá erfðabreyttu korni sem er ónæmt fyrir glýfósati – en tekur það hins vegar upp. Þannig geta þeir meðhöndlað akra sína jafnvel eftir sáningu til að upp- ræta illgresi sem komið hefur upp í millitíðinni.

Notað við sojabauanaræktun á 90 milljónum hektara

Á síðustu tuttugu árum hefur land, sem nýtt er undir erfðabreytt soja, farið úr 0 í 90 milljónir hektara – þar af eru 22 milljónir hektara í Argentínu. Argentína er paradís fyrir glýfósat.

Barnalæknir uppgötvar vansköpun barna í landbúnaðarhéruðum

Í Argentínu starfar barnalæknirinn Avila Vásquez. Þessi barnalækn- ir stýrir nýbura-gjörgæsludeild heilsugæslustöðvar í borginni Córdoba í Argentínu. Til að byrja með tók hann eftir því að æ fleiri börn komu í heiminn með vansköp- un af einhverju tagi. Þarnaest áttaði hann sig á að mæður þessara barna bjuggu oft í landbúnaðarhéruðum, sveitarfélögum eins og Monte Maíz. Avila Vásquez brá sér til Þýskalands síðastliðið haust. Hann veit að ESB-framkvæmdastjórnin þarf brátt að ákveða hvort leyfið fyrir það verður framlengt eða afturkallað. Og hann vill vara Evrópubúa við.

Í Berlín ýtir Avila Vásquez á takka á fartölvu sinni. Á endurvarpsskjá sjást hvítmáluð hús í þorpi: Monte Maíz. Umhverfið er eins og grænt haf gert úr milljónum sojaplantna. Avila Vásquez tjáir sig á spænsku en túlkur snarar frásögn hans á þýsku. En skýrasta tungan er myndmálið. Blóðstokkið kýli á brjósti konu. Opið sár sem hefur grafið sig inn í bak ungbarns. En í lokin er mynd sem

tengir saman landbúnaðarumhverfið og þjáningu mannanna: Brúsar með illgresiseyði í geymslu.

„Glifosato“ bætir Avila Vásquez við. Hann sýnir tvö kort af Argentínu. Á því fyrsta sjást í dökkum lit þau svæði þar sem mest er ræktað af soja- baunum og þar sem glýfósat er mest notað. Á hinu eru svæðin þar sem dauðsföll af völdum krabbameins eru yfir landsmeðaltali. Kortin tvö eru næstum eins.

Ræktun erfðabreyttra tegunda bönnuð en innflutningur leyfður í stórum stíl

Ár hvert flytur Evrópusambandið inn 35 til 40 milljón tonn af erfðabreyttu soja framleiddu í Norður- og Suður- Ameríku. Þótt ræktun erfðabreyttra tegunda sé að mestu bönnuð í Evrópu á það ekki við um innflutning þeirra. Erfðabreytt soja lendir m.a. í jötum hjá evrópskum nautgripum, svínunum og fiðurfé. Árum saman voru kýr Svens Krey fóðraðar á því. En er það glýfósatið sem olli veikindum gripanna?

Talsmenn Monsanto geisla af sjálfsöryggi

Þýskar höfuðstöðvar amerísku sam- steypunnar Monsanto fylla tvær hæðir skrifstofubyggingar í Rath- hverfi í Düsseldorf. Úti lemur bylur- inn rúðurnar; inni geisla tveir menn af sannfærandi sjálfsöryggi.

„Við höfum þekkt glýfósat í mjög langan tíma og við þekkjum það einstaklega vel,“ fullyrðir Holger Ophoff, yfirmaður leyfisveitinga- deildar Monsanto í Þýskalandi. „Glýfósat er búið að vera á markaðn- um í meira en fjörutíu ár. Það stenst ítrekað próf um allan heim og er enn leyft,“ bætir Thoralf Kuchler, tals- maður Monsanto í Þýskalandi, við.

Rétt er að vísindamenn amerísku samsteypunnar uppgötvuðu fyrir mörgum áratugum hvernig glýfósat grípur inn í efnaskipti plantna: það hindrar ensím sem hefur hlutverki að gegna við myndun ákveðinna aminosýra. Án þessa ensíms drep- ast plönturnar á nokkrum dögum. Glýfósat-sameind er mynduð úr glýsíni, aminosýru, og fosfórsýrlingi.

Í upphafi áttunda áratugarins fékk Monsanto einkaleyfi á sam- setningunni. Fyrir utan Roundup frá Monsanto eru í Þýskalandi einu um 80 glýfósat-afurðir á markaði. Fjórtán fyrirtæki framleiða glýfósat á evrópskri grund. Monsanto á þar langmesta hagsmuni í húfi. Því sam- steypan selur ekki aðeins glýfósat um allan heim heldur líka erfðabreytt útsæði sem þolir illgresiseyðinn undir nafninu „Roundup Ready“, þ.e. í beinni þýðingu „varið gegn Roundup“.

/Þýðing úr frönsku: Óskar Bjarnason. – Meira um þessi mál síðar.

ER HÁVAÐA- MENGUN Á ÞÍNU BÝLI?


Notið alltaf heyrnarhlífar þegar þess er þörf. Farðu yfir það í huganum hvar er mesta hávaðamengunin á býlinu og hvað það er sem býr til hávaðann. Þegar þú kaupir nýjan búnað eða vélar þá skaltu íhuga hversu hljóðlátar þær eru.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á [bondi.is](#)



ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?





Stiga Estate Pro 9122
Öflugur, sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótór, þrýstismurður
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi
Frábær traktór í brekkur og erfiðari svæði



Askalind 4, Kópavogi
Sími 564 1864
[www.vetrarsol.is](#)



**IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR**

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | [www.ishurdir.is](#) | [ishurdir@ishurdir.is](#)

Framleiða Helluskeifur í óða önn á Skagaströnd:

Horfa til markaðar norðan heiða

– Rúnar Jóhannsson og Sesselja Guðmundsdóttir keyptu fyrirtækið Helluskeifur og starfrækja það á Skagaströnd

„Við sáum fyrirtækið auglýst til sölu í Bændablaðinu og veltum því fyrir okkur í framhaldinu hvort þarna væri hugsanlega eitthvað fyrir okkur, hvort ekki væri upplagt að bæta því við okkar starfsemi og fylla þannig upp í vinnuárið. Yfir vetrarmánuðina kemur fyrir að skapist eyður, það eru minni umsvif og því kjörið að hafa eitthvað að gripa í á þeim tíma,“ segir Rúnar Jóhannsson en hann og eiginkona hans, Sesselja Guðmundsdóttir, keyptu fyrirtækið Helluskeifur á liðnu ári. Félagið hafði árin á undan verið starfrækt í Stykkishólmi, en þau Rúnar og Sesselja fluttu það í heilu lagi til heimabæjar síns, Skagastrandar, og komu því þar fyrir.

Rúnar er Skagfirðingur, fæddur á Giljum í Vesturdal í gamla Lýtingsstaðahreppi, en Sesselja er frá Geitafelli á Vatnsnesi. Hún er leikskólakennari og starfar á leikskólanum á Skagaströnd. Rúnar hefur undanfarna tvo áratugi verið sjálfstætt starfandi verktaki og víða komið við. Hann hefur starfað við steypusögun, kjarnaborun, framleiðslu á túnþökum, sinnt landbúnaðarstörfum og einnig hefur hann flutt ull frá bændum fyrir Ístex á Blönduósi.

Leist vel á og keyptu

Þau Rúnar og Sesselja óku til Stykkishólms haustið 2014 og skoðuðu fyrirtækið Helluskeifur, sem þeim leist mæta vel á. Því var farið að huga að fjármögnun kaupanna og var búið að tryggja hana í febrúar í fyrra. Aftur var ekið frá Skagaströnd í Hólminn um vorið, „og við fengum líkt og í fyrri heimsókn mjög góðar móttökur, prófuðum að smíða nokkrar skeifur og fundum að þetta gæti vel hentað okkur,“ segir Rúnar. Það dróst hins vegar ýmissa hluta vegna að ganga endanlega frá kaupum á félaginu og varð að samkomulagi við fyrri eiganda að biða með að handsala samninginn fram á haust svo ekki kæmi til þess að viðskiptavinir yrðu fyrir töfum á afhendingu þegar mest væri að gera.

Fyrstu skeifurnar framleiddar um jóln

Það var svo um miðjan desember í fyrra sem þau hjónin fóru og gengu frá kaupum og fluttu fyrirtækið til Skagastrandar. Tækjum var komið fyrir í húsnæði á Hafnarlöd 6, gömlu mjólskemmunn í þorpinu, sem er feiknastórt hús og var á sínum tíma stúkað niður og selt í bitum. Rúnar og Sesselja eiga þar hlut og komu tækjum og tólum sem tilheyra skeifuframleiðslunni fyrir í um 100 fermetrum.

„Við útbjuggum ágætis vinnslurými þarna inni fyrir vélar og tæki og það fer prýðilega um okkur þarna,“ segir Rúnar.

Tækin voru komin á Skagaströnd 16. desember 2015, „og mátti ekki seinna vera því næsta dag var komin norðaustan stórhrið,“ segir hann. Síðasta vélin var tengd á Þorláksmessu og annan dag jóla hófust þau handa og framleiddu fyrstu 200 skeifurnar og segir hann að á ýmsu hafi gengið.

Enginn síðasti söludagur

Fyrirkomulag á smíðinni er með þeim hætti að bæði eru þau við framleiðsluna, þ.e. að smíða úr hitanum, en það er einna fljótlegasta verkið í ferlinu og verður að gerast í einni törn. Þegar því verki er lokið getur einn maður tekið við keflinu og sinnt því sem eftir er, að stínga niður úr fjaðragötum, lokka úr og snitta fyrir skafla, potta ef þess er óskað sem og að sinna öðrum frágangi.



„Ætlun okkar er að vinna upp lager að vetrinum sem við svo getum afgreitt úr með skömmum fyrirvara þegar pantanir berast, því framleiðsla á skeifum er með þeim hætti að á henni er enginn síðasti söludagur,“ segir Rúnar.



Rúnar Jóhannsson og Stefán Kristjánsson á Grýtubakka í Grýtubakkahreppi skoða Helluskeifur á hlaðinu hjá Stefáni, en hann ásamt eiginkonu sinni rekur hestaþjónustufyrirtækið Pólarhesta.

„Ætlun okkar er að vinna upp lager að vetrinum sem við svo getum afgreitt úr með skömmum fyrirvara þegar pantanir berast, því framleiðsla á skeifum er með þeim hætti að á henni er enginn síðasti söludagur,“ segir Rúnar.

Skeifurnar eru seldar beint frá framleiðenda og dreifing fer fram með Póstinum. Rúnar segir að kaupmenn 10 ganga eða meira taki framleiðendur á sig flutningskostnað. Þá hafa tvær verslanir á Suðurlandi Helluskeifur til sölu, Baldvin og Þorvaldur og einnig Landsstólpi.

Markaðsátak norðan heiða

Helluskeifur eiga upphaf sitt að rekja til Suðurlands, framleiðslan hófst á Hellu, en fluttist þaðan í Stykkishólmi.

„Helsta markaðssvæði fyrirtækisins hefur frá upphafi verið á Suðurlandi þar sem það var upphaflega staðsett og það náði svo líka ágætis fótfestu á Suðvestur- og Vesturlandi. Stærstu viðskiptavinir félagsins eru fyrirtæki í hestatengdri þjónustu, eins og Eldhestar í Ölfusi, Hestaleigan Laxnes í Mosfellsdal og Ferðir Arinbjörns í Brekkulæk í Miðfirði, en þessir aðilar segjast solt-



Stefán ánægður með Helluskeifurnar.

ir bjóða upp á hestaferðir með sína viðskiptavinum og noti íslenskar skeifur undir sína hesta,“ segir Rúnar.

Helluskeifur fengu nýverið styrk frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, til frekari markaðssetningar á norðanverðu landinu og segir Rúnar að félagið sé nú um þessar mundir að koma sér á framfæri norðan heiða. „Ég álit að það sé heilmikill markaður hér um slóðir, en honum hefur ekki verið sinnt neitt sérstaklega.



„Gneistar af stáli glampar á grjót, glymur í bergi á fjöllum. Hræðumst ekki hraunholtin ljót, Helluskeifur á öllum.“ Hér er Rúnar á vinnusvæði sínu á Skagaströnd, önnum kafinn við að framleiða Helluskeifur.



Stefán er að líkindum með síðustu mönnum hér á landi til að nota ávisanir, hann dró upp hefti sitt til að greiða Rúnari fyrir skeifurnar.

Við hyggjumst kynna okkar vöru í fjórðungnum með öflugum hætti á næstu mánuðum,“ segir hann.

Meiri ending á erfiðum reiðvegum

Rúnar segir að kostir Helluskeifa séu margvíslegir, „fyrir það fyrsta er um íslenska framleiðslu að ræða og það hlýtur að teljast einhvers virði í sjálflu sér, að framleiðslan fari fram innanlands og skapi þar atvinnu. Það má líka benda á að erlendir framleiðendur hafa nefnt sína framleiðslu „Íslandsskeifur,“ svo einhvers virði er tengingin við landið.“ Rúnar nefnir einnig að kaupendur hafi nefnt við sig að

íslenska framleiðslan hafi meiri endingu á erfiðum reiðvegum en sú erlenda og að hófar fari ekki illa þótt hestur tapi skeifu. Þá sé í flestum tilvikum hægt að koma skeifu á hófinn þótt ekki séu önnur verkfæri en höffjaðrir og steinn. „Eins og gamalt máltæki segir: Allt er betra en best þegar langt er í byggð.“

Metnaður til að gera vel

Rúnar og Sesselja kunna nýja starfinu sínu vel og horfa bjartsýn til framtíðar, „sem auðvitað eins og ætíð er óljós í þessu eins og öðru, en okkar markmið er að þjónusta af kostgæfni þá ágætu viðskiptavini sem fyrir eru og veita þeim góða þjónustu. Vonandi náum við einnig því markmiði okkar að eignast fleiri. Við erum rétt að fara af stað með þessa framleiðslu, höfum gaman af verkefninu og metnað til að gera vel. Eftirspurn eftir okkar framleiðsluvöru mun svo ráða hvort fyrir hendi eru möguleikar á stækkkun,“ segir Rúnar. „Við leggjum áherslu á að um íslenska framleiðslu er að ræða og hún byggir á áratuga reynslu. Helluskeifur eru sérsmíðaðar fyrir íslenska hesta og íslenskar aðstæður,“ segir Rúnar.

/MBÞ

Miklar sólbrunaskemmdir eru í tünnum í Álfthverri:

Um 20–35% túna skemmd

– Búist við lélegri uppskeru og slökum heyjum

Miklar sólbrunaskemmdir eru í tünnum í Álfthverri í Vestur-Skaftafellssýslu og bendir allt til að hefyngur verði af þeim sökum mjög slakur. Úr þessu er ekki útlit fyrir að staðan breytist til batnaðar. Lítið sem ekkert hefur rignt á þessum slóðum frá því síðla vetrar, eða í kringum 20. mars síðastliðinn.

Kristján Bjarndal Jónsson, jarðræktarráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, fór um svæðið og skoðaði tún um miðjan júní. Hann segir að þó svo að rignt hafi lítillega síðan hann var á ferð í Álfthverri skipti það ekki sköpum, skaðinn er þegar orðinn. Kristján segir um 20 til 35% túna í Álfthverri skemmd af völdum sólbruna og þurrka.



Miklar sólbrunaskemmdir eru í tünnum í Álfthverri í Vestur-Skaftafellssýslu. Þessi mynd var tekin fyrir þremur vikum í Norðurhjáleigu. Þar þurfti að endurrækta 4 ha tún sem var 70-80% brunnið. Mynd / Sæunn Káradóttir



Í Holti í Álfthverri eru tún illa leikin af þurrki. Mynd tekin í byrjun júní. Allt bendir til þess að hefyngur verði mjög slakur. Mynd / Svana Sigurjónsdóttir

Besta leiðin er að bera meira á

„Ég ráðlagði bændum að bera meira á, það er besta leiðin og ódýrari en til dæmis að leigja tún annars staðar, slíkt hefur umtalsverðan kostnað í för með sér og fyrirhöfn,“ segir Kristján. Sólbruninn jafnar sig yfirleitt þegar sólmagnið minnkar og vatnsbúskapur kemst í jafnvægi og segir Kristján að þótt rötarkerfi plantmanna verði fyrir þurrkskaða geti þær náð þeim styrk að plantan lifi. Þess séu þó dæmi að sólbruni geti jafnað á við versta kal með þeim afleiðingum að plantan deyr,“ segir Kristján. Nauðsynlegt sé einnig að auka fósfor því hann hefur afgerandi áhrif á rötarkerfið. Kalíð sé einnig til bóta, það getur varið plöntuna fyrir meiri skaða næsta vetur.

Óttast að hey verði í slakara lagi

Kristján segir að nautgripabændur hafi af því verulegar áhyggjur að ná ekki kúgæfum heyjum. Líkur séu á að eitthvað náist eftir sumarið af meðalhevi í aðra gripi að magni, en fyrir mjólkurkúr og eldisgripi. „Þar þarf að gera meiri kröfur en

Mikið kal á svæðinu í fyrravor

Ljóst er að bændur í Álfthverri muni í töluverðum mæli leita eftir styrkjum úr Bjargráðasjóði. Kristján segir að mikið kal hafi verið í tünnum í

Álfthverri í fyrravor og uppskera því með minna móti eftir sumarið. Uppskeyra var fyrir vikið mun minni en vanalega og því alls ekki hægt að miða hana við uppskeru þessa árs.

Nokkrir bændur á svæðinu eru byrjaðir að heyja og er uppskera með rýrara móti. Nefnir Kristján dæmi af bændum í Holti sem fengu 43 rúllur af 4 ha stykki fyrir fjórum árum, þær urðu 43 árið á eftir, 20 í fyrrasumar og nú í sumar fengu 16 rúllur af þessum 4 ha. „Mér sýnist að uppskera sé með svipuðu móti annars staðar á svæðinu,“ segir Kristján.

/MPD

Þurrkun á hvönn á Suðurlandi

Vantar þurrkunaraðstöðu fyrir hvönn á tímabilinu 15. júlí – 15. ágúst.

Helst sem næst Vík í Mýrdal.

Vinsamlega hafið samband ef þið getið aðstoðað mig með þetta.

Haukur gsm 8200 864, haukur@avaxtabillinn.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Ert þú að spá í nýtt límtrés- eða stálgrindarhús?



Við spáum gjarnan í það með þér.

www.STRUKTUR.is

Hafðu samband og saman finnum við réttu lausnina!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 860 0264 & 696 0008 |



Til leigu jörðin Þorbrandsstaðir í Vopnafirði

Vopnafjarðarhreppur auglýsir til leigu jörðina Þorbrandsstaði í Hofsaárdal í Vopnafjarðarhreppi.

Leigusamningur verður ótímabundinn. Miðað er við að leigusamningur sé frá 1. september 2016.

Íbúðarhúsið er um 242 m² í góðu ásigkomulagi. Jörðinni Þorbrandsstaðir fylgir um 30 ha. ræktað land. Hluti af leigu felur í sér umsjón og viðhald girðinga. Hvorki framleiðsluréttur né hlunnindi fylgja jörðinni. Útihús fylgja jörðinni sem nýta má til búskapar.

Umsóknum um jörðina Þorbrandsstaði skal skila til skrifstofu Vopnafjarðarhrepps Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður eða á netfangið skrifstofa@vopnafjarðarhreppur.is fyrir 20. júlí nk.

Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps



Ráðgjafi á rekstrarsviði

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í rekstrarráðgjöf.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starf í ráðgjafateymi RML sem sinnir rekstrarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við rekstrar- og fjármögnunaráætlanir fyrir bændur.
- Vinna við rekstrargreiningar í búrekstri.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísi í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð kunnátta á excel er nauðsyn.
- Þekking á dk-Búbót bókhaldskerfinu eða sambærilegu kerfi er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Berglind Ósk Óðinsdóttir boo@rml.is starfsmannastjóri.

Sígildir klossar

Ábyrgjumst gæði

praxis
... þegar þú vilt þægindi



TILBOÐ 19.900

3ja laga Softshell fyrir dömur og herra í 5 litum
Verð 21.900

25290 - Parma
Litir: Svart, hvítt, blátt og rautt
Str. 36-42
Verð 12.600



Teg. 25340
Litir: Svartur
Str. 36-42
Verð 10.500

Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990



10% staðgreiðsluafsláttur af öllum skóm



Teg. 00045
Litir: Hvítt
Str. 35-42
Verð 13.900

Teg. 51143
Litir: Hvítt/Svart
Str. 35-46
Verð 16.900



Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opíó mán. og mið. 11-17, þri. 11-15, lokað á fimmtudögum og föstudögum í sumar.

„Lífrænt er framtíðin“ segir Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi hjá Krónunni:

Krónan veðjar á lífrænar matvörur

– Verslunin hefur tryggt sér allt lífrænt lambakjöt sem er í boði hjá sláturleyfishöfum

Stjórnendur matvöruverslana Krónunnar hafa mótað markvissa stefnu um að auka framboð á lífrænt ræktuðum vörum. Að sama skapi verður lögð áhersla á hollar matvörur, dýravelferð og umhverfisvernd. Það vantar tilfinnanlega fjölbreyttara úrval af lífrænum innlendum búvörum að mati verslunarinnar sem biðlar til bænda um að setja aukinn kraft í lífræna ræktun.

Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi hjá Krónunni, segir að það sé siðferðislega rétt að fara þessa leið. Þróunin á dagvörumarkaðnum sé hröð og eftirspurn mikil eftir vörum sem uppfylla vaxandi kröfur neytenda. „Neytendur eru að kalla eftir hollari valkostum, aukinni dýravelferð og umhverfisvernd. Allt þetta er sameinað í lífrænt vottuðum vörum,“ segir Oddný Anna, sem hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri heildsölnunar Yggdrasils og setið í framkvæmdanefnd Samtaka lífrænna neytenda. Hún bendir á að lífsstílsjúkdómur sé ein mesta heilbrigðisógn okkar tíma og kostnaðurinn við að meðhöndla þá sé mikill. Almennitur er farinn að átta sig betur á aðbúnaði búfjár í nútímabúskap og þeirri mengun sem kemur frá landbúnaði, einna helst af völdum þrengslabúskapar, eiturefna og tilbúins áburðar. „Allir þurfa að leggja á eitt við að snúa þessari þróun við og geta matvöruverslanir haft mikil jákvæð áhrif. Krónan ætlar sér að vera í fararbroddi; bæði hvað varðar framboð á lífrænt vottuðum vörum og hollustu almennt.“

Sælgetið vikur fyrir hollustunni

„Fyrir utan að stóruka úrvalið af lífrænum vörum höfum við sem dæmi stigið þau skref að fjarlægja allt sælgæti af kassasvæði, hafa ávaxta- og grænmetisdeildina fremst í verslunum ásamt því að stækka hana, setja vatn og sóðavatn og minni flöskur fyrir framan sykrað gos og stórar flöskur og stilla hollari kostum fram á skýrari og aðgengilegri hátt,“ segir Oddný Anna.

Viðbrögð neytenda eru góð

„Við höfum séð tugprósenta árlegan vöxt í lífrænum vörum enda aukið úrvalið verulega sem og það pláss og sýnileika sem vörurnar fá. Á sama tíma hefur verið lækkað og hefur mestur árangur náðst með vörumerkinu okkar *Grön Balance* sem kemur frá Danmörku. Verðið á þeirri vörulínu er svipað eða örlítið hærra en á „ólífrænu“ merkjunum. Söluhæstu lífrænu vörurnar í dag eru jurtamjólk, safar, hnetur og fræ, olíur, baunir, kornmeti, gos og súkkulaði.

Úrvalið og vöxturinn hefur fyrst og fremst verið í hinum svokallaða „þurrvöruflökki“ sem ofantaldar vörur falla inn í, þar sem úrvalið af ferskvörunni (kjöt og fiskur, ávextir og grænmeti, mjólkurvörur og brauðmeti) er því miður enn takmarkað en þær eru um tveir þriðju hlutar verðmætis meðal matarkörfunnar á Íslandi enda grunnurinn í neyslu landsmanna.“

Þurfum að auka við ferskvöruna

Oddný Anna segir að hlutfall lífrænna matvæla af neyslu landsmanna verði aldrei verulegt fyrr en úrvalið aukist í ferskvörunni, en þar liggur helsta hindrunin að hennar mati. „Það er ástæðan fyrir því að Krónan réði mig sem ráðgjafa. Mitt hlutverk er að aðstoða þau við að móta stefnu og finna leiðir til að auka verulega framboð og sölu á lífrænum ferskvörum.“

Hún segir einfaldara að flytja inn þurrvöruna en ferskvöruna þar sem verulegar hömlur séu á innflutningi



Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi hjá Krónunni, hvetur bændur til að fara út í lífræna framleiðslu.

Myndir / TB



Lífrænu ávextirnir og grænmetið eru innar um aðrar vörur í verslun Krónunnar í Flatahrauni og aðgreindar með grænum ramma í kringum verðmerkinguna.

vegna tolla. „Þótt enginn vottaður lífrænn kjúklingur, nauta- eða svínakjöt sé framleitt á Íslandi þá eru verndartollar lagðir á innflutt lífrænt kjöt sem hækkar innflutningsverðið um tugi, jafnvel hundruð prósent. Sama á við um kartöflur sem dæmi. Þótt verslanir geti ekki nálgast lífrænar kartöflur innanlands þá bera þær innfluttu háa verndartolla,“ segir hún.

Lífrænt lambakjöt, egg og mjólkurvörur

Í dag er lambakjöt eina lífrænt vottaða kjötið sem til er og býður Krónan upp á það í stóru verslunum sínum í Lindum, á Granda, í Mosfellsbæ, í Flatahrauni og á Selfossi. Í haust verður það enn aðgengilegra í sláturtíðinni en kjötkaupmenn Krónunnar hafa tryggt sér eins mikið magn og kostur var á.

Oddný Anna fagnar auknu úrvali af innlendum lífrænum búvörum en fleiri bændur þurfa að fara út í lífræna framleiðslu að hennar mati. „Í febrúar komu fyrstu lífrænu egginn á markað sem var stórt og afar jákvætt skref sem ber að þakka Nesbú-eggjum fyrir að taka. Það er ánægjulegt að segja frá því að nú, innan við fjórum mánuðum síðar, er hlutfall þeirra af heildarsölu eggja orðið verulegt í verslunum Krónunnar – í raun langt umfram væntingar.“ Hún segir lífrænu mjólkurvörurnar frá BioBú hafa selst vel um langa hríð og þar hafi úrvalið aukist en fyrirtækið anni vart eftirspurn. Grunnvörurnar vanti tilfinnanlega í lífrænu mjólkurvörum; mjólk, ost, smjör og rjóma.

Þurfa að stóruka innflutning á lífrænu grænmeti

„Íslenska lífræna grænmetið selst alltaf upp og er ekki fáanlegt árið um kring og úrvalið einnig afar takmarkað. Þess vegna höfum við

stórukið innflutning og stefnum að því að bjóða upp á lífrænan valkost á samkeppnishæfu verði í sem flestum tegundum og vinnum jöfnum skrefum að því. Mesta úrvalið í dag má finna í nýju versluninni okkar á Flatahrauni í Hafnarfirði en þar má finna hátt í fimmtíu tegundir af lífrænum ávöxtum og grænmeti, að stærstum hluta undir merkjum *Grön Balance* sem við flytjum inn frá Danmörku. Það er mikil synd að ekki sé hægt að nálgast það hér á landi því við höfum allt sem þarf til að geta orðið að mestu sjálfbær í grænmeti,“ segir Oddný Anna.

Sala á lífrænum vörum mest á höfuðborgarsvæðinu

Sala á lífrænum matvörum er enn sem komið er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjum úti á landi þar sem stórar lágvöruverðsverslanir eru. Oddný Anna telur að skýringarnar á því megi meðal annars finna í því að fólk í dreifbýlinu keyrir í þær verslanir til að gera stórinna kaup og kaupir þá frekar lífrænu vörurnar þar, þar sem þær eru í meira úrvali og á lægra verði en í litlum verslunum.

Oddný Anna segir að rannsóknir á kauphegðun íslenskra neytenda sem vilja lífrænar vörur hafi ekki verið gerðar á seinni árum. „Erlendar rannsóknir hafa sýnt að nýbakaðir foreldrar, þá sérstaklega mæður, sé stærsti hópurinn. Oft er það ekki fyrr en við byrjum að eignast börn að við förum að skoða virkilega hvað við látum ofan í okkur og þá sérstaklega ofan í þennan nýja ofurviðkvæma einstakling sem við viljum að sjálfsögðu að fái allt það besta og hreinasta. Það leiðir fólk að lífrænum vörum og hefur lífræni barnamatúrinn algera sérstöðu en



Lífrænu eggin seljast vel.



Lífrænt lambakjöt er fáanlegt í stærri verslunum Krónunnar.

þrír fjórðu hlutar sölu barnamatar eru lífrænt vottaðar vörur. Þegar fólk er svo komið á bragðið fer það að auka hlutfall lífrænna vara í eigin neyslu og neyslu allrar fjölskyldunnar,“ segir hún.

Hvaðan koma lífrænu vörurnar?

Lífrænu þurrvörurnar sem Krónan selur koma einna helst frá Danmörku, Þýskalandi og Hollandi en töluvert framboð er einnig af vörum frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Ítalíu og fleiri löndum.

„Ferskvörurnar eru mestmegnis íslenskar en það á eftir að breytast. Við getum ekki bara setið og beðið eftir að framboðið aukist hér á landi og munum því auka verulega innflutning á lífrænum ferskvörum, þ.m.t. grænmeti og ávöxtum, kjöti og mjólkurvörum.

Við munum þó ávallt leggja mesta áherslu á lífrænar íslenskar ferskvörur og fögnum þeim nýjungum sem koma á markaðinn. Sem betur fer er gróska og gerjun á markaðinum og við erum vongóð um að geta, í samstarfi við íslenska bændur og framleiðendur, bætt framboðið verulega á næstu misserum,“ segir Oddný Anna.

Lífrænt er framtíðin

Íslenskir bændur hafa sumir hverjir farið út í lífræna ræktun og framleiðslu en betur má ef duga skal. Hvaða skilaboð hefur verslunin til þeirra bænda sem gætu hugsað sér að fara út í lífræna ræktun?

„Lífrænt er framtíðin. Þangað er markaðurinn að þróast þrátt fyrir að sterkir hagsmunaaðilar um allan heim reyni hvað þeir geta til að standa í vegi fyrir því. Danir hafa mótað sér þá stefnu að verða 100% lífrænt land og ætla að tvöfalda framleiðsluna sem

þegar er sú hæsta í Evrópu fyrir árið 2020. Þeir hafa lengi verið á þeirri vegferð og hafa stjórnvöld stutt dyggilega við lífræna geirann sem hefur skilað miklum árangri.

Að verða 100% lífræn þjóð er að auki svar þeirra við því að þeir finna að landbúnaðarvörurnar þeirra séu ekki samkeppnishæfar í verði við landbúnaðarvörurnar frá stóru landbúnaðarþjóðunum sem hafa tiltölulega nýlega fengið aðgang að innri markaði ESB. Einnig fá þeir jákvæða mynd og gæðastimpil á sinn landbúnað. Með þessu skapa þeir sér sérstöðu og fara inn á markað þar sem eftirspurnin er sífellt að aukast og er mun meiri en framboðið.

Væri ekki upplagt að taka frændur okkar Dani til fyrirmyndar? Það myndi sannarlega bæta mynd Íslands, styrkja ferðamannaíðnaðinn og vera góð leið til að auka umhverfismiðaðan árangur og sjálfbærni í landbúnaði almennt,“ segir Oddný Anna.

Fá bændur betur borgað fyrir lífrænar vörur?

Oddný Anna segir það ólíkt eftir vörumerkjum og vöruflokkum hver verðmunurinn sé en gott sé að miða við að lífræni valkosturinn sé ekki meira en 20–25% dýrari en sá „hefðbundni“ til að ná til breiðs hóps neytenda. „Sem dæmi er munurinn á mjólkurvörum í Danmörku í kringum 20%. Það er því það álag sem bændur ættu að reyna að miða við þegar þeir eru að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að fara út í lífræna ræktun. Munurinn hér á landi hefur þó sannarlega verið og er í sumum tilfellum umtalsvert meiri, en einnig minni og jafnvel enginn eins og á sumum vörum í *Grön Balance*-línunni okkar.“ Hún leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að bera saman vörur af sambærilegum gæðum, með sambærilegt hráefna-innihald þegar verðsamanburður er gerður. „Það má ekki taka ódýrasta valkostinn sem inniheldur jafnvel umtalsvert magn af ódýrum fyllingarefnum við hágæða lífrænan valkost án fyllingarefna,“ segir Oddný Anna.

Bættur aðbúnaður og upprunamerkingar skila árangri

„Mikilvægasta skrefið í búfjárræktinni er bættur aðbúnaður og fögnum við hverju því skrefi sem tekið er í þá átt, samanber hvað Matfugl og Litla gula hænarnar eru að gera með sínum „velferðarkjúklingum“ sem dæmi. Það er afskaplega jákvætt að sjá að lífrænu egginn ásamt eggjunum frá lausagöngu hænum séu búin að taka fram úr búrhænueggjum í sölu,“ segir Oddný Anna og bætir því við að krafan um upprunamerkingar búvara sé einnig hávær. „Neytendur vilja vita hvaðan kjötið kemur og geta verið vissir um að það komi ekki frá bæjum þar sem skepnurnar eru illa hirtar. Grænmetisbændur hafa svarað því kalli mjög vel og það skref sem Fjallalamb á Kópaskeri var að taka er aðdáunarvert varðandi upprunamerkingar á lambakjöti.“

Oddný Anna nefnir í lokin ánægju sína með þau skref sem voru stigin í viðræðum um nýja búvörusamninga.

„Þar eru 335 milljónir eyrna-merktar markmiðinu að auka vægi lífrænnar framleiðslu á tímabilinu eða um 32–35 milljónir króna á ári. Fjármunirnir eru ætlaðir til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum, þ.e. aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn búvöruframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði. Vonandi hvetur þetta bændur til að taka þetta jákvæða skref!“ segir Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi hjá Krónunni.

/TB



Bára Sif Sigurjónsdóttir.

Mynd / Ólöf Ósk Guðmundsdóttir

Ungir og gamlir Hvanneyringar koma saman: Hvanneyrarhátíðin haldin um næstu helgi

Hvanneyrarhátíðin 2016 fer fram þann 9. júlí nk. frá kl. 13.30 til 17.00. Þennan dag taka heima-menn vel á móti gestum og gang-andi með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Upphaf hátíðarinnar má rekja til Safnadagsins sem Landbúnaðarsafn Íslands tók þátt í, og bauð þá velunnurum sem og gömlum nemendum að koma á Hvanneyri og kíkja á safnið sér að kostnaðarlausu og hitta gamla félagi og vini. Nú hefur Safnadagurinn verði færður fram í maí og Hvanneyrarhátíðin stendur nú sem sér viðburður sem hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og fjöldi gesta margfaldast á milli ára.

„Hátíðin fer fram að mestu leyti á gömlu bæjartorfunni svokölluðu sem var friðlýst í fyrra við hátíðlega athöfn. Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin með þessum hætti og er að öllu leyti skipulögð og framkvæmd af heimamönnum sem vilja bjóða gestum að njóta skemmtilegrar dagskrár í fallegu umhverfi á Hvanneyri,“ segir Bára Sif Sigurjónsdóttir, ein af skipuleggjendum hátíðarinnar í ár.

130 ára saga skólasamfélagsins á Hvanneyri

Saga íslensks landbúnaðar, bændaskólans og Hvanneyrar er samtvinnuð og mikilvæg í búnaðarsögu landsins og er henni gerð góð skil í Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri. Tenging fyrrverandi nemenda Bændaskólans við Hvanneyri er sterk og hjá mörgum er það orðinn fastur liður að sækja Hvanneyrarhátíðina heim þar sem gamlir og góðir tímar eru rifjaðir upp.

„Í ár verður rykið dustað af gömlu skólaspjöldum Bændaskólans á Hvanneyri og verða þau til sýnis í skólastofum Gamla skóla ásamt myndum frá skólastarfinu og ýmsu fleiru. Það er ótrúlega margt fólk

sem hefur einhverja tengingu við Hvanneyri; fyrrverandi nemendur eða ættingjar þeirra og vinir. Með sýningunni getum við vonandi veitt innsýn í skólasamfélagið á Hvanneyri sem á sér nærri 130 ára sögu,“ segir Bára.

Geitalatté í kaffihúsinu

Meðal dagskrárliða eru heyvagna-akstur, opið fjós, pönnuköku-baksturskeppni, leiðsögn verður um Yndisgarða á Hvanneyri, markaður, danshópurinn Sporið tekur sporið, húsdýr með ungvíði, andlitasmálun og leikir, og margt fleira. Erfðalindasetur Íslands verður með upplýsingar um íslensku húsdýrin og leggur til geita-mjólk frá Háafelli sem notuð verður í sérlegað geitalatté sem verður til sölu í kaffihúsinu Skemmunni. Þá mun Bjarni Guðmundsson, forstöðumað-ur Landbúnaðarsafnsins, lesa upp úr nýrri bók sinni, Konur breyttu búháttum – saga Mjólkurskólans á Hvanneyri og á Hvítárvöllum. Rjómaþúfið á Erpsstöðum ætlar að taka þátt í hátíðinni í ár með kynn-ingu og sölu á vörum sínum.

Enginn aðgangseyrir

Frír aðgangur verður að Land-búnaðarsafni Íslands og ætla konum-ar sem standa að Ullarselinu að sýna listir sínar á tröppum safnsins. Einn að vinsælustu viðburðunum er inn-koma Fornbílafjelags Borgarfjarðar sem stillir bifreiðum sínum upp, ungum sem öldnum til gamans. Þá verður gamli Andakílsskóli opinn svo fólk geti kynnt sér starfsemina sem þar fer fram. Við grunnskólann verður einnig úrval skemmtilegra leikja og þrauta, t.d. leitin að nál í heystakki, sem var mjög vinsæl í fyrra.

Formleg dagskrá hefst kl 13.30 og lýkur henni kl. 17.00. Allar nánari upplýsingar um hátíðina og dagskrá má finna á Facebook-síðunni www.facebook.com/hvanneyrarhatid.



Myndir / Valdimar Gestsson



Betra Púst

Sími: 555 70 70

VIÐ NOTUM FLUID FILM

PÚSTVIÐGERÐIR

SÉRSMÍÐI F. ALLAR GERÐIR BÍLA

[ÞJÓNUSTA FYRIR BREYTTA JEPPA, VÖRUBÍLA OG RÚTUR]

Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík • betrapust@gmail.com • www.betrapust.is

RYÐVARNARÞJÓNUSTA

FLUID FILM

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður – Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

HÁGÆÐA SMUREFNI



fluidfilm@fluidfilm.is • www.fluidfilm.is

AB varahlutir, Funahöfða 9, Reykjavík
AB varahlutir, Fagradalsbraut 25, Egilsstöðum
AB varahlutir, Gagnheiði 34, Selfossi
Barki, Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst, Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja, Laugavegi 29, Reykjavík
Bú Aðföng, Stórolfsvelli, Hvalsövellur
Bymos, Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen, Fiskislóð 1, Reykjavík
ET Verslun, Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf, Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús, Smiðsbúð 10, Garðabæ
JHM Sport, Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan, Skemmuvegi 34, Kópavogi
Jói Byssusmiður, Dalbraut 1, Reykjavík
Jötunn vélar, Austurvegi 69, Selfossi
Jötunn vélar, Lönsbakka, 601 Akureyri
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1, Borgarnesi
Lásapjónustan, Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið, Bildshöfða 16, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smiðjan verslun, Sindragötu 12c, Ísafirði
Smurstöðin, Fosshálsi 1, Reykjavík
Smurstöðin Garðabæ, Litlatún 1, Garðabæ
Stálstjörnur, Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Tækniþjónusta bifreiða, Hjallahraun 4, Hafnarfirði
Verslun Líflands, Efstubraut 1, Blönduósi
Verkfærasalan, Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi, Fitjabraut 2, Reykjanesbæ



Landgræðsla ríkisins

Héraðsfulltrúi

Landgræðsla ríkisins er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróð-urs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

Landgræðsla ríkisins óskar eftir að ráða héraðsfulltrúa með aðalstarfssvæði í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum með aðsetur á Húsavík. Hann þarf að hafa sveigjanleika og vera tilbúinn til að taka þátt í þróun starfsins og breytingum sem kunna að verða á starfinu og vinnustaðnum.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Öflun upplýsinga, ráðgjöf og eftirlit með verkefnum í Bændur græða landið, Landbótasjóði og öðrum landgræðsluverkefnum.
- Áætlanagerð og umsjón landgræðsluverkefna á starfssvæðinu.
- Vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og fylgjast með að lögum um landgræðslu sé framfylgt.
- Aðstoð við gerð beitar- og uppgræðsluáætlana fyrir einstakar bújarðir og stærri svæði.
- Skráning landgræðsluáðgerða og eftirlit með árangri þeirra.
- Fræðsla og ráðgjöf til sveitarstjórna, landnotenda, skóla og almennings.
- Önnur verkefni

Menntun og hæfni

- Krafist er BSc-prófs í náttúruvísindum, t.d. landnýtingu, beitarfræðum eða umhverfisfræðum
- Almenn þekking eða reynsla af landbúnaði
- Skipulagshæfni, sveigjanleiki og góð samstarfshæfni
- Góð kunnátta í notkun tölvu og upplýsingatækni og góð íslenskukunnátta, skilyrði.
- Þekking og reynsla af landgræðslustarfi, kostur
- Þekking og reynsla af notkun landupplýsingakerfa, kostur

Um er að ræða 100% stöðu, starfinu geta fylgt talsverð ferðalög, megin starfssvæðið er Norður-land. Stafið hentar bæði konum og körlum.

Laun er skv. kjarasamningi ríkisins og FÍN félags náttúrufræðina. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Stefánsson sviðsstjóri (guðmundurst@land.is) í síma 899 3096. Umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af prófskríteinu skal senda til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 850 Hella eða á netfangið sigurbjorg@land.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2016.

Það er hægt að grilla mat á ótal vegu:

Læknirinn tekur sér stöðu við grillið

Ragnar Freyr Ingvarsson, „læknirinn í eldhúsinu“, gaf nýlega út matreiðslubók þar sem grillmatur er í aðalhlutverki

Hinn geðþekki læknir Ragnar Freyr Ingvarsson er iðinn við kolann þegar kemur að ritun matreiðslubóka. Meðfram læknisstarfinu hefur hann sinnt þessu aðaláhugamáli sínu af kostgæfni. Nú er læknirinn kominn út úr eldhúsinu og búinn að kveikja upp í grillinu. Við grípum niður í nýju bókinni þar sem Ragnar fer yfir helstu ráð við útigrillið.



Ragnar Freyr Ingvarsson með rauðvinsglas í hendi eins og fylgir gjarnan embætti grillmeistara.
Myndir | Sögur útgáfa og RFI

Að grilla er í raun og veru afar einföld leið í eldamennsku og hefur nútíma-maðurinn til þess ýmsar aðferðir. Við getum notað kol, eldivið eða gas.

Mér finnst skemmtilegast að grilla yfir kolum. Ég held því fram að bragðið verði ívið betra. Það munar þó ósköp litlu og vissulega nota ég líka gasgrill – þau eru eins og gefur að skilja afar hentug. Þau eru fljót að hitna og miklu auðveldara er að stýra hitanum en á kolagrilli. Það er meira að segja hægt að bæta bleyttum viðarspæni í boxi á gasgrilli til að kalla fram reykbragðið!

Óháð því hvaða grill verður fyrir valinu skiptir höfuðmáli hvernig það er notað.

Með hæfilegri einföldun má segja að til séu tvær aðferðir við að grilla: Annars vegar bein aðferð þar sem hráefnið er sett beint ofan á hitagjafann. Hins vegar er hægt að beita óbeinni eldunar aðferð þar sem hitagjafinn er fjarri hráefninu. Og síðan má blanda þessum aðferðum saman.

Bein aðferð

Bein aðferð er notuð fyrir steikur eins og t.d. nautalundir þar sem hugmyndin er að elda kjötið yfir miklum hita í skamman tíma. Þá er hráefnið sett beint yfir hitagjafann.



Óbein aðferð

Óbeinni aðferð er beitt þegar til stendur að elda t.d. lambaframpart í lengri tíma, jafnvel margar klukkustundir. Þá er hráefninu komið þannig fyrir að hitinn er ekki beint undir því heldur stendur hráefnið til hliðar við sjálfan hitagjafann.

Blönduð aðferð

Í blandaðri aðferð er notaður bæði beinn og óbeinn hitagjafi. Hér má nefna kjúklingabita sem eru eldaðir

í gegn á óbeinum hita þannig að húðin brenni ekki en svo er eldunin kláruð yfir beinum hita til að gera húðina stökka.

Langeldun á grillinu – snákurinn

Það eru líka til snjallar aðferðir við óbeina eldun. Til dæmis þegar verið er að gera sundrað svín eða „pulled pork“. Þá þarf að elda kjötið í fimm til átta klukkustundir og þannig umbreyta seigum bita í meyra og mjúka dásemd.

Auðvitað er hægt að elda það við lágan hita (130°C) á óbeinum hita

á gasgrilli, en til að fá reykbragðið er best að gera það á kolagrilli með því að byggja „snák“ úr kolunum. Það er gert með því að raða steinkolum (bricks) upp í tvær hæðir, hvora með tveimur kolum á breiddina. Svo er viðarbitum (eða spæni) dreift ofan á kolin til að tryggja að kjötið verði baðað í reyk alla eldunina.

Snákur sem nær meðfram hálfu grillinu ætti að endast í 8-10 klukkustundir – og þótt ótrúlegt sé heldur hann stöðugum 130°C hita (sem er fullkominn til langeldunar) tímunum saman.

Teinn

Af öllum aðferðum við að grilla skilar eldun á teini sennilega hvað bestum árangri fyrir margvísleg hráefni. Hvort sem um er að ræða lamb, grís eða kjúkling verður niðurstaðan óviðjafnanleg.

Með því að láta kjötið snúast í hægum takti yfir eldunum tryggjum við að kjötsafinn renni yfir það aftur og aftur og skili lungamjúkum

kjötbita með stökku og ákaflega bragðmjúku skinni. Í þessari bók er að finna hugmyndir um hvernig má grilla kjúkling og lambalæri á teini, sem og heilar skepnur, bæði lamb og grís! Og ég lofa að enginn verður svikinn.

Þegar unnið er með stóra bita, jafnvel heila skrokka, þarf ákveðinn viðbúnað. Við þurfum alvöru tein, sem er drifinn með handafla eða mótör. Á netinu er að finna margar góðar lausnir. Ég fjárfesti í mótordrifnum teini sem ég set yfir opinn eld og tryggji þannig kynngimagnaða matarveislu – prófið bara!

Að elda heila skrokka yfir opnum eldi gefur heldur betur tóninn fyrir matarveisluna, tryggir skemmtilega og áhuga-verða umræðu um matinn og færir okkur jafnframt nær skepnunum sem við slátrum okkur til matar. Það er mikilvægt að vita hvað við leggjum okkur til munnis og það er vissulega sjónræn skemmtun að sjá heilan skrokk snúast yfir opnum eldi. Dásamleg upplifun!



ORVIS

Encounter

Vandaðar vöðlur frá ORVIS á góðu verði

Kr: 29.900

Encounter

Vöðluskór frá ORVIS

Kr.18.900



AIRFLO

Vöðlutilboð

Airflo Airlite öndunarvöðlur og Airflo Airlite vöðluskór

Kr. 29.900



Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins Laugaveg 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is

ELDVARNIR BORG SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Til dæmis eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTADUR?



Heimsókn í Arneshrepp

Síldarverksmiðjan í Djúpavík:

Búin að vera í þrjátíu og eitt ár að gera verksmiðjuna upp



Síldarverksmiðjan í Djúpavík.

Myndir / VH

Hjónin Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson fluttu til Djúpavíkur fyrir rúmum þrjátíu árum og stofnuðu hótél sem þau reka í dag. Hótelíð er í húsi sem var svefnaðstaða söltunarkvenna við síldarverksmiðjuna í Djúpavík. Í haust verður verksmiðjan sviðsmynd í stórrí Hollywood-kvikmynd.

Ásamt því að kaupa kvennaskálann undir hótélrekstur keyptu þau einnig gömlu síldarverksmiðjuna í Djúpavík, sem Ási hefur verið að gera upp í þrjátíu ár.

Ási segir að verksmiðjan sé 22

þúsund rúmmetrar, eða sex þúsund fermetrar að flatarmáli. „Þegar menn eru með söfnunareðli er eitt og annað sem þarf að geyma og taka til handargagns ef ske kynni að hægt væri að nýta það seinna. Ég er lítið fyrir að henda hlutum þrátt fyrir að hætt sé að nota þá tímabundið og því gott að hafa nóg pláss til að geyma hluti.“

Stærsta steinsteypa hús landsins

Framkvæmdir við byggingu síldarverksmiðjunnar í Djúpavík hófust vorið 1934 en í september sama ár var hlutafélagið Djúpavík

stofnað í Reykjavík, nánar tiltekið á Hótel Borg. Markmið félagsins var að reka síldarverksmiðju í Djúpavík og stærstu hluthafar voru Útgerðarfélagið Alliance og Einar Þorgilsson & Co.

Þegar verksmiðjan tók til starfa 1935 var hún stærsta bygging landsins úr steinsteypu. Mölinni og sandi í steypuna í verksmiðjuna var ekið frá Kjós í Reykjavíri á fimm Ford-vörubílum sem báru hálft annað tonn og steypan hræð á staðnum.

Verksmiðjan var búin nýjum og fullkomnum tækjum til lýsis- og mjólvinnslu á mælikvarða síns

tíma og árangurinn var góður. Fastir starfsmenn voru um sextíu og vel á annað hundrað manns unnu við söltunina auk fólks í mötuneytinu og á skrifstofu verksmiðjunnar.

Verksmiðjan var í notkun í tuttugu ár en eftir að síldin hvarf kom upp sú hugmynd að breyta verksmiðjunni í frystihús en úr því varð ekki. Engin starfsemi var í húsinu í mörg ár, eða þar til Ási fór að taka til og gera hana upp.

Allt mjög nákvæmt

Ási segir að eftir þessi þrjátíu ár sem



Ásbjörn Þorgilsson hefur verið í þrjátíu ár að gera verksmiðjuna upp.

hann hefur verið að stússa í verksmiðjunni þekki hann húsnæðið orðið mjög vel og rati um það blindandi. „Á þessum árum hefur auðvitað ýmislegt komið á óvart. Hingað kom einu sinni Norðmaður sem var í námi í arkitektúr og eyddi drjúgum tíma í að mæla og teikna verksmiðjuna upp. Það sem er einna athyglisverðast við bygginguna er hversu allt er nákvæmlega byggt. Bíl á milli súlna eru öll nákvæmlega jafn stór og þar fram eftir götunum.

Það sem verst hefur farið með verksmiðjuna eftir að notkun hennar var hætt er leki og vatn. Síðastliðin þrjú ár hef ég ásamt öðrum verið að setja tjörupappa ofan á þökin til að stöðva leka og í dag lekur þakið ekki lengur. Næsta skref er að sandblása steypuskemmdir og gera við þær.“

Endist ekki aldur til að klára verkið

Ási segist ekki gera sér neinar grillur um að honum endist aldur til að koma verksmiðjunni í það horf sem hann vill sjá hana í. „Fyrstu tuttugu árin sem ég var hér var árangurinn af vinnunni fremur lítill og flestir héldu að ég væri stjórnumgallinn að standa í þessu. Fyrir tíu árum snerist dæmið við og árangurinn fór að koma í ljós.

Mér hefur sem betur fer tekist að smita afkomendur mína svo rækilega að þessari þráhyggju minni að þeir eru eiginlega farnir að taka fram úr mér í hugarflugi um hvað hægt sé að gera við húsið.“

Óþrjótandi möguleikar

„Við Eva förum fljótlega að draga okkur til hlés og unga fólkið tekur smám saman við og þá kemur í ljós með framhaldið. Möguleikarnir hér eru óteljandi og ef ég hugsa til upphafsins þá hefði mér aldrei dottið í hug allt sem búið er að gera og hvað hefur verið gert hér.

Hér hefur verið haldinn sirkus, skákmót, Sigur Rós var með tónleika og það verða hér þrjú brúðkaup í sumar. Í dag eru hér fjórar myndlistarsýningar og í haust verður tekin upp stór Hollywood-mynd hér.“

Ási er þögull sem gröfin þegar hann er spurður um hvaða mynd sé að ræða en segir að fyrirtækið sem framleiðir myndina sé búið að leigja hótelið í haust og að von sé á 200 manns í Djúpavík til að vinna að myndinni. „Auk þess að leigja hótelið er von á skemmtiferðaskipi þar sem fólkið mun gista meðan á tökum stendur.“

/VH



Í verksmiðjunni geymir Ási eitt og annað sem hætt er að nota en gæti orðið að gagni síðar.



Lýsistankarnir við síldarverksmiðjuna í Djúpavík.

Hafnarstjóri og þjóðmenningarbóndi:

Hið smáa og staðbundna

Elín Agla Briem, hafnarstjóri í Norðurfirði og þjóðmenningarbóndi, eins og hún kys að kalla sig, er með ýmsar hugmyndir um hvað hægt sé að gera í Árneshreppi til að lifga upp mannlífið og auka við atvinnulífið í Árneshreppi.

„Hugmyndir mínar snúa í raun um mig en eru ekki hugsaðar fyrir alla. Og það er í sjálfu sér ágætt því það eykur á fjölbreytni í atvinnulíf-inu hér.

Minn draumur er að vera með lítið býli með tuttugu til þrjátíu kindum og heimavinnslu á afurðum samhliða námskeiðahaldi fyrir fólk sem hefur til dæmis áhuga á byggðum eins og eru í Árneshreppi. Ég er að tala um fólk sem hefur áhuga á að skoða hvers vegna samfélög eins og Árneshreppur eiga undir högg að sækja og horfast í augu við þann harm sem slíkt veldur og hugsa í sameiningu um hvernig við getum brugðist við því. Það sem á sér stað í Árneshreppi á sér stað úti um allan hinn vestræna heim. Árneshreppur er ekki einsdæmi og mörg sveitarfélög í heiminum í svipaðri stöðu og málstaður hins smáa verður ekki aðskilinn frá hinu stóra,“ segir Elín Agla.

Draumurinn tekur á sig mynd

„Námskeiðin sem ég er að tala um eru óhefðbundin og að fyrirmynd skóla sem ég hef sótt í Kanada sem heitir Orphan Wisdom School. Meginþema skólans er að skoða í sagnfræðilegu ljósi og sem manneskjur það sem er



Elín Agla Briem, hafnarstjóri í Norðurfirði og þjóðmenningarbóndi.

Myndir / VH

að gerast í jaðarbyggðum um allan heim og reyna að sjá hvað veldur. Í raun má segja að stefna skólans sé að skoða hið smáa og staðbundna sem viðheldur lifandi ættlegg menningarinnar. Drauminn er farinn að taka á sig mynd því dóttir mín á tvær kindur og fjögur lömb sem er góð byrjun á bústofni. Fyrir skömmu var fyrsta lota, eða námskeiðið, á mínum

vegum í Trékyllisvík. Á námskeiðinu var þorpsvitundin skoðuð sérstaklega og skinn sútuð til að rifja upp tengsl fólks við dýr og að þessu sinni sauðkindina.“

Þjóðmenningarbóndi

„Ég titla mig þjóðmenningarbónda en það hefur ekki með Ísland eitt og

sér að gera, það snýst frekar um að yrkja menningarættlegginn á staðnum sem þú býrð á. Þannig að hér er ekki um þjóðernishyggju að ræða heldur mikla ást á landinu og fólki sem það byggir.“

Elín Agla segist ekki eiga neinar ættir að rekja í Árneshrepp né eigi þar jarðnæði. „Spurningin sem ég spyr mig, bókstaflega, er því hvernig



Á námskeiði sem Elín Agla stóð fyrir í Trékyllisvík fyrir skömmu var þorpsvitundin skoðuð sérstaklega og skinn sútuð til að rifja upp tengsl fólks við dýr og að þessu sinni sauðkindina.

get ég flutt á svona stað? Hvernig samlagast ég samfélaginu og tek við sögunni í hversdagslífinu?“

Hér vantar störf

„Í mínum huga er það brýnasta sem þarf að gera til að bæta atvinnumöguleika í Árneshreppi að flytja hingað nokkur störf, fimm til sex væri nóg til að byrja með og bylting fyrir samfélagið. Ég er að tala um störf sem hugsanlega losna í einhverri stofnun og er hægt að vinna í gegnum tölvur eða einhvers konar smáframleiðsla. Ég er ekki að tala um að flytja hingað fólk heldur störf sem myndu henta íbúunum sem eru hér fyrir eða fólki sem vill flytja hingað.“

/VH

Veðurathugunarstöðin í Litlu-Ávík:

Skráir hitastigið fimm sinnum á sólarhring

Þeir sem leggja í vana sinn að hlusta á veðurlýsingar þekkja vel til Litlu-Ávíkur á Ströndum. Jón Guðbjörn Guðjónsson er veðurathugunarmaður í Árneshreppi.

Jón býr í húsi sem kallast Litli-Hjalli og er í Litlu-Ávík í Árneshreppi. „Ég er búin að sjá um veðurathugunarstöðina hér frá 12. ágúst 1995. Auk þess að sjá um veðurathugunarstöðina sé ég um póstinn.“

Fimm sinnum á sólarhring

„Ég tek hitann fimm sinnum á sólarhring. Klukkan sex á morgnana, klukkan níu, tólf á hádegis, aftur sex síðdegis og síðast klukkan níu á kvöldin.“ Jón segir að með árunum hafi hann orðið þokkalega veðurglökkur en geri lítið af því að spá fyrir um veðrið.

„Á veturna getur suðvestanáttin hér orðið gífurlega slæm og ef það er svell á hlaðinu getur verið vandasamt að komast að veðurstöðinni og skrá hitann og annað sem tengist veðrinu vegna vindhviða sem slá sér niður. Sem betur fer hefur það gengið slýsalaust fyrir sig fram til þessa enda fer ég alltaf varlega.“

Litli-Hjalli

Jón hefur verið óformlegur fréttaritari fyrir Morgunblaðið og Ríkisútvarpið eins og hann orðar það. Hann



Jón hélt úti fréttasiðunni Litlihjalli í nokkur ár og flutti fréttir úr Árneshreppi. Hann hætti með síðuna um síðustu áramót.

hélt í nokkur ár úti heimasíðu sem hét Litlihjalli þar sem hann birti fréttir úr Árneshreppi. „Heimasíðan byrjaði sem bloggsíða en þróaðist út í fréttasíðu um hreppinn. Síðan var vinsæl meðal brotfluttra Árneshreppsúa og annarra sem þekkja til í hreppnum.“

Jón hætti með síðuna um síðustu áramót, að minnsta kosti tímabundið, að eigin sögn. „Mér fannst ég alltaf vera að segja sömu fréttirnar og ákvað að hvíla mig á fréttaflutningnum um tíma.“

/VH



Jón Guðbjörn Guðjónsson við Litla-Hjalla. Myndir / VH



Jón skráir hitann í Litlu-Ávík fimm sinnum á sólarhring.

Oddviti Árneshrepps: Fólksfækkun í hreppnum grafalvarlegt mál

— segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Árneshreppur er með fámenn-ustu hreppum landsins og þaðan flytja um tíu manns í haust sem er grafalvarlegt mál. Oddviti hrepps-**ins segir hreppinn fjárhagslega vel stæðan og þar leynist ýmis tæki-færi fyrir fólk sem þangað vill flytja. Flest bendir til að kennsla við Finnbogastaðaskóla falli niður í vetur.**

Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson hófu hótélrekstur í Djúpavík fyrir þrjátíu og einu ári. Eva hefur lengst af séð um dag-**legan rekstur hótelsins en í dag eru börn þeirra og tengdabörn sífellt meira að taka við. Auk þess að vera lausráðin hótélstýra er Eva oddviti Árneshrepps.**

„Reksturinn fór hægt af stað en hefur aukist ár frá ári og tekið tals-**vert stökk síðasta áratuginn. Fólk kemur mest hingað yfir sumar-mánuðina og alls staðar að úr heim-inum en mest er af Þjóðverjum og fólki frá Austurríki og Sviss.**

Ferðamannatíminn hefur einnig verið að lengjast þannig að hingað kemur fólk fyrr á vorin og lengra fram á haust og svo er alltaf eitthvað um að hingað komi fólk á veturna. Tengdasonur minn tók að mestu við rekstri hótelsins um síðustu áramót en ég geri það sem ég get til að hjálpa til,“ segir Eva.

Fólksfækkun í hreppnum

Eva var kosinn oddviti Árneshrepps eftir sveitarstjórnarkosningarnar, 2014. Þrátt fyrir að Árneshreppur sé fámennur er ýmislegt sem odd-**viti þarf að gera. „Því miður er staðreyndin sú að í haust flytja að minnsta kosti ellefu manns úr hreppnum og fyrir sveitarfélag með rétt rúmlega 50 íbúum er slíkt grafalvarlegt mál.**

Við sem eftir verðum erum ákveðin í að horfa jákvætt á aðstæður og reyna að vinna úr þeim eftir bestu getu. Sjálf vil ég líta á breytinguna sem sóknarfæri fyrir einhverja sem hingað vilja flytja og vona að svo verði.“

Samkvæmt lögum um íbúafjölda sveitarfélaga ber velferðaráðuneytinu að sameina sveitarfélag sem er með undir fimmtíu íbúum tvö ár í röð við annað sveitarfélag til að halda lág-**marks íbúafjölda.**

Virkjun Hvalár

Eva bindur talsverðar vonir við að íbúafjöldinn í hreppnum aukist aftur, að minnsta kosti tímabundið, ef verður af áætlunum um virkjun Hvalár. „Ef hingað koma útlendingar til starfa munu þeir eiga lögheim-**ili í hreppnum og borga hér skatta meðan á dvöl þeirra stendur.**

Hér eru tvær jarðir komnar á sölu og hugsanlega munu fleiri bætast við en ég sé fyrir mér að jarðir sem eru í miðri Trékyllisvík eigi framtíð fyrir sér þótt þar sé ekki stundaður hefðbundinn búskapur. Jarðirnar eru vel í sveit settar og örugglega hægt að reka þar gistiðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn.“

Styrkur til búfjárkaupa

„Við verðum því að vera jákvæð og ég er ekki til í að leggjast í þung-**lyndi vegna ástandsins. Þrátt fyrir að það sé bæði leiðinlegt og erfitt að horfa á unga fólkið flytja burt.**

Hreppurinn veitir ungu fólki, sem hingað flytur til að hefja búskap, styrk sem það getur notað til sauðfjárkaupa. Síðast þegar þessi styrkur var veittur nam hann einni milljón króna en myndi væntan-**lega hækka næst eins og allt annað. Sveitarfélagið hefur einnig veitt flutningsstyrk til þeirra sem hing-að flytja.“**

Höfnin stækkuð

Árneshreppur hefur staðið í stór-**framkvæmdum í sumar sem felast í stækkun hafnarinnar og uppgerð íbúðar í gamla kaupfélagshúsinu í Norðurfirði. Eva segir að Árneshreppur eigi fimm íbúðir í dag og nægt húsnæði sé í hreppnum.**

Eitt barn í skólanum og enginn skólastjóri

„Ástandið í skólamálum í hreppn-**um er líklega helsta vandamál okkar í dag. Núverandi skólastjóri er að hætta og tvær barnafjölskyldur að flytja burt. Eins og staðan er í dag er eitt barn skráð í skólann næsta haust og við ekki búin að ráða nýjan skólastjóra.**

Við erum búin að auglýsa eftir nýjum skólastjóra og vonumst að sjálfsögðu til að hingað ráðist



Eva Sigurbjörnsdóttir, hótélstýra og oddviti Árneshrepps.

Myndir /VH



Rekstur Hótels Djúpavíkur fór hægt af stað en hefur aukist ár frá ári og tekið talsvert stökk síðasta áratuginn.

fjölskylda með börn á skólaaldri, að öðrum kosti er nokkuð ljóst að skólanum verður lokað.

Þótt við glöð vildum er ekki hægt að halda hér úti skóla fyrir eitt barn. Það er einfaldlega ekki hægt að bjóða barninu upp á slíkt. Eflaust væri hér hægt að veita bestu kennslu í heimi en félagslega er óhugsandi að halda úti skóla fyrir eitt barn.

Þetta er náttúrlega skelfilegt ástand og það verður mun erfiðara að laða hingað barnafólk ef skólinn er lokaður. Hreppsnefnd stendur því frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun hvort það eigi að loka skólanum eða ekki,“ segir Eva.

Ekkert mál að fjölga ferðamönnum

Eva er ekki í neinum vafa um að fjölga megi ferðamönnum í Árneshreppi og að það megi koma upp ferðaþjónustu á þeim bæjum sem eru til sölu í Trékyllisvík.

„Samfélagið er alltaf að breytast og hugsanlega er sá tími liðinn sem menn hér lifa eingöngu af fjárbú-**skap.**

Ferðaþjónusta er ört vaxandi um allt land og sveitin hér hefur upp á gríðarlega margt að bjóða. Ég sé til dæmis fyrir mér aukið framboð á gistingu á veturna og snjósleða-**ferðum henni tengdri.“**

Vegurinn oft lokaður á veturna

Vegasamgöngur í Árneshrepp eru stopular yfir vetrartímann og oft er vegurinn lokaður frá því um áramót og fram í miðjan mars. Eva efast ekki um að erfiðar samgöngur séu hluti ástæðunnar að fólk er að flytja. „Ungt fólk sættir sig einfaldlega ekki við að árið 2016 sé enn vesen með að komast leiðar sinnar til og frá hreppnum.

Ég tel líklegt að framkvæmdir við virkjun Hvalár hefjist fljótlega, eða um leið og verður búið að sam-**þykkja að byggja tengivirki til miðl-unar á rafmagninu yfir í Djúp og þegar það verður gert er nauðsynlegt að laga veginn yfir Veiðileysuháls og gera hann vetrarfæran.“**

Eva segir að árið 2008 hafi verið settar til hliðar 60 milljónir króna sem átti að nota til að bæta veginn yfir Veiðileysuháls og annað eins átti að setja í veginn 2009. Svo kom hrunið og ekkert varð úr fram-**kvæmdunum. Þrátt fyrir að nú sé komið árið 2016 hefur ekkert bólað á þessum peningum enn.**

„Þrátt fyrir það vil ég hrósa Vegagerðinni fyrir hvað hún hefur sinnt veginum vel það sem af er þessu ári og á því síðasta,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, að lokum. /VH

Björn og Badda á Melum: Verðum hér meðan við getum

Hjónin Bjarnheiður Júlía Fossdal og Björn Torfason hófu búskap nítján ára gömul og hafa búið á Melum í rúm fjörutíu ár. Þau segja að búskapurinn gangi vel og að þau uni hag sínum vel í Árneshreppi.

Björn og Badda eru með 450 kindur og hefur stærð búsins verið svipuð í nokkur ár. „Fjöldinn hent-**ar okkur ágætlega á meðan börn-in okkar koma og hjálpa okkur á álagstímum, um sauðburðinn og í leitir. Ef eitthvað er þurfum við að fækka við okkur eftir því sem aldur-**inn færist yfir.****

Nýi búvörusamningurinn er sauðfjárbændum í Strandasýslu hreinlega fjandsamlegur og líklegur til að setja jarðir í eyði. Við vitum ekki um neinn bónda í Strandasýslu sem er sáttur við samninginn. Afnáam beingreiðslna kemur sér mjög illa fyrir okkur. Við eru búin að fjárfesta í auknu greiðslumarki sem gerði ráð fyrir áframhaldandi beingreiðslu en þær verða lagðar niður verði samn-**ingurinn samþykktur og þá breytast allar forsendur í rekstrinum. Þannig**

að við verðum hér áfram á meðan við getum og krossum fingur í von um að samningamir verið felldir á Alþingi.“

Vetrareinangrun sveitarinnar mikil

Bjarnheiður, eða Badda, segir að auðvitað sé kviði í fólki í sveitinni yfir því að ungt fólk sé að flytja af þremur bæjum og talsverðar líkur á að skólanum verði lokað en við lifum í voninni um að hingað flytji fólk með börn.

„Auðvitað eru það margir þættir sem valda því að fólk flytur burt en ég er viss um að einangrun sveit-**arinnar hefur þar talsvert að segja. Það er alls ekki allra að búa við eins mikla einangrun og hér getur verið á veturna,“ segir Badda.**

Björn bætir við að eflaust sé hægt að draga úr einangrun sveitarinn-**ar með bættum samgöngum en að tíðarfarið ráði þar mestu yfir vetrar-mánuðina. „Það er vel hægt að halda veginum hingað norður opnum leng-**ur ef veturinn er snjóléttur en meira mál ef það snjóar mikið.****

Reglur um snjómokstur ættu þó að vera mun sveigjanlegri en þær eru enda lifum við á tuttugustu og fyrstu öldinni.“

Fólki fjölgar á sumrin

Björn segir að íbúafjöldi í hreppn-**um sé árstíðabundinn. „Séu menn ekki bændur eða í þjónustu eru þeir sjaldnast hér allt árið. Fólk er hér yfir sumarið og nýttjar þau hlunnindi sem það getur og býr annars staðar á veturna.**

Hingað koma líka margir bátar, rúmlega tuttugu, sem stunda strand-**veiðar á sumrin en sjómennirnir fara heim til sín um helgar og í burtu þegar þeim lýkur. Fiskur er ekki lengur unninn í Norðurfirði og eftir að honum er landað er ekið með hann á markað.**

Ferðaþjónustan er mest yfir sum-**armánuðina, þrátt fyrir að ferða-mannatímabilið sé alltaf að lengjast í báða enda og möguleikar til vetr-arferða hér miklir. “**

Íbúar með lögheimili í Árnes-**hreppi eru rétt rúmlega 50 en þeim**



Bjarnheiður Júlía Fossdal og Björn Torfason bændur hafa búið í fjörutíu ár á Melum á Árneshreppi.

Mynd / VH

fer fækkandi og segir Badda að fylgi-**fiskur fækkunarinnar sé óhjákvæmi-lega sá að erfiðara sé að halda uppi þjónustu, eins og verslun í sveitinni, og segir Björn að það sé verulegt áhyggjuefni.**

Virkjun Hvalár

Badda segir að margir íbúar hrepps-**ins byggja vonir við virkjun Hvalár í Ófeigsfirði sem gæti orðið góð inn-spýting í samfélagið. „Ef af virkjun-inni verður kemur hingað fjöldi fólks,**

að minnsta kosti tímabundið, og það myndi styrkja verslunina og mann-**lífið. Til stendur að styrkja veginn héðan frá Melum yfir Eyrarháls og út í Ófeigsfjörð og myndi þá flutningur aðfanga fyrir virkjunina fara um höfnina á Norðurfirði.**

Okkur skilst að tafir á fram-**kvæmdinni stafi af því að ríkis-stjórnin sé ekki búin að gefa grænt ljós á byggingu tengipunkts í Ísafjarðardjúpi sem kæmi til með að flytja rafmagnnið og tengja það að landsnetið.“ /VH**

Munaðarnes við Ingólfsfjörð:

Rekinn hrannast upp og skelfilegt að geta ekki nýtt hann

Guðmundur og Sólveig verja öllum sumrum í Munaðarnesi í Ingólfsfirði þrátt fyrir að hafa brugðið búi fyrir ellefu árum. Þeim finnst hvergi betra að vera. Verst þykir þeim að geta ekki nýtt rekann sem er að fylla allar fjörur.

„Við hættum búskap 2005 en komum hingað og erum hér nánast allt sumarið. Rætur okkar eru hér og erfitt að slíta þær upp.“ Guðmundur segir að þau hafi verið með hátt í 200 kindur síðasta árið sem þau bjuggu auk þess sem hann átti trillu sem hann reri til fiskjar. „Ég seldi trilluna þegar við hættum búskap og satt best að segja fæ ég alltaf smá sting þegar ég sé hana og sakna þess enn að fara á sjóinn.“

Guðmundur og Sólveig búa á Stykkishólmi á veturna og segjast una hag sínum vel en vildu gjarnan hafa meira að gera.

Sólveig aðstoðar íbúa á dvalarheimilinu við hannyrðir en Guðmundur stokkar upp línur annað slagið milli þess sem hann les bækur.



Hjónin Guðmundur Gísli Jónsson og Sólveig Stefanía Jónsdóttir frá Munaðarnesi við Ingólfsfjörð.

Sala á girðingastaurum úr rekavið dottin niður

„Fyrstu árin eftir að við hættum með kindurnar var ég talsvert í að vinna rekavið í girðingastaura en sala á þeim hefur dottin niður vegna innflutnings á staurum.

Við eigum helling af staurum úti

í fjárhúsum sem eru orðnir laufléttir og finir en við losnum bara ekki við þá.

Ég og bræður mínir höfum lengi gælt við þá hugsun að kaupa okkur almennilega sög til að geta sagað rekann í borðvið en ekkert orðið úr því enn og líklega erum við búin að draga það of lengi. Á sama tíma



Þrátt fyrir að dregið hafi úr reka safnast rekaviður víða fyrir á Ströndum.

hrannast reki upp hér úti á nésinu og fjaran full af honum og skelfilegt að geta ekki nýtt hann. Ég á orðið haug af sparivið, eða það sem er kallað rauðaviður, af því að ég hef ekki tímt að nota hann í staura og þrátt fyrir að það hafi dregið mikið úr reka síðustu árin var ég að bjarga góðum bol upp í fjöru fyrir nokkrum dögum,“ segir Guðmundur.

Sólveig segir leiðinlegt að sjá

fjörurnar fulla af við og horfa á verðmætin í honum grotna niður. „Það litla sem við notum af viðnum fer í að kynda húsið en það sér ekki högg á vatni þrátt fyrir að Guðmundur eyði drjúgum tíma í að kljúfa við í eldinn og að okkur sé aldrei kalt. Það er orðið erfitt að ganga fjörurnar víða og hreinlega hættulegt á köflum þar sem mest er af honum nema maður haldi sig alveg í flæðamálinu.“ /VH

Krossneslaug:

Sundlaugin í fjörunni

Sundlaugin á Krossnesi er staðsett niðri í fjöru, rétt við brimgarðinn og í stórvíðrum gengur aldan yfir laugina. Hún er alltaf opin og einn heitasti staðurinn í Árneshreppi.

Við laugina er heitur pottur sem íbúar hreppsins sækja mikið á veturna til að slappa af og horfa á stjörnur og norðurljósin sem eru engu síður töfrandi en að horfa á miðnætursólina kyssa hafsbrúnina norður við Selskersvita á sumarsólstöðum.

Byggð 1954

Krossneslaug var byggð fyrir rúmum sextíu árum, árið 1954, af ungmennafélaginu Leifi heppna. Áður, þegar börn lærðu að synda í Árneshreppi, gistu þau í sundlaugarhúsinu í eina til tvær vikur meðan þau lærðu að



Sundlaugin á Krossnesi er staðsett niðri í fjöru og rétt við brimgarðinn.

synda. Sundlaugin er 12 x 6 metrar að stærð.

Laugin var gerð upp fyrir allmörgum árum og hefur verið vel haldið við síðan þá og smám saman er verið að bæta aðstöðuna. Það er kominn heitur pottur og búningsaðstaðan er góð.

Hjónin Sigrún Sverrisdóttir og Davíð Már Bjarnason eru umsjónarmenn sundlaugarinnar í Krossnesi.



Krossneslaug var byggð fyrir rúmum sextíu árum, árið 1954, af ungmennafélaginu Leifi heppna.

Sala jarða og fasteigna

Skoða og verðmet jarðir og aðrar eignir um allt land

- Fagleg þjónusta löggilts fasteignasala
- Góð kynning á eignum í vefmiðlum og dagblöðum
- Vönduð ljósmyndataka af eignum, m.a. loftmyndir

Einkunnarorð Mikluborgar eru gæði, fagmennska og árangur í starfi, en mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð starfsmanna og gagnkvæman ávinning allra hlutaðeigandi í viðskiptunum.

Hjá okkur geta eigendur fasteigna verið öryggir um að eign þeirra fái hámarks kynningu og einstaka þjónustu. Við leggjum mikla áherslu á að vera áberandi í störfum okkar með auglýsingum í blöðum og á netinu.



Nánari upplýsingar veitir
Jón Rafn Valdimarsson
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Ein magnaðasta sundlaug landsins

Davíð segir að sundlaugin á Krossnesi sé án efa ein magnaðasta laugin á landinu þegar kemur að staðsetningu og útsýni. „Ég held að ég sé ekkert að ýkja þegar ég segi að sundlaugin sé helsta aðdráttarafl sveitarinnar og að hún sé orðin heimsfræg. Flestir sem heimsækja hreppinn koma í sund og okkur taldist til að á tveggja mánaða tímabili í hittifyrri hafi komið um sex þúsund manns í laugina og þar af 320 á einum degi. Að meðaltali komu hingað um 100 manns á dag. Hingað koma líka margir útlendingum sem eru á ferðalagi sem þeir kalla pool hopping og felst í því að fara milli sundlauga. Ég man eftir einum sem var hingað kominn frá Ástralíu til að fara í sund.“ /VH



Þrjátíudalastapi er í fjörunni skammt frá sundlauginni í Krossnesi. Samkvæmt þjóðsögunni eru þrjátíu ríkisdalir faldir í stapanum.

Bíla & vélavælan

Sendibílar til sölu - ný innfluttir og skráðir



MAN TGL 8.180

Árgerð: 2013
Ekinn: 65.000 km
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Loftpúðar og splittað drif.
Lyfta: 1000 kg



Bens Sprinter 513/516

Árgerð: 2014
Ekinn: 60.000
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: lyfta 750 kg, skráður 3500 kg
Stærð: 22m3 kassi



Bens Sprinter 313/316 L3-H2

Árgerð: 2014
Ekinn: 60.000
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Fjórðandi sæti, aðgerðastýri

GETUM ÚTVEGAÐ FLESTAR GERÐIR
ATVINNUBÍLA Á U.P.B. 5 VIKUM

Ragnar Gunnarsson sölustjóri
Sími 898 5800 • raggi@radar.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



Lífeyrismótframlag launagreiðenda verður 8,5% frá og með 1. júlí 2016

Samkvæmt breyttum kjarasamningi aðila á vinnumarkaði í upphafi árs 2016 hækka lífeyrismótframlag launagreiðenda, vegna þeirra launþega sem fá 8% mótframlag, um 0,5% hinn 1. júlí 2016 og verður 8,5%. Innheimta iðgjalda hjá Lífeyrissjóði bænda mun miðast við framangreinda hækkingu frá og með 1. júlí 2016.

Samkvæmt viðbótarsamkomulagi samningsaðila, dags. 15. júní 2016, mun þessari hækking fyrst um sinn verða ráðstafað til samtryggingardeildar. Sjálfstæðir atvinnurekendur greiða áfram 8,0% mótframlag af reiknuðu endurgjaldi þar sem framangreind hækking tekur aðeins til launþega.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is




S-25 MÁLNINGARKERFIÐ



Akryl efni - Grunnur - þéttihúð - Málning
Þéttihúðin er sérstaðan - Hún lokar fínum sprungum
Er vatnsheild en andar - Skilyrði fyrir myglu hverfa

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is



STEYPUSTYRKJARJÁRN, LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR

STJÖRNUBLIKK
KJÖRVAÐAÐ - ALMENN ELDISVÖR - KAMARSTÖL - KÖPUJARN
LÖFTRASTYRKY - ÚTÖN - ELDISVÖR - VEGASTÖÐ - VEGASTÖÐUR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • info@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is



Fliegl
AGRARTECHNIK

Allt á fullan kraft!

PALLUR OG RÚLLUVAGN:

ALLAR RÚLLUR Á SÍNUM STAÐ!

Einkaleyfisvarinn rúlluhleðslubúnaður.
Hlaðið, lokið og klárið málið hraðar.

NÝTT



RAG - import export • Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565-2727 • Mobile + 354 892 7502 • Email: rafn@rag.is • www.fliegl.com



VERKFÆRA SALAN



Frábær verð!



Wera
Verð **2.990**
WERA Skrufjárnasett 6 stk
Mínus skrufjárn frá 3.0 - 6.5mm og plús PH1 og PH2.
WERA 031280

Bato ProfTool
Verð **19.490**
Topplyklasett 171stk
Vandað toppplyklasett frá BATO með skrúllum í stærðum 1/2", 3/8" og 1/4". Fjöldi hluta er 171 stk.
BT 1171

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - 560-8888 - www.vfs.is

Arcticus á Hjalteyri hleypir lífi í gamla síldarverksmiðju

Bitafiskur seldur til Noregs og stór sölusamningur við Kína

Fyrsta sending af bitafiski frá félaginu Arcticus Sea Product á Hjalteyri fór til Noregs í liðinni viku. Í fyrRASumar sendi félagið bitafisk á markað í Nígeríu en sá markaður lokaðist og beðið er átekta. Nú bíða framleiðendur eftir leyfi frá kínverskum yfirvöldum um að Arcticus megi flytja inn vöru sína inn á þann stóra markað.

Fjöldi möguleika í stöðunni

„Eftir að Nígería lokaðist höfum við unnið hörðum höndum að því að selja inn á aðra markaði og erum með í höndunum stóran sölusamning inn á markað í Kína og eins inn á hluta af Evrópu, þar sem augum er sérstaklega beint að fólki með bakgrunn í Asíu. Það er gríðarlegur áhugi hvarvetna í heiminum eftir vörum sem teljast hollar og ekki þykir verra ef þær koma frá Íslandi. Nú er fyrsta sendingin farin til Noregs og við bindum miklar vonir við að Norðmenn taki okkar vöru opnum örmum. Það er fjöldinn allur af möguleikum í stöðunni, en tekur langan tíma að ljúka samningum og flytja út,“ segir Jóhannes Valgeirsson, framkvæmdastjóri Arcticus.

Viðtökur á bitafiski í Nígeríu í

fyrRASumar voru góðar, en Jóhannes segir bjartsýnustu menn ekki þora að nefna hvenær mögulegt verði að hefja þangað útflutning að nýju. „Það er ólíklegt að nokkuð gerist á meðan olíuverð og ástandið í landinu er með þeim hætti sem raun ber vitni,“ segir hann.

Starfsemi Arcticus Sea Product fer fram í gömlu síldarverksmiðjunni á Hjalteyri. Húsnæðið er um 800 fermetrar að stærð og hentar vel. Góður frystiklefi var í húsnæðinu og skipti sköpum þegar að staðarvali félagsins kom. Eigendur tóku húsnæðið allt í gegn og komu sér upp rúmgóðum og öflugum þurrkklefa sem gegnir lykilhlutverki í framleiðslu á harðfiski.

Ódýr, góð og holl vara

Hópurinn á bak við fyrirtækið þróuðu nýja og annars konar aðferð við vinnslu á harðfiski en algengast er. Framleiðsluaðferðin gerir að verkum að bitafiskurinn er ódýrari en sambærilegar vörur á markaði og hafa viðtökur verið einkar góðar, að sögn Jóhannesar. „Þetta er ódýr, góð og holl vara og hefur svo sannarlega fallið í kramið hjá neytendum,“ segir Jóhannes, en rúmlega 80% er



Staðsetning fyrirtækisins Arcticus Sea Product í gömlu síldarverksmiðjunum á Hjalteyri og sagan að baki þeim hefur mikið aðdráttarafl, einkum fyrir útlendinga.

prótein og á Íslandi er örlitlu salti bætt við, 2,5 g eða svo. „Þannig vilja Íslendingar hafa sinn bitafisk, en aftur á móti vilja íbúar í Afríku sinn fisk saltlausan.“

Töluvert magn er selt innanlands, en harðfiskinn má fá í verslunum víða um land, í Bónus, Samkaupum,

KS, N1, Fríhöfninni og víðar og segir Jóhannes sölu í þeirri síðastnefndu mjög góða.

Brekka til að byrja með

„Það gengur ágætlega, áhugi er fyrir hendi og margir möguleikar, en auðvitað er ekkert launungarmál að þetta hefur verið talsverð brekka til að byrja með. Fyrirtækið hefur átt marga góða að sem sýnt hafa verkefninu skilning og þolinmæði. Við sjáum nú glitta í ljósið í gangaendanum, margt jákvætt er að gerast hjá okkur og við

erum staðráðnir í að koma Arcticus á góðan stað með þeirri finu vöru sem við höfum þróað,“ segir Jóhannes.

Gangi allt eftir samkvæmt áætlunum segir hann að fyrir liggi að byggja annan þurrkklefa í verksmiðjunni til að anna eftirspurn, „og þá fer nú að laumast bros á mannskapinn. Við erum í það minnsta bjartsýnir og horfum jákvæðum augum fram á veginn eftir þunga og erfiða fæðingu, sem tók mun lengri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir,“ segir Jóhannes.

/MPÞ



Friðrik J. Friðriksson, „tæknikóngur“ og fyrrverandi gæðastjóri, og Rúnar, bróðir hans, verksmiðjustjóri kampakítir með bitafiskinn. Að baki þeim er þurrkklefinn góði.



Rúnar Friðriksson verksmiðjustjóri og Jóhannes Valgeirsson framkvæmdastjóri með hollenskum sölu- og dreifingaraðilum við undirritun sölusamninga.



fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS
UMHVERFISMERKINGAR

www.merkismenn



MENN
SKILTAGERÐ

544 2030



DEKKJASALA
AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-,
jeppa- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee
Handverkfæri

20%

afsláttur af öllum dekkjum
til 31. júlí 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL

Smurþjónusta



DEKKJASALA
AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbarðapjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



ISO 9001:2008

Vinnuvélar bjóða nú jarðvegspjöppur og valta frá Tékkneska framleiðandanum NTC. Hér er um að ræða vandaða og vel hannaða vinnubjarka, knúna HATZ diesel- eða Honda GXR bensínmotorum. Eigum á lager ýmsar stærðir til afgreiðslu strax.




Vinnuvélar

Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar - tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



Beta EASY

2016
verkfæralínan
- fyrir þá sem
vilja vonduð
verkfæri á
hagstæðu verði

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDNVELAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



Vantar nýja lykla?

Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húslyklar
- Láshús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvogi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla




GÚMMISTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyðfallet 3 • 112 Reykjavík • Sími 567 4467 • Fax 567 4766 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Vogue fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue FÜRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504




PLASTIÐJAN BJARG IÐJULUNDUR

Starfsþjálfunar – og endurhæfingar vinnustaður

Kæru viðskiptavinir

Lokað verður hjá PBI dagana 18. júlí til og með 5. ágúst vegna sumarleyfa.

Gamli traktorinn



Yeoman – nýstárlegur, dýr en misheppnaður

Bretinn Thomas Turner hóf feril sinn með framleiðslu reiðhjóla í Wolverhampton árið 1928. Hann útvíkkaði framleiðsluna í lok fimmta áratugar síðustu aldar í bifreiðar, mótorkjól, vélahluti í flugvélar og dráttarvélar. Framleiðslu dráttarvélna var hætt 1957.

Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar óx landbúnaðarframleiðsla hratt og vöntun var á tækjum og búnaði til að auka framleiðsluna enn frekar. Turner sá tækifæri í skortinum og hóf fyrirtæki hans framleiðslu á jarðvinnslutækjum. Árið 1947 hóf fyrirtækið hönnun



mun meiri vinnu á hektara þar sem þær séu aflmeiri, tæknivæddari og sparneytnari en aðrir traktorar af sambærilegri stærð.

Há bilanatíðni

Vélarnar þóttu dýrar en sala á þeim ágæt til að byrja með á Bretlandseyjum og eitt-hvað mun hafa verið flutt út af þeim til landa innan breska samveldisins. Til langs tíma lét salan undan og ódýrari Fordson-dráttarvélar náðu yfirburða markaðsstöðu.

Ýmis vandkvæði við hönnun traktorsins komu fljótlega í ljós. Til dæmis var kælibúnaðurinn fyrir mótorkjól of lítill og ofhitnaði hann því reglulega, heddidi þótti lélegt og vélin var iðulega treg í gang í köldu veðri. Gírkassinn var þó helsti Akkilleasarhællinn og bilanatíðni hans há. Til að bæta gráu ofan á svart var oft skortur



á nýrri tegund dráttarvéla og setti þá á markað tveimur árum seinna undir heitinu Yeoman of England.

Margs konar nýjungar

Yeomaninn þótti á ýmsan hátt á undan sinni samtid. Þeir voru með fjögurra strokka, 40 hestafla V-laga dísilsmotor sem var hannaður af sama manni og hannaði mótorkjól í Ferguson TEF20 dráttarvélin. Kveikjan var rafknúin, beislið vökvaknúið og endurbætt útgáfa traktorsins var með ljósum. Fjögurra gíra gírkassinn þótti byltingarkenndur og var staðsettur aftan við ekkilssætið.

Turner sérhannaði og sérframleiddi margs konar aukabúnað eins og plög, herfi og sláttuvélar fyrir Yeomaninn auk þess sem hæglega var hægt að tengja



á varahlutum og stóð Yeomaninn því vikum saman aðgerðalaus á hlaðinu, eigendum þeirra til mikillar gremju og átti það ekki síst við kaupendur þeirra erlendis.

Slæmt orðspor

Þrátt fyrir að Yeoman-traktorinn hafi verið að mestu endurhannaður 1951 var orðspor fyrirtækisins slæmt og sala nýju vélanna lítil. Árið 1957 voru síðustu Yeoman-traktorarnir seldir á hálfgerðri brunaútsölu á verulega niðursettu verði.

Einungis voru framleiddir 2.131 Yeoman-dráttarvélar á þeim tæpa áratug sem þeir voru í framleiðslu.

Í dag er Turner-fyrirtækið hluti af Caterpillar og sérhæfir sig í framleiðslu á gírkösum fyrir Manitou og New Holland. /VH



áhöld frá öðrum framleiðendum við traktorinn.

Í auglýsingu frá Turner segir að Yeoman of England-dráttarvélar séu ódýrari í rekstri og geti unnið



Króna trésins hefur verið illa skert öðrum megin þannig að greinabygging þess er skökk og ólíklegt að jafnvægi í krónubyggingu náist aftur.

Myndir / VH

Silfurreynirinn við Grettisgötu:

Ólíklegt að tréð nái fyrri reisin

Framkvæmdir við byggingu hótels á lóðunum við Laugaveg 34A og 36 og Grettisgötu 17 er í fullum gangi. Illa hefur tekist til við verndun eins elsta trés í Reykjavík sem stendur á Grettisgötulóðinni.

Króna trésins, sem er ríflega hundrað ára gamall silfurreynir og eitt elsta tré landsins, hefur verið illa skert og verulega illa er staðið að verki við verndun trésins. Ólíklegt er að tréð nái aftur fyrri reisin.

Í júní 2014 urðu talsverð mótmæli í kjölfar þess að borgarráð samþykkti á fundi 19. desember 2013 breytingar á skipulagi lóðar við Grettisgötu 17. Ástæða mótmælanna var að á lóðinni stendur einn elsti silfurreynir landsins og hann átti að fella.

Samþykkt í borgarráði


Fundur borgarráðs númer 5297 var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Viðstödd voru: Dagur B. Eggertsson, Einar Örn Benediktsson, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Áslaug Friðriksdóttir og Sóley Tómasdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Elly Katrín Guðmundsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Hrölfur Jónsson, Hallur Símonarson, Kristbjörg Stephensen, Björn Axelsson og Ragnheiður Stefánsdóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Lagt var fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. desember 2013, samanber samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. desember síðastliðnum, um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2, Laugavegur, Frakkastígur, Grettisgata, Klapparstígur vegna lóðanna nr. 34A og 36 við Laugaveg og Grettisgötu 17. R13120079.

Samþykkt.

Ekkisens en ekkert til ráða

Talsverð umræða spratt um málið og sagði Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi um málið á Facebook-síðunni Ræktaðu garðinn þinn: „Hæ hó – ég er hér. Ég vissi ekki af þessum silfurreyni – og þetta er bölvæð ekkisens klúður. Því miður. Ræddi þetta aðeins við garðyrkjustjóran



Silfurreynirinn sumarið 2014 áður en framkvæmdir hófust.

okkar og hann sagði okkur hafa fát í höndunum til að bjarga honum.“ Sem sagt ekkisens klúður og fát til bjargar og ekkert gert.

107 ára tré

Tréð sem til stóð að fella við Grettisgötu var gróðursett 1908 og því eitt hundrað og sjö ára gamalt í dag, eitt af elstu og fyrstu trjánum sem gróðursett voru hér á landi. Tréð getur lifað í hundrað ár og jafnvel hundrað og fimmtíu ár til viðbótar. Stolt, saga og augnayndi í Reykjavík.

Breyting á skipulagi og hækkun húsa

Í kjölfar mótmælanna var ákveðið af byggingaraðila að breyta skipulagi bygginga á lóðina þannig að tréð fengi að standa. Reyndar leyfði skipulags- og borgarráð Reykjavíkur ýmsar breytingar á byggingarrétti á lóðinni og lét þannig undan kröfum íbúa um „friðun“ trésins. Meðal annars var hækkun hússins leyfð ef tréð yrði varðveitt.

Í frétt á Ruv 13. ágúst 2014 segir „Silfurreynirinn við Grettisgötu fær að standa samkvæmt ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs í dag. Ráðið ákvað að breyta deiliskipulagi svo tréð fengi að standa.

Íbúar við Grettisgötu höfðu mótmælt harðlega deiliskipulagi sem

heimilaði að færa tvö gömul hús fram í götuna vegna hótélbyggingar við Laugaveg.

Eigandi húsanna, sá sem stendur að hótélbyggingunni, lagði fram málamiðlunartillögu sem var samþykkt. Í henni felst að borgin tekur við gömlu húsunum og finnur þeim stað í nágrenninu.

Í staðinn verður garður opinn öllum þar sem silfurreynirinn fær að standa. Á móti verður hluti nýbygginganna við Laugaveg hækkður um eina hæð.“

Framkvæmdir í fullum gangi

Framkvæmdir verktaka á lóðinni eru í fullum gangi og mikið rask eins og verða vill. Því miður er ekki hægt að sjá að tekið hafi verið tillit til þess að „friða“ átti silfurreyninn á lóðinni.

Króna trésins hefur verið illa skert öðrum megin þannig að greinabygging þess er skökk og ólíklegt að jafnvægi í krónubyggingu náist aftur. Rótarkerfi trésins hefur verið skert að hluta þannig að næringarupptaka þess hefur minnkað. Á lóðinni umhverfis tréð er mikið af steypuafgöngum en efni í þeim eru mjög óæskileg fyrir gróður.

Með því að skerða krónuna á þann hátt sem gert hefur verið hefur þyngdarpunktur trésins verið færður til og vegna rôtarskerðingarinnar er tréð óstöðugra.

Sagað hefur verið inn í gamlar greinar með þeim hætti að skólabókardæmi er um hvernig ekki á að saga á greinar á trjám. Fúi í sárið er óhjákvæmilegur og getur hann hæglega smitast inn í stofn trésins og valdið alvarlegum skaða.

Framkvæmd við „friðun“ eins elsta trés landsins er Reykjavíkurborg til skammar. Illa afgreitt í borgarráði, ekkisens sem ekkert er hægt að gera við og ekkert gert við, verktaka til skammar sem er með vanþekkingu að vopni og ekkert eftirlit er af hálfu borgar-yfirvalda.

Orð, eftirlit og framkvæmd með „friðun“ eins elsta trés landsins í miðborg Reykjavíkur er ekkert. Ólíklegt er að tréð nái aftur fyrri reisin. /VH

Afrakstur vorsins

Jón Viðar Jónmundsson
LBHÍ – jvj111@outlook.com



Nú er liðið hjá sauðfjárbændum áfallalausasta vor veðurfarslega sem þeir hafa upplifað um mjög langt árabíl. Ég vil meira að segja fullyrða að á sumum svæðum landsins séu menn komnir mjög til ára sinna sem muna hraðari breytingar á gróðri í úthaga en þær sem víða mátti sjá fyrri helm-ing júní í ár.

Sumarið 2015 hafði skilað bænd-um víða um land gæðameira fóðri en oft áður. Þegar þetta tvennt lagðist saman var útkoman í vor góð. Ég leyfi mér að fullyrða að afurð þessa nú um mánaðamótin júní-júlí er þroskameiri og fallegri lambahjörð nánast um allt land en dæmi mun að finna um áður.

Með þannig fjársjóð í höndunum er full ástæða til að velta örstutt fyrir sér hvernig hann verði best nýttur.

Nú er óráðin veðrátta tveggja til þriggja mánaða sem miklu ræður um endanlega útkomu fjárbúanna í haust. Það er ekki á færi neins að segja fyrir um það. Hugleiðingar þær sem hér fylgja eru því allar með þeim fyrirvara. Augljóslega óskum við öll sem mestra árgæsku áfram.

Verði veðrátta í meðallagi er ekki ólíklegt að síðsumars geti afréttir á sumum landsvæðum farið að tapa fódurgildi sínu mögulega nokkuð snemma og þó frekar hraðar en oft þegar þær breytingar byrja. Í öllu falli er glapræði á þessari stundu að gera ráð fyrir árgæsku haustsins 2015. Á mörgum stöðum á landinu var hins vegar snjór í fjöllum með meira móti og þar mun beit í háfjöll-um halda fódurgildi sínu eins og bændur á slíkum svæðum þekkja. Þar eru það fremur síðsumarhret sem hrekja fé úr háfjöllum sem þyrfti að bregðast við. Í öllu falli er óráð annað en að reikna með að beit-argildi síðsumarþeirrar í úthaga geti orðið breytilegri en gerist í meðalári.

Á svæðum þar sem úthagabeit fer að tapa næringargildi sínu fyrst er meiri ástæða en oftast að fylgjast vel með þeim breytingum og bregð-ast við þeim á viðeigandi hátt. Þetta er vegna þess að hin vænu og fal-legu lömb sem þar verður að finna gera kröfur bæði til meiri beitar að magni vegna þroska sins og ekki síður næringarríkari gróðurs en oft áður vegna þess að vöxtur þeirra verður kominn lengra en áður og við þær aðstæður þarf einfaldlega kraftmeira fóður til að fá fram við-bótavöxt en hjá rýrum lömbum. Á þessum svæðum verða bændur því í haust að vera meira vakandi fyrir að flýta haustsmölunum en oft hefur verið.

Minni þörf fyrir að bata sláturlömb

Af því sem sagt er leiðir einnig hjá þeim bændum sem í haust ætla eins og oft áður að byggja á haustbötun verða kröfurnar meiri. Ástæða er að sjálfsögðu að benda á það að verði sumarið skapfellt þá ætti þörfin fyrir að bata sláturlömbin víða að verða umtalsvert minni en áður hefur verið. Þeir sem hins vegar hafa sterka búskaparhefð og kunnáttu mikla munu að sjálfsögðu beita haustbötum áfram að einhverju leyti. Þeim er hins vegar ástæða til að benda á að lömbin þeirra eins og önnur lömb gera meiri fódurkröfum en oft og við því verður að bregð-ast. Þetta er við þessa búskaparhætti einkar mikilvægt verði lömbin farin mjög að hægja á vexti þegar þau koma af úthagunum vegna þess að hættan á að þau leggist þá í fitu-söfnun hefur stóruaust taki ekki við kröftug beit á ræktaða landinu. Fitusöfnun lambanna á þeim tíma mun seint skila fjærbændum mikl-um tekjum.



Á síðustu áratugum hefur starfsumhverfi afurðastöðvanna breyst með ólí-kindum hratt. Fyrir rúmum þremur áratugum voru enn mörg sláturhús vítt um land. Mörg þeirra voru að vissu leyti rekin sem hluti af samfélagsgrunni. Sú tíð er liðin.

Mikilvægi ómsjarmælinga í ræktunarstarfinu

Minnist þá á þann þátt í öllum þess-um verkferli sem ég tel mig þekkja betur en aðra. Þeir bændur sem sinna ræktunarstarfi á eigin búi hafa mikla hefð í því að láta ómsjarmæla og stíga vissan hluta lamba áður en val ásetningslambanna fer fram. Full ástæða er til að hvetja alla sem ræktun sinna að gera það af sama krafti eða jafnvel betur en áður hefur verið gert. Við sem þekkjum þetta starf best vitum til viðbótar að bestu niðurstöðurnar til að velja eftir fast við mælingar strax þegar lömbin koma af fjalli. Þetta minnir bænd-ur á að panta ómælingar snemma og marga að láta framkvæma þar mun fyrr að haustinu en venjan hefur verið. Ómsjarmælingar mikið eftir 10. október ættu ekki að sjást lengur nema hjá þeim bændum sem byggja sína dillkakjötsframleiðslu á mikilli og góðri haustbötum. Þeir menn eiga áfram að vera með sínar mælingar eins stuttu fyrir slátrun lambanna og líflambavalið leyfir.

Bréfaskipti Bjarna Guðmundssonar og Halldórs Pálssonar

Sem millispil í þessum pistli langar mig órlítið að segja frá bréfaskiptum Bjarna Guðmundssonar þá kaup-félagsstjóra á Höfn í Hornafirði og Halldórs Pálssonar sem þá var landsráðunautur í sauðfjárrækt um 1950. Þeir ræða flest málefni sauð-fjárræktar á þessu svæði (Austur-Skaftafellssýslu) á þeim tíma. Þá voru dilkar almennt rýrir á þessu svæði. Það hefur síðan gerbreyst með ræktunarbyltingu í tún- og grænófóðurrækt. Samt má velja því fyrir sér hvort þeir sáu ekki ef til vill enn lengra fram í tímann en við mörg sem varla sjáum framfyr-ir tærnar á okkur. Þeir velta fyrir því hvers vegna á þessu svæði með sauðburð og vorkomu fyrr en á flest-um öðrum svæðum landsins væri ekki mesta framleiðsla hérlendis á sumarmarkað dillkakjöts. Þeir voru sammála um að einhvers staðar væri brotinn hlekkur í framleiðsluferlinu. Nú vil ég biðja ágæta vini mína á þessu svæði að velta þessu aðeins fyrir sér. Er mögulega enn einhver ófundinn brotinn hlekkur? Er ekki eitthvað sem ástæða er til að skoða betur þegar á þessu besta gróður-svæði landsins hefur verið erfiðara en annars staðar að koma slátrun í fullan gang að haustinu og dilkar eru líklega færðir eldri á blóðvöll að haustinu en í nokkru öðru héraði?

Sjónarmið afurðastöðva og bændu

Þá langar mig að snúa mér að hinni hlið málsins sem eru afurðastöðv-arnar. Ég vil staðhæfa að nú sé vegna hinna jákvæðu aðstæðna eftir vorið auðveldara en nokkru sinni

áður að láta sjónarmið afurðastöðva og bændu mætask. Að lokum er það líklega það sem skiptir sauðfjár-framleiðsluna meginmáli.

Á síðustu áratugum hefur starf-sumhverfi afurðastöðvanna breyst með ólíkindum hratt. Fyrir rúmum þrem áratugum voru enn mörg sláturhús vítt um land. Mörg þeirra voru að vissu leyti rekin sem hluti af samfélagsgrunni. Sú tíð er liðin. Ekkert segir að lítill sláturhús eigi ekki áfram fullan rétt á sér. En þá er það til að sinna ákveðinni eftir-spurn nýs markaðar eins og slátur-húsið í Seglbúðum. Flest bendir til að þróunin muni kalla á fleiri slík fyrirtæki á næstu árum. Eðlis þeirra vegna geta þau hins vegar aldrei orðið burðarásar afurðastöðva í sauðfjárframleiðslu af þeirri stærðargráðu sem nú er í landinu. Það verða áfram þær tiltölulega stóru einingar sem fyrir hendi eru. Þær starfa á hörðum samkeppnis-grundvelli og sú starfsemi hefur því miður ekki verið að skila eigendum sínum, sem oftast en ekki eru bændur sjálfir, gulli og grænum skógum. Það eitt að meira og meira hefur færst í vöxt að mönnun þessara fyr-irtækja byggir á erlendu vinnuafli ætti að sýna að tæplega getur það verið skynsamlegt að reksturinn sé aðeins á litlum hluta mögulegra afkasta fyrstu viku sláturtíðar vegna þess að fé fæst ekki til slátrunar. Það ætti að vera ljóst að fæstum geta slík vinnubrögð verið til góðs nema mögulega einhverju af hinu aðfengna vinnuafli sem slappað getur af á fullum launum.

Gæði kjötsins í hámarki

Hin vænu lömb sem þið bændur eigi núna í stærri hópum en nokkru sinni áður á að gera ykkur mögu-legt að skila í haust til slátrunar lömbum af sama vænleika og undangengin ár þó nokkru yngri en áður hefur verið. Gæði kjöts-ins sem þannig fæst ætti að vera í hámarki. Auk þess þá bjóða afurða-stöðvarnar, í öllu falli þær sem gefið hafa út verðlista, betra álag á fyrstu vikum slátrunar í haust en oft hefur verið. Mín skoðun er að bændum beri að gera allt sem í þeirra valdi stend-ur til að koma sem best til móts við óskir afurðastöðvanna síðsumars og í haust. Hið góða forskot vor-mánaðanna gefur ykkur betra tæki-færi til þess en nokkru sinni. Fátt bendir til að markaðurinn í haust kalli á aukna dillkakjötsframleiðslu að magni til. Þess vegna ætti mar-mið bændu í haust að vera að skila óbreyttu magni til slátrunar í haust. Það kemur hins vegar af lömbum sem eru allnokkrum dögum yngri en sláturlömbin undanfarin haust. Gæðin verða þá um leið meiri en áður. Þetta getið þið, bændur, ef allir leggjast á eitt og líklegt er að það styrki sauðfjárræktina í bráð betur en nokkuð annað.

Gólf - Einstök hönnun

léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Polir 4000kg öxulpunga

Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason,
Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bighen@simnet.is



DÚNN HÆKKAR

Með nýjum viðskiptasamböndum okkar hefur spurn eftir íslenskum æðardúni aukist og verðmæti hans sömuleiðis. Nú þurfum við aukið magn til hreinsunar og sölu og borgum fyrir vikið hærra verð en fyrr.

Við greiðum 215-220 þúsund krónur fyrir hvert kíló af fullhreinsuðum æðardúni og hvetjum bændur til að hafa samband við okkur sem fyrst.

Dúnhreinsunin ehf.
Við Axarhöfða,
110 Reykjavík
Sími 892 8080

Íblöndunarefni við votheysverkun

Notkun íblöndunarefna (einnig kölluð hjálparefni) við gróf-fóðuröflun verður sífellt algengara. Kemur þar til að bæði eru nú á boðstólum betri búnaður til að koma íblöndunarefni í fóðrið og ekki síður aukið framboð af hjálparefnum.

Það eru skiptar skoðanir meðal bænda um gagnsemi af notkun íblöndunarefna. Sumir bændur leggja mikla áherslu á notkun íblöndunarefna – sjá sér hag í notkun þeirra. Á meðan aðrir bændur telja sig ekki hafa haft hag af notkun þeirra. Ástæða þess að reynsla manna er svo ólík er einkum sú að það er samspil ólíkra þátta sem hefur áhrif á það hvernig tekst til við verkun gróffóðursins. Einhver dæmi eru um að bændur séu að nota íblöndunarefni í of þurru fóðri. Það er þegar þurrefni er komið yfir 55%, þá verður ekki eiginleg votheysverkun í fóðrinu og því hefur íblöndunarefni takmörkuð áhrif á verkun og geymslu fóðursins.

Með notkun íblöndunarefna má bæta verkun og minnka fóðurtap. Íblöndunarefni stuðla að hraðari gerjun og ef vel tekst til þá geta íblöndunarefni aukið lystugleika fóðursins. Góðum árangri má ná án notkunar íblöndunarefna. En þá þarf líka að vanda verulega til verka og hafa þekkingu á því hvað þarf til að tryggja góða verkun.

Til að votheysverkunin heppnist þurfa tvö megin skilyrði að vera uppfyllt. Hráefnið þarf að hafa ákveðna gerjunarhæfni og aðstæður þurfa að vera loftfirðar. Síðslegið blautt gras hefur ekki mikla gerjunarhæfni. Það er fyrir það fyrsta lítið af auðmeltum kolvetnum til staðar, en þau eru nauðsynleg næring fyrir mjólkursýrubakteríurnar sem stuðla að hraðri gerjun og nægilegu falli í sýrustigi til að votheysverkunin heppnist. Mikið vatn vinnur gegn lækkun sýrustigs. Það þarf meiri sýru eftir því sem fóðrið er blautara til að verkunin heppnist. Líklega var mikið af heyförðanum sumarið 2014 svona. Gróft, úr sér sprottið, hirt blautt og verkunin því léleg.

Það má ná verulega góðum árangri við votheysverkun án notkunar íblöndunarefna. Markviss vinnubrögð og gott hráefni tryggja góða verkun. Hins vegar má segja að með notkun íblöndunarefna verður verkunin öruggari, sérstaklega þegar hráefnið er ekki af þeim gæðum sem við helst vildum. Gera má gott fóður betra með notkun íblöndunarefna – einkum með því að bæta lystugleika fóðursins.

Mikilvægt er að hafa stjórn á þurrefni fóðurs til að votheysverkun heppnist sem skyldi. Með aukinni forþurrkun verður sýrumyndun minni og meira af sykrum eftir í fóðrinu. Jafnframt verður minna niðurbroð á próteinum. Báðir þessir þættir gera fóðrið lystugara. Æskilegt þurrefni við stæðuverkun er 30–35% þurrefni og við rúlluverkun 35–45% þurrefni. Þegar komið er upp fyrir 25% þurrefni verður afrennsli úr fóðri lítið sem ekkert. Tap á velli er lægst við þurrefni á bilinu 25–35%. Það er því ekki bara með hliðsjón af verkun fóðursins sem skiptir máli að þurrefnið sé á réttu bili heldur líka þegar horft er til þurrefnistaps við verkunina.



Með notkun íblöndunarefna má bæta verkun og minnka fóðurtap. Þau stuðla að hraðari gerjun sem getur aukið lystugleika fóðursins.

Myndir / USS



Það er mikil flóra til af íblöndunarefnum. Það má skipta þeim í fjóra megin flokka eftir eiginleikum og virkni. Þurrefni fóðurs og gerjunarhæfni þess hefur afgerandi áhrif á val íblöndunarefna.

- Sýrandi efni (t.d. Gras AAT, Ensil). Hér er sýru blandað við fóðrið þannig að sýrustigið fellur hratt og lítil sem engin virkni örvera

verður. Til eru efni í þessum flokk sem einnig hafa virkni gegn vexti sveppa og myglu. Þessi efni eru oft kölluð Sýra + til aðgreiningar frá efnum sem hafa bara sýrandi áhrif. Meginfalli við notkun þessara efna eru að þau eru ertandi og hafa tær-andi áhrif á vélar.

- Efnablöndur (t.d. Kofasil LG, Kofasil Ultra)

- Lífræn efni (t.d. Sil-All, Josilac). Þetta eru efni sem hvetja gerjunarferlið og innihalda gjarnar mjólkursýrubakteríur og ensím. Þessi efni eru auðveld í notkun og hafa ekki tær-andi áhrif á vélar.
- Efni sem hamlar myndun myglu (innihalda t.d. propionsýru, benzósýru, sorbinsýru, Heteraógerjandi bakteríur)

Rautt = Ekki mælt með; Grænt = Mælt með; Gult = Getur gengið við góðar aðstæður				
Þurrefni	Án íblöndunarefna	Sýra	Sýra +	Lífræn efni
< 25%		O	OΔ□ *	
25-30%		O	OΔ□	
> 30%		O	OΔ□	**
* Mikilvægt að sýrumagn sé mikið ** Notið einkum efni sem eru einnig með virkni gegn myglu og sveppum				
O Vinnur gegn myndun smjörσύrugróa Δ Vinnur gegn myglu og sveppavöxt □ Vinnur gegn myndun ethanóls				

Tafla 1. – Leiðbeiningar varðandi val íblöndunarefna við stæðuverkun.

Rautt = Ekki mælt með; Grænt = Mælt með; Gult = Getur gengið við góðar aðstæður					
Þurrefni	Án íblöndunarefna	Sýra	Sýra +	Kemísk efni	Lífræn efni
< 25%		O	OΔ□ *	OΔ□	
25-30%		O	OΔ□	OΔ□	
30-35%		O	OΔ□	OΔ□	
35-40%		O	OΔ□	OΔ□	**
> 40%		O	OΔ□	OΔ□	**
* Mikilvægt að sýrumagn sé mikið ** Notið einkum efni sem eru einnig með virkni gegn myglu og sveppum					
O Vinnur gegn myndun smjörσύrugróa Δ Vinnur gegn myglu og sveppavöxt □ Vinnur gegn myndun ethanóls					

Tafla 2. – Leiðbeiningar varðandi val íblöndunarefna við stæðuverkun.

Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum við notkun íblöndunarefna og nota hlífðarfatnað þar sem það á við.

Stæðuverkun

Almennt ætti alltaf að nota íblöndunarefni við stæðuverkun. Ef verkunin tekst ekki þá spillir hún miklu fóðurmagni. Við stæðuverkun gildir það að fá sýrustigið í fóðrinu til að falla hratt.

Hér skiptir máli:

- Forþurrkun að hámarki 30–35%
- Ef þurrefni fóðurs er undir 30% er æskilegt að nota sýrandi íblöndunarefni. Gott að hafa með efni sem hamlar vexti myglu og sveppa. Ef nota á lífræn íblöndunarefni er mikilvægt að þurrefni sé komið yfir 30%.
- Fylgið leiðbeiningum um skammtastærðir
- Notið aukið sýrumagn einkum þegar þurrefni er lágt, hirðing tekur langan tíma/löng flutningsvegaleið, þegar illa gengur að þjappa, fóður er lítið eða illa saxað, próteinríkt fóður, lítið af sykrum í fóðri, ekki mikið fóður tekið úr stæðu á hverjum degi við gjafir, til að auka gróffóðurát.

Rúlluverkun

Við verkun gróffóðurs í rúllur höfum við aðeins fleiri möguleika við val á hjálparefnum. Hér má nota hjálparefni úr öllum flokkum.

Mælt er með að:

- Forþurka að lágmarki 35% þurrefni. Þannig að tap á velli sé sem minnst.
- Ef þurrefni við hirðingu er undir 25% er best að nota sýru.
- Þegar þurrefni er á bilinu 25–35% er best að nota hjálparefni sem einnig innihalda efni sem draga úr vexti myglu og sveppa.
- Fylgja ráðlögðum skammtastærðum.

Við ákveðnar aðstæður er ekki þörf á því að nota íblöndunarefni við rúlluverkun.

- Þegar um er að ræða mikla forþurrkun. Helst að pakka með 8–10 lögum af plasti í stað 6.
- Þegar fóðrið hefur góða eiginleika til votheysverkunar og ekki er ætlunin að nota fóðrið fyrir gripi í mikilli framleiðslu.
- Þegar grasið er orðið úr sér sprottið, næringarlítið og þurrlegt.

Heimild: Einkum var stuðst við efni í bæklingnum *Ensilering* sem gefinn var út árið 2013 af Tine Radgivingn.

Unnsteinn Snorri Snorrason
bútækniráðgjafi

Minnislisti fjósbyggjandans

Þegar hugað er að fjósbyggingum, hvort sem um er að ræða endurbyggingu eða nýbyggingu, er í afar mörg horn að líta og mjög mikilvægt að gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir mistök við framkvæmdina. Árin 2010–2011 var unnið rannsóknaverkefni við Landbúnaðarháskólann sem kallast „Betri fjós“ en verkefni þetta byggði á úttekt á um 30 nýlega byggðum og breyttum fjósum. Þetta verkefni leiddi m.a. í ljós að þrátt fyrir að töluverð reynsla hafi skapast hér á landi við hönnun, byggingu eða breytingu fjósa, þá reyndust öll fjós sem heimsótt voru í því rannsóknaverkefni innihalda einhverja galla. Flesta gallana hefði mátt koma í veg fyrir með meiri þekkingu á hönnun og/eða frágangi við byggingu eða breytingu fjósanna.

Fá fjós byggð árlega

Skýringuna á þeim mistökum sem fundust við úttekt fjósanna í framangreindu verkefni má vafalítið heimfara upp á smæð markaðarins á Íslandi, en harla erfitt og raunar ólíklegt er að hægt sé að fá jafn góða þjónustu við hönnun fjósa og leiðbeiningar við byggingu eða breytingar fjósa hér á landi og kúabændur erlendis geta fengið, enda eru nýbyggingar eða breytingar á fjósum hér á landi ekki taldar nema í fáeinum tugum árlega.

Margt verið gert

Hér á landi hefur þó margt verið gert undanfarna áratugi í þeim tilgangi að miðla fræðslu og þekkingu á þessu sviði. Þannig hafa t.d. verið haldin fjósbyggingarnámskeið reglulega undanfarin 15 ár, þar sem bændur og hönnuðir hafa haft tækifæri til þess að sækja sér nýja þekkingu og læra af reynslu annarra. Tilgangur námskeiðanna hefur fyrst og fremst



Það er í mörg horn að líta þegar bændur fara út í nýbyggingar. Réttur undirbúningur getur skipt sköpum um gæði framkvæmdarinnar.

Mynd / ÁP

verið að miðla upplýsingum til verðandi framkvæmdaaðila um það sem þarf að varast og að hverju þarf að huga svo ekki verði til óþarfa mistök. Námskeið þessi hafa alltaf verið afar vel sótt, en á þeim hefur einnig vaknað áhugi á því að bændur og hönnuðir geti fengið í hendur „verkfæri“ sem geri þá betur færa um að yfirfara teikningar og áætlanir svo líkurnar á því að finna óþarfa mistök aukist og þar með að auðvelda bændunum að takast á við hið mikla og kostnaðarsama verkefni sem það er að byggja nýtt fjós eða breyta fjósi. Skýrslan „Betri fjós“, sem hægt er að hlaða niður af vef Landbúnaðarháskólans (www.lbhi.is), svarar þessari þörf að hluta til en skýrslan er í raun nokkuð ítarleg handbók með ótal myndum sem sýna ýmis atriði sem vert er að hafa í huga.

Fara í fjósaskoðun!

Auk þess að sækja sér þekkingu með því að sækja námskeið og lesa grein-

ar og skýrslur er alltaf einkar gagnlegt við undirbúning framkvæmda að skoða önnur fjós og framkvæmdir hjá öðrum, til þess að ná utan um sem flesta þætti hinnar nýju framkvæmdar og í framhaldi af slíkri undirbúningsvinnu að setja hugmyndir á blað ásamt fjóshönnuði. Á þessu stigi framkvæmda þarf að ákveða helstu grunnþætti komandi framkvæmda. Ef um nýbyggingu er að ræða má nefna hér atriði eins og hvers konar mjaltakerfi eigi að nota, hvernig legusvæði kúnna eigi að vera, fóðrunaraðferðina og fóðrunartækna, fara yfir helstu flutningaleiðir aðfanga, dýra og vinnuafls, hvernig standa eigi að smitvörnum, hvernig gólfgerð eigi að vera í fjósinu, hvar og hvernig standi til að meðhöndla mykjuna og hvernig loftræstingin eigi að vera. Þegar framangreint er valið er afar mikilvægt að skilja á milli þess sem er „gott að vera með“ og þess sem er „nauðsynlegt að vera með“. Allt of oft hækkar byggingarkostnaður mikið við það eitt að valin er of dýr lausn miðað við eðli ver-

kefnisins eða þeirrar framkvæmdar sem er fyrirhuguð.

Rýning teikningar

Í framhaldi ofangreindrar grunnvinnu er svo gert uppkast eða skissa af fyrirhugaðri framkvæmd og svo síðar teikning með drögum að framkvæmdinni. Þegar hún liggur svo fyrir er afar mikilvægt að rýna hana vel, þ.e. fara yfir teikninguna með helstu daglegu og önnur fjósverk í huga. Ég hef oft mælt með því að þegar þessu stigi er náð í hönnunarferlinu að þá sé hreinlega gráupplagt að bjóða vinum og nágrönnum í „teikningakaffi“ og fá sem flesta til þess að skoða og spyrja út í smáatriðin, sé þetta gert er mjög oft hægt að koma í veg fyrir að einhver smávægileg en hvímléið mistök eigi sér stað.

Minnislistar góðir

Erlendis er oft farin sú leið við yfirferð teikninga að notast við eins konar minnislista eða „tékklista“

sem tekur til helstu þekktra mistaka sem koma upp við hönnun, hvort sem um nýbyggingu er að ræða eða breytingu á fjósi. Slíkur listi verður vissulega seint 100% tæmandi, en með því að nota slíkan lista er oft hægt að forða því að mistök verði við hönnun eða frágang, sér í lagi við hönnun á helstu vinnurýmum svo sem mjaltaaðstöðu, mjólkurhúsi og aðstöðuréymi en langalgengast er að finna hönnunarmistök á þessum rýmum.

Fyrsta útgáfa komin

Í liðinni viku kom út í fyrsta skipti hér á landi áþekkur minnislisti og þekktist erlendis en hann inniheldur rúmlega 200 spurningar og tekur til helstu rýma í fjósum s.s. mjaltaaðstöðu (bæði hefðbundinnar og mjaltþjóna), aðstöðuréymis, fóðrunaraðstöðu, smákálfaaðstöðu, aðstöðu fyrir geldneyti, hvíldar- og göngurými kúa og tækjarýmis. Í minnislistann hefur verið safnað saman spurningum sem lúta að flestum þeim þáttum sem hafa misfarist við hönnun fjósa hér á landi undanfarin ár. Önnur grunnatriði eru sjálfgefin og ekki tekin fyrir. Eins og áður segir verða minnislistar seint 100% tæmandi, en með því að hafa þá rafræna er nokkuð einfalt að bæta við atriðum sem gott er að hafa með og til þess að gera þennan lista betri og betri er mikilvægt að fá ábendingar um það sem í hann vantar og/eða má eyða úr honum. Allar ábendingar óskast sendar til undirritaðs.

Þeim sem kunna að hafa áhuga á þessum lista má benda á að hann má hlaða niður af heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (www.rml.is) eða heimasíðu Landssambands kúabænda (www.naut.is).

Snorri Sigurðsson

sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku

Spánarsnigill – óboðinn gráðugur gestur

Spánarsnigill, (*Arion lusitanicus*) sást hér fyrst með vissu árið 2003 og síðan hefur hans reglulega orðið vart víðs vegar um landið. Upprunaleg heimkynni hans eru á Íberíuskaganum, þ.e. vesturhluta Spánar, Portúgal og Suður-Frakklandi. Þar hefur hann ekki verið til vandræða enda loftslag heitt og þurr sem er fremur óhagstætt sniglum og náttúrulegir óvinir halda honum í skefjum. Sniglar eru sem kunnugt er fremur hægfara og þurfa að reiða sig á aðra ef þeir hyggja á langferðir. Slímug egg og örlitlir sniglar geta loðað við dýr og borist þannig milli staða en útbreiðsla hans norður eftir Evrópu er fyrst og fremst af mannavöldum. Upp úr 1960 varð hans vart nokkuð víða utan upprunalegra heimkynna, t.d. á Ítalíu og í Sviss. Með auknum millríkja-viðskiptum á plöntum í pottum, hafa egg og sniglar tekið sér far sem laumufarþegar og dreifst víða. Árið 1975 sást spánarsnigill á Skáni í Svíþjóð, í Noregi árið 1988, og nú er hann útbreiddur um öll Norðurlönd, þar með talin Ísland og Færeyjar. Svalt og rakt loftslag í norðvestanverðri Evrópu virðist henta tegundinni vel og hefur hann náð að fjölga sér hratt þar sem hann hefur komið sér fyrir og hefur víða gert mikinn usla í gördum.

Getur orðið allt að 15 cm langur

Spánarsnigillinn er auðþekktur af stærð sinni og rauðbrúnum lit. Hann getur orðið allt að 15 cm að lengd en er þó yfirleitt minni en það á norður-



Helgi Jóhannesson

garðyrkjuráðunautur RML
helgi@rml.is

slóðum, en þó alltaf töluvert stærri en hérlendir sniglar. Hann myndar ekki kuðung og skilur eftir sig slímuga slóð þar sem hann fer um. Auðveldast er að koma auga á sniglana að kvöld- og næturlagi þar sem þeir fela sig oft í skugga yfir daginn.

Verpir allt að 400 eggjum

Lífsferill spánarsnigla tekur eitt ár. Hann verpir eggjum síðsumars, eggin klekjast út og ungvíðið yfirvetrar undir laufblöðum eða öðrum einangruðum stöðum. Fullvöxnu dýrin drepast aftur á móti á haustin. Að vori skriða svo litlu sniglarnir úr fylgsnum sínum, éta sig stóra og feita, verpa eggjum og hringnum er lokað. Spánarsnigillinn er tvíkynja, hann tímgar sig með öðrum sniglum en getur líka frjóvgað sig sjálfur ef svo ber undir. Hann verpir við góðar aðstæður allt að 400 eggjum á varptímanum þannig að viðkomandi getur orðið ansi mikil. Á hinum Norðurlöndunum sveiflast fjöldi spánarsnigla nokkuð milli ára, minnst er af þeim þegar frýs vel á snjólausla jörð. Broddgeltir, krákur og froskar éta snigla og aðstoða við að halda þeim í skefjum, en þessi dýr eru jú sjaldséð hér og hjálpa okkur varla.

Kvikindi sem eirir fáu

Spánarsnigillinn er gráðug alæta. Hann étur plöntur, plöntuleifar, ýmsan lífrænan úrgang, t.d. hunda-



Spánarsnigillinn er gráðug alæta og getur náð allt að 15 cm lengd. Hann étur plöntur, plöntuleifar, ýmsan lífrænan úrgang, t.d. hundaskít og líka dauða og lifandi snigla.

Mynd / Hulda Guðmundsdóttir

skít og líka dauða og lifandi snigla. Efst á óskalistanum eru lyktsterkar plöntur, t.d kryddjurtir og flauelsblóm. Skaðsemi spánarsnigilsins er ekki eingöngu fólgin í því að hann skemmir gróðurinn okkar og sóðar út með slímblóð sinni. Hann útrýmir líka öðrum sniglum þar sem hann nær fótfestu og raskar þannig náttúrulegu jafnvægi. Í Skandinavíu eru taldar líkur á að hann geti tímgastr með skyldum þarlendum tegundum og jafvel myndað frjóa blendinga.

Af framansögðu er ljóst að við þurfum að takmarka útbreiðslu spánarsnigilsins eins og kostur er. Spánarsnigillinn berst oftast milli svæða af mannavöldum með plöntum en getur einnig borist með jarðvegi og hlutum sem komast í snertingu við jarðveg. Því þurfa plöntuframleiðendur og söluaðilar að tryggja að söluvara þeirra sé laus við þennan skaðvald. Það er hægt að gera með

reglubundnu eftirliti, hreinlæti og sótthreinsun ræktunarsvæða milli ára. Verði plöntuframleiðendur/plöntusalar varir við snigla í plöntunum ber þeim að farga þeim tafarlaust og gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að hindra frekara smit.

Ráð til að stöðva spánarsnigilinn

Verði almennir garðeigendur varir við spánarsnigla ættu þeir líka að reyna að hefta útbreiðslu þeirra. Sniglaeitur hefur einhverja virkni og virðist frekar duga á nýklakin dýr en fullorðin. Það ætti því frekar að nota síðsumars og á haustin. Áhrifaríkasta leiðin virðist þó vera að tína sniglana þegar þeir eru á ferli og farga þeim. Ekki dugar að höggva þá með verkfærum því þroskuð egg í búknum geta náð að klekjast út. Sniglar sækja í bjór (líka léttöl) og hægt er að útbúa gildirur með því að grafa niður ílát og

hella í það bjór. Snigillinn skriður þá í bjórinn og drukkna. Einnig má lokka að snigla með því að skilja eftir sniglahræ, ávexti eða gæludýrafóður á skuggsælum stað og tína þá svo upp og farga þegar þeir mæta.

Þar sem spánarsnigillinn er nýbúi á Íslandi er óvíst hversu útbreiddur og alvarlegur skaðvaldur hann getur orðið. Frostkaldir vetur ættu að öllum líkindum að takmarka fjölda þeirra en við ættum þó af fremsta megni að takmarka útbreiðsluna. Með samstilltu átaki plöntuframleiðenda, plöntusala og garðeigenda ætti að vera hægt að stöðva frekari útbreiðslu og sjálfsagt að reyna að útrýma honum þótt litlar líkur séu á að það takist.

Nánari upplýsingar

Matvælastofnun og Umhverfisstofnun ætla að safna saman og miðla upplýsingum um spánarsnigil til þess að auðvelda bæði almennum garðeigendum og plöntuframleiðendum að glíma við þennan vágast.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar er að finna upplýsingar um spánarsnigla og þar er skorað á þá sem finna spánarsnigla að koma upplýsingum til stofnunarinnar til að hægt sé að kortleggja útbreiðslu tegundarinnar.

Helstu heimildir:

Aarild Andersen 2009. Iberia-skogsnegl – biologi og bekjempelse. Bioforsk fokus 4(2) 112-113, 2009.

Maria Ingimarsdóttir og Erling Ólafsson 2005. Spánarsnigill finnst á Íslandi því miður. Náttúrufræðingurinn 73 (3-4) bls. 75-78, 2005.

Utan úr heimi



Ný manneldismarkmið í Kína:

Gert ráð fyrir helmingssamdrætti í kjötneyslu til 2030

– Mun hafa afgerandi áhrif á stöðu loftslagsmála

Í nýjum manneldismarkmiðum sem Kínverjar gáfu nýverið út, er stefnt að nærri helmingssamdrætti í kjötneyslu til ársins 2030. Gangi það eftir er ljóst að það muni vega þungt í baráttunni við loftslagsbreytingar, en hlutur Kínverja í allri kjötneyslu jarðar-búa er um 28 prósent og um 14,5 prósent af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum má rekja til búfjárhalds.

Breski fjölmiðillinn Guardian greinir frá þessum áformum Kínverja og setur í samhengi við loftslagsvandann. Í markmiðum kínverskra stjórnvalda er gert ráð fyrir að kjötneysla verði 40–75 grömm á mann á dag að meðaltali, en Kínverjar eru í dag rúmir 1,3 milljarðar. Nái markmiðin fram að ganga mun samdráttur í losun á gróðurhúsalofttegundum nema sem samsvarar einum milljarði tonna af koltvísýringi. Haldi sama þróun áfram mun losunin hins vegar nema 1,8 milljörðum tonna.

Til þess að hvetja samlanda sína til að minnka kjötátið var ráðist í auglýsingaherferð. Leituðu kínversk stjórnvöld meðal annars á náðir Hollywood-stjarnanna Arnold

Schwarzenegger leikara og James Cameron leikstjóra til að koma boðskapnum á framfæri.

Meiri kjötneysla í Kína en í Bandaríkjunum og ESB samanlagt

Til marks um þau jákvæðu loftslagsáhrif sem verða ef áætlunin nær fram að ganga, má benda á að losun á gróðurhúsalofttegundum vegna búfjárhalds á heimsvísu er meiri en heildarlosun allra vélknúinna samgangna í heiminum; allra bíla, flugvéla, lesta og skipa. Kínverjar neyta meira af kjöti en þjóðir Evrópusambandsins og Bandaríkjamenn samanlagt og ná þeir að skera niður kjötneysluna um helming er talið að það muni leiða til 1,5 prósentu samdráttar hnattrænt, á losun gróðurhúsalofttegunda.

Kjötneysla Kínverja hefur vaxið mjög á undanföllum árum. Árið 1982 át hver Kínverji að meðaltali 13 kíló af kjöti á ári. Með aukinni velmegun í Kína hefur kjötát aukist mjög og nú hesthúsar hver Kínverji 63 kílóum af kjöti að meðaltali á ári. /smh

Ísland og úrsögn Breta úr Evrópusambandinu:

Semja þarf um viðamikil mál

Ísland þarf að semja á ný við Bretland um ýmis atriði sem í dag falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ísland tók formennsku í EFTA um síðustu mánaðamót.

Til skamms tíma er ekki talið að úrsögn Breta úr Evrópusambandinu hafi mikil áhrif umfram þau sem kunna að verða vegna viðbragða á mörkuðum í Bretlandi vegna gengisbreytinga. Lágt gengi breska pundins gæti hugsanlega leitt til fækkunar á komu breskra ferðamanna hingað til lands.

Til lengri tíma verður aftur á móti að ganga út frá því að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu muni hafa í för með sér uppsögn Breta á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Af því leiðir að Ísland þarf að semja á ný við Bretland um atriði sem í dag falla undir EES-samninginn. Á það við um tolla, fjárfestingar, ferðir fólks milli landanna og flugsamgöngur sem dæmi.

Tilkynning ríkisstjórnarinnar vegna úrsagnar Breta

Í tilkynningu frá Ríkisstjórn Íslands vegna úrsagnar Breta úr Evrópusambandinu segir að Bretland sé eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslands og grundvallast samskiptin á EES-samningnum. Í ljósi þess ákvað ríkisstjórnin að utanríkisráðherra tæki málið upp á ráðherrafundi EFTA. Samhliða því mun utanríkisráðuneytið kanna mögu-



Bretland er eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslands og grundvallast samskiptin á EES-samningnum.

leikann á gerð tvíhliða efnahags- og viðskiptasamnings milli Íslands og Bretlands.

Einnig er verið að skoða hvernig hagsmunir Íslands verði best tryggðir í framhaldi af útgöngusamningi sem Bretland og Evrópusambandið munu væntanlega gera. Skipaður hefur verið starfshópur ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og velferðarráðuneytis til að samræma viðbrögð og aðgerðir.

Ísland með formennsku í EFTA

Um síðustu mánaðamót tók Ísland við formennsku í EFTA og í tilkynningu vegna þess segir að lögð verði áhersla á að fylgjast náið með viðræðum vegna útgöngu Breta úr ESB með það að markmiði að tryggja viðskiptahagsmuni EES og EFTA-rikkanna. /VH



Í Losætra er einnig eins konar skólagarðafyrirkomulag þar sem um 100 manns eiga sinn skika. Í bakgrunni má vel sjá Barcode-verkefnið þar sem nýtískulegir skýjakljúfar hafa spróttið fram í röðum.

Myndir / ehg

Borgarabóndinn blómstrar í Osló

Fasteignafélagið Björvika **Utvikling í samvinnu við norsku bændasamtökin, Norges Bondelag, auglýstu í fyrra eftir lífrænum borgarabónda til að sinna búskap í Losætra í Björvika sem er á besta stað í miðbæ Oslóar. Andreas Capjon varð fyrir valinu en hann er bóndasonur og þekkir því vel til bústarfa. Nú er verkefnið komið vel af stað og hefur gengið framur vonum að sögn borgarabóndans.**

„Ég sá þetta auglýst og ákvað að sækja um, mig langar að skapa eitthvað stórkostlegt í gegnum þetta verkefni. Rækta bæinn og að rækta lífrænt er eitthvað sem er hjarta mínu nærri. Mitt verkefni er að gera svæðið grænna, meira lifandi og að stað sem fólk hefur áhuga á að koma til. Hér mun almenningur fá aðstoð við að rækta sinn eigin mat og fá innblástur við það ásamt því að fræðast um hvernig maturinn er búinn til,“ segir Andreas en fjöldi umsækjenda fyrir verkefnið var mun meiri en aðstandendur verkefnisins þorðu að vona. Ásamt Björvika Utvikling og norsku Bændasamtökunum hafa norska vegagerðin (Statens Vegvesen) og matvöruvísinn Norgesgruppen stutt verkefnið.

Græn vin í miðborginni

Svæðið sem um ræðir er um 5 hektarar að stærð og er eingöngu hugsað til lífrænnar ræktunar. Borgarabóndinn vinnur náið með ýmsum aðilum á svæðinu eins og bændum og listamönnum.

„Þetta er hin græna vin í miðborginni okkar, á einstökum stað þar sem fólkið í borginni getur lært hvernig matvælaframleiðsla gengur fyrir sig. Hér á fólk sinn skika og fær aðstoð ef þess þarf og ég sé síðan um að rækta gamlar korntegundir, grænmeti og kartöflur,“ segir Andreas sem er nú bóndi í fullu starfi rétt við norska óperuhúsið og í kringum fjölda hótellbygginga, mitt á milli tveggja hraðbrauta.

Sjálfur ólst Andreas upp á bóndabæ á Nesodden þar sem lífræn ræktun var alltaf í hávegum höfð.

„Ég hef átt minn eigin grænmetisgarð síðan ég var 12 ára gamall svo þetta er eitthvað sem fylgir manni.



Andreas Capjon var valinn úr hópi fjölda umsækjenda til að verða hinn nýi borgarabóndi nánast í miðbæ Oslóar.

Ég þarf að finna að ég sé hluti af matarblóðrásinni minni, ef þú skilur hvað ég á við. Þetta er hluti af minni tengingu við lífið og við rætur mínar, það er að rækta. Ég tel að Norðmenn vilji komast í samband við hvað þeir borða og hringrás árstíðanna miðað við þá athygli sem verkefnið hefur fengið.“

Opna augu fólks

Óhætt er að segja að ekki hafi skort á athyglina sem Andreas talaði um því bæði norskir fjölmiðlar og erlendir

hafa fjallað ríkulega um norska borgarabóndann.

„Hér á Losætra hef ég mikla möguleika, vegna staðsetningar svæðisins, til að veita öðrum innblástur, koma með og njóta þessa með mér. Ég hef einnig unnið að því að koma á samstarfi við fleiri aðila, eins og til dæmis leikskóla og skóla í næsta nágrenni og eins við húsfélög sem hafa stór græn svæði á lóðum sínum eða uppi á þaki. Möguleikarnir eru víða til staðar og þetta snýst því líka svolítið um að opna augu fólks fyrir því hvað er hægt að rækta sjálf-



Almenningur hefur tekið verkefninu afar vel og hefur Andreas nóg að gera við að leiðbeina fólki við sveita-störfin.



Skóla- og leikskólabörn frá svæðinu eru dugleg að koma í „sveitina“ á Losætra og rækta jafnvel sitt eigið grænmeti.

ur og njóta þess.“

A Losætra getur almenningur leigt sér aðgang, eins konar skóla-garða-fyrirkomulag og þar má einnig finna býflugnabú og krydd-jurtagarð.

„Við erum á stað þar sem ætti í raun ekki að vera hægt að rækta nokkurn skapaðan hlut og hér er að sjálfsgöðu töluverð hljóðmeng-un. Stofnun fyrir lífræna ræktun (NIBIO) rannsakaði svæðið í nokk-ur ár áður en verkefnið hófst og er með í því áfram. Það sýnir sig að það eru góð gæði á þeim matvælum sem við framleiðum hér. Plönturnar taka vissulega í sig CO2 og svifryk-ið fer ekki í burtu svo það er gott að skola grænmetið áður en það er borðað en að sama skapi sýna mæl-ingar að maturinn er vel nothæfur þrátt fyrir staðsetningu svæðisins.“

Verkefnið vindur upp á sig

Andreas segist ekki geta kvartað yfir félagslega þætti verkefnisins en hann hefur varla átt stund einn með sjálfum sér síðan verkefnið hófst, svo mikill er áhugi fyrir því og allir tilbúnir að leggja sitt af mörkum.

„Skólagarðafyrirkomulagið er ekki nýtt af nálinni og er þetta fimmta árið sem það er í boði. Um 100 manns eru með skika hér og nokkrir leikskólar eru líka með og rækta sitt eigið grænmeti. Það er í raun einfalt að rækta og maður þarf ekki svo mikið til að ná því góðu sem maður er að gera,“ segir Andreas og bendir á sem dæmi að hann rækta kartöflur í fótum á svæðinu.

Fyrir stuttu hófu samtökin Futurefarmers Flatbread Society byggingu á bókunarhúsi í skúlp-túrlíki og gróðurhúsi þar sem bakað verður brauð með hráefni af korn-akrinum á Losætra.

„Fólki finnst það skemmtilegt og spennandi að við notum kon-unglega kúamykju sem áburð sem kemur frá sveitabæ konungshjón-anna. Einnig getum við státað af að nota korg frá Kaffibrennslunni hér nálægt okkur og matarúrgang sem kokkar með Michelin-stjórnur hafa handleikið. Allir þessir litlu þættir eru með í að vekja athygli á verk-efninu sem ég og allir aðstandendur þessarar vinnu erum afar ánægð með hvernig til hefur tekist hingað til.“

/ehg

Skógardagurinn mikli í sól og blíðu á Hallormsstað

Skógardagurinn mikli var haldinn í blíðskaparveðri á Hallormsstað nýverið og nú í tólfta sinn.

Sú breyting var gerð að þessu sinni að sauðfjárbændur á Héraði og Fjörðum tóku þátt í sjálfum Skógardeginum en fram að þessu hafa þeir grillað lambakjöt ofan í gesti skógarins kvöldið áður. Að sjálfsgöðu var heilgrillaða nautið líka á sínum stað og pylsur í hundraðavís

Ólafur Árni Mikaelsson hreppti Íslandsmeistaratitilinn í skógarhöggi sem jafnan er efnt til á Skógardeginum. Í öðru sæti lenti Bjarki Sigurðsson

og Kristján Már Magnússon í því þriðja. Í skógarhlaupinu kom Hjalti Þórhallsson fyrstur í mark í karla-flokki og Meredith Cricco í kvenna-flokki.

Margt fleira var á dagskránni, m.a. bauð Ólafur Oddsson, fræðslu-fulltrúi Skógræktarinnar, upp á leið-sögn í tálgun og reyndu um 300–400 manns fyrir sér í þeirri list. Norski keðjusagarlistamaðurinn Arne Askeland lék listir sínar, Ketilkaffið og lummurnar runnu ljúflega niður og einnig fengu krakkar deig á prik og grilluðu sér ormaþrauð yfir eldi.



Hlauparar á öllum aldri taka þátt í skógarhlaupinu á Skógardeginum mikla ár hvert.

Sömuleiðis var teymt undir börnum og ýmiss konar skemmtiatriði á palli.

Verði landsviðburður

Skógardagurinn mikli hefur fyrir löngu fest sig í sessi á Hallormsstað.

Hin nýja stofnun, Skógræktin, stefnir að því að slíkur dagur verði haldinn í öllum landshlutum á komandi árum, jafnvel að þegar næsta sumar verði Skógardagurinn mikli landsviðburður sem haldin verði samtímis um allt land.

Brúnegg

Ódýr ofurfæða

próteinrík, holl og ódýr matvara

Brúnegg eru úr frjálsum hænum, sem verpa í hreiður.

30 eggja bakkarnir henta vel þegar mikið stendur til.

Þú finnur 10 og 6 eggja bakka í flestum matvöruverslunum.

Þjóðum einnig til sölu varphænur fyrir þá sem vilja framleiða eigin brúnegg.

Komdu í heimsókn á... www.brunegg.is



Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



Hin misvinsæla Sveipjurtaætt – sjötta og síðasta grein

Nú líður að lokum umfjöllun-
ar um hina misvinsælu Sveip-
jurtaætt. Í fyrri var hér skrifað
um geitakálið (BBL. 11. tbl. 2015)
og risahvannirnar (BBL. 15. tbl.
2015).

Geitakálið er afar ágengt og óvinsælt af garðeigendum vegna þess að það er gjörsamlega ómögulegt að losna við það þar sem það hefur náð fótfestu. Gerir sig samt vel sem botngróður í skógarlundum og er ágætis beitarrjurt. Risahvannirnar sem hafa verið kallaðar „hræðilegar“, kannski óverðskuldað og vegna þess þekkingarskorts sem sífellt elur á óttanum og settar á útrýmingar- og bannlista þar til settra yfirvalda. Þeim er því sleppt hér en nýliðinn fagri, skógarkerfill, og íslensku hvannirnar sæhvönn og geitla kallaðar til sögunnar.

Skógarkerfillinn

Anthriscus sylvestris, er útbreiddur um mestan part Evrópu. Á Íslandi var fyrst getið um hann á þriðja áratug liðinnar aldar. Uppruni hans er í fjallendi Mið-Evrópu og austur um fjöll og dali Evrasíu. Útbreiðsla hans hefur verið stöðug vestur og norður á bóginn frá því að sögur hófust. Reyndar er hann nú orðið að finna í flestum þeim löndum heims sem byggð eru fólki og bjóða upp á kalda vetur, því skógarkerfillinn þarf glöggan mun á sumri og vetri. Hann þrífst ekki í hitabeltinu en spjarar sig í fjöllum umhverfis Miðjarðarhaf. Skógarkerfillinn er að upplagi til tvíær jurt, nánar skilgreint einbær líkt og ætíhvönnin. Það er að segja að flestar plönturnar deyja eftir að hafa blómgastr og borið fræ einu sinni. En oftar en ekki mynda plönturnar hliðarbrum á rótarhálsum og geta þannig treint sér ævina og blómgastr nokkur sumur til viðbótar. Sjaldan verða plönturnar þó langlífir, varla meira en þriggja til fjögurra ára.

Trójuhestar

Á síðustu árum hefur skógarkerfillinn tekið Ísland með trompi. Um miðja síðustu öld var hann sjaldséður. Sást fyrst og fremst við Eyjafjörð. Á þessum tíma man ég bara eftir tveim brúskum á höfuðborgarsvæðinu. En líklega hafa margir garðeigendur fallið fyrir fegurð hans og glæsileika og fært hann í garðana sína vítt um landið. Plantan er formfögur, með fagurgræn, fjöðruð blöð og yfir þeim svífa hvítir blómsveipir, liprir og léttir eins og ballerínur. Því fór að bera á honum á gördum víða um land á árunum milli 1950-1960. Líklega vegna umsagnar – án viðvörunar – í Garðagróðri þeirra Ingólfs Davíðssonar og Ingimars Óskarssonar sem kom fyrst út árið 1949. Þar er sagt að hann þrífist ágætlega. Það gæti hafa kveikt áhuga hjá fólki sem leitaði eftir fallegum og sérlega harðgerðum garðjurtum. Enn eru meira að segja til garðaafrigði af honum sem seld eru hér í garðplöntusöllum. Til dæmis ‘Ravenswing’ með bronsslíkjuðum og purpurrauðum blöðum og fólbleikum blómsveipum sem svífa yfir honum eins og stjörnuregn. En hann, sem og önnur garðaafrigði, eru ekki öll sem þau eru séð því þau geta líka þroskað fræ og sáð sér út ekkert síður en aðaltegundin. Og bara um fjórðungur afkomendanna fær útlit og yfirbragð móðurinnar. Afgangurinn verður bara venjulegur skógarkerfill. Því þarf að vera á varðbergi ef slíkar fegurðardísir eru fluttar í garðinn, þær eru trójuhestar. Til að koma í veg fyrir að þær sái sér út þarf að klippa alla blómsveipi

burt um leið og blómin byrja að láta á sjá. Það lengir líka ævi plöntunnar og bætir í blaðskruðið.

Útlendingahersveitin


Um og upp úr 1980 varð eins konar sprenging í útbreiðslu skógarkerfilsins hér á suðvesturhorni landsins. Alaskalúpínan og skógarkerfillinn hittust. Það varð ást við fyrstu sýn. Hönd í hönd fara þau nú um holt og hæðir og skryða landið ýmist í bláum eða hvítum lit fyrirpart sumarsins. Margir agnást út í þessa útlendingahersveit og eru aldeilis ekki á því að þau megi fá þegnurétt í íslensku flórunni. Sumum þykir þjóðlegra, eftir að íslensku holtin voru rúin birkiskógunum og blómgróðri hans, að landið sé látið halda nekt sinni, vindbörðum og nauðnöguðum holtagróðri sem dregur fram lífið við sult og seyru eins og kvótæignarlaus alþýða landsins. Feitu frænkunni frá Ameríku og hinum fríða sveini úr dölum Evrópu er því ekki alveg jafn vel tekið af öllum þótt þau skilji eftir sig þykkan og frjóan gróðursvörð fólki og framtíð til sældar. Á löngum tímaskala láta þau undan og hleypa nýjum og kröftugari gróðri að. Skógar og akrar koma í þeirra stað sem nauðsynleg auðlind fyrir vaxandi þjóð. Landinu er alveg sama og ferðamenn munu kæra sig kollótta. Hálendið verður áfram bert, sandarnir svartir en barnabörn okkar og barnabarnabörn munu ekki sakna berangursins í byggðum landsins eins og hann var þegar flest okkar sem eldri erum vorum að alast upp.

Þótt beitt sé skæruhernaði og efnavopnum á þetta par, eins og spurnir hafa verið af á síðustu árum, mun það hafa lítið að segja. Hvergi sér högg á vatni. Því er eina ráðið að setta sig við orðinn hlut. Taka þeim bara opnum örmum og fylgja þeim eftir með friðsömum hætti og á skynsamlegan máta.

Það er samt ekki heiglum hent að ráða niðurlögum skógarkerfils eftir að hann hefur numið land einhvers staðar. Sláttur og beit heldur honum nokkuð í skefjum. Hann þolir illa traðk stórgripa og erlendis halda stærri beitardýr, t.d. elgir og dádýr, aftur af honum. Fræ hans eru smá og berast auðveldlega um með vatni og vindum. Þau taka sér líka far með feldi dýra, fatnaði og farartækjum. Þau spíra að vori eftir kaldan vetur.

Vinsæll víðast hvar

Erlendis er skógarkerfill í miklum metum meðal náttúruunnenda og jafnvel má sjá hann í stórum breiðum sem undirgróður og bakgrunn í stórum skrudgórðum, jafnvel þeim af finasta taginu. Í nágrannalöndum okkar þar sem blómum skreyttar „miðsumarstangir“ eru reistar á jónsmessunni spila skógarkerfill og blágresi oft aðalhlutverkið í blómskrúðinu. Í breskum görðum kallast hann „Queen Anne’s lace“, þótt „cow parsley“ sé algengara að nota um hann úti í sveitum. Á þýsku er algengasta heitið „dalakerfill“ (Wiesen-Kerbel). Þar í landi þykir hann finn, nema þegar hann fer í tún. Sænska heitið er „hundkäx“ en á norsku „hundkjeks“. Útbreiðsla hans hefur líka aukist í þeim löndum á síðustu árum, rétt eins og hér. Það rekja sumir til breyttra búskaparhátta, þ.e. að útteit nautgripa upp á gamla mátanum hefur mikið dregist saman og í staðinn er fódrið borið að skepnunum á stórbúum. Notagildi skógarkerfilsins hefur verið lítið í ræktunarsögunni. Blómin mátti nota til að lita gult ef álún var sett með í suðuna. Á nokkrum stöðum borðuðu menn blöðin þegar þau fóru að sjást á vorin, þá soðin með öðrum mat. Og sem lækningajurt þótti hann duga vel til að lækna „fingrakveisu“, þ.e. liðverki í fingrum og var því sumstaðar kallaður „kveisugras“ þess vegna.



Skógarkerfill í fullu skrudu.

Allur er varinn góður

Skógarkerfill er sláandi líkur tveim eitruðum sveipjurtategundum og fólk hefur verið varað við að nota eða nærast á skógarkerfli eða plöntum sem eru líkar honum úti í náttúrunni. Þessar tvær tegundir eru ódurt, *Conium maculatum* og beiskujurt, *Cicuta virosa*. Báðar vaxa þær í nágrannalöndunum en hafa enn ekki borist hingað til lands. Ódurtin er sú tegund sem notuð var í eitrið sem Sókratesi var byrjað forðum daga. Ekki þarf mikið af henni til að drepa mann en dauðdaginn verður tiltölulega átakalaus. Líkist skógarkerflinum mjög en þekkist best á að hún er rauðflekkt á stilkunum og af henni leggur mjög óþægilega lykt. Beiskujurtin vex í vatni og hefur sérstaklega hola og loftríka stólparót sem oft slitnar upp og flýtur á milli staða. Blöð hennar minna meira á blöð skessujurtarinnar en skógarkerfilsins og af allri plöntunni leggur smeðjulega sellerílykt. Hún er mjög eitruð og veldur kvalafyllra dauðastriði en ódurtin.

Sæhvönn

Ligusticum scotium, vex við strendur landsins. Yfirleitt í hólum, eyjum eða klettaskorum við sjó þar



Sæhvönn.

sem sauðfé kemst ekki að. Hana er helst að finna um vestanvert landið en á stöku stað í öðrum landshlutum. Sæhvönnin er ein af stærri jurtunum í Íslandsflórunni. Hún er fjölær, snotur, fagurgræn með þrífingruðum blöðum sem aftur skiptast í þrjá flipa hvert. Blómin eru í sveip, nokkuð stór með hvítum eða rauðmengudum krónublöðum. Oft eru blað- og blómstíklar líka ögn rauðleitir. Sæhvönn er skemmtilegt að rækta sem kryddjurt. Bragðið af henni er sterkt og minnir allt í senn á skessujurt, steinseljju og ætíhvönn. Auðveld í ræktun, en getur sáð sér út í görðum ef ekki er höfð gát á. Samt ekki til neinna ama og hún nær ekki að komast á legg í grónu landi. Sem kryddjurt er hún góð söxud út á fiskrétti rétt eins og steinselja. Hún gefur góðan keim í hrásalöt. Sem lyfjajurt var sæhvönnin áður notuð til að bæta meltinguna, stemma vind, róa taugarnar, draga úr kvennakvillum, lina gikt og hálsvirki. Fræin má steyta og nota í stað pipars.

Geithvönn eða geitla

Angelica sylvestris, er öll miklu nettari um sig en ætíhvönn. Þær eru í sömu ættkvísl og líkjast mikið hvor annari. Geithvönnin er samt öll í smærri skala, þurrari á að sjá og blað- og blómstíklar með áberandi rauðum lit. Rauða litarins gætir einnig í blómsveipunum. Þeir eru líka smærri og flatari en á ætíhvönninni. Geithvönnina má finna víða um land. Gjarna í skóglendi, deigu valllendi og annars staðar þar sem hún finnur skjól og frið fyrir beit. Geithvönnin er vel æt og nota má hana á sama máta og ætíhvönn. En bragðið af geithvönninni er fremur rammt og óviðfelldið. Sums staðar voru samt blöðin matreidd snemma á vorin til að bæta skyrþjóg og fyrirbyggja hann. Einnig var plantan notuð í te, bæði rót og blöð, þurrkuð sem óþurruð, til að vinna á svipuðum vanda og getið var um í umfjölluninni um sæhvönnina. Stilkana mátti sjóða í sykurlegi rétt eins og ætíhvannastilka og nota sem sælgæti.



Geithvönn eða geitla.



Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga.

Laxveiði fer vel af stað

Laxveiði hefur farið vel af stað í sumar og segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga, að það lofi góðu.

„Það er nokkuð áberandi að margar ár eru að skila stórum lögum núna í upphafi veiðitímabilsins og það gildir líka um Vesturlandið sem ekki er hefðbundið stórlaxasvæði. Almenn má segja að byrjunin lofi góðu en það gildir um laxveiði eins og margt annað að það skiptast á skin og skúrir, stundum veiðist vel og stundum ekki,“ segir Jón Helgi.

Hlífa stórlaxi

Hann segir að gaman sé að sjá þá hófsemi sem veiðimenn hafi tileinkað sér hin síðari ár í veiðiskapnum. „Menn sleppa gjarnan stórlaxi, hlífa honum og almennt finnst mér veiðimenn sýna hófsemi, það er þróun sem smám saman hefur verið að festa sig í sessi undanfarin ár og er vel,“ segir hann.

Vel hefur veiðist t.d. í Ytri-Rangá en þar voru komnir á land um miðja síðustu viku 477 laxar sem er 370 lögum meiri veiði en var 1. júlí árið 2015. Um mánaðamótin júní og júlí í fyrrasumar höfðu veiðist 107 laxar í Ytri-Rangá, þannig að þetta er besta byrjun í ánni frá því Landssamband veiðifélaga hóf að safna veiðitölum fyrir áratug, árið 2006.

Þá fór veiði í Víðidalsá vel af stað, hafði skilað 128 lögum samanbórið við 40 laxa um mánaðamótin júní-júlí í fyrra. Selá og Hofsá í Vopnafirði voru opnaðar nýverið og fór veiði vel af stað.

Prefalt meiri veiði í Blöndu

Veiði í Blöndu er þrefalt meiri en var á sama tíma í fyrra, en einnig hafa Þverá, Kjarará og Norðurá skilað betri veiði en í fyrrasumar. Á vefnum angling, sem Landssamband veiðifélaga heldur úti, kemur fram að tveggja ára lax skili sér vel haldinn úr hafi nú í ár og töluvert sé um að lax hafi gengið óvenju snemma upp í vatnakerfin þetta árið.

/MPÞ

„Draumur aldamótabarnsins“ á Eyrarbakka

Sýningin „Draumur aldamótabarnsins“ var opnuð í Kirkjubæ á Eyrarbakka á þjóðhátíðardaginn á vegum Byggðasafns Árnesinga. Kirkjubær er hús sem stendur rétt við Húsið á Eyrarbakka. „Byggðasafn Árnesinga keypti Kirkjubæ árið 2011 og hefur undanfarin ár unnið að endurbótum á húsinu og sýningargerð. Safnið hefur nýtt arf Helga Ívarssonar frá Hólum til þessa verkefnis. Kirkjubær er lítið bárujárnsklætt timburhús frá 1920 byggt af alþýðufólki og var búið í því til 1983 er það varð að sumarhúsi. Umhverfis húsið er gróðurmikill garður,“ segir Lýður Pálsson, forstöðumaður safnsins.

Það verður opið í Kirkjubæ á sama tíma og Húsið og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og er kærkomin viðbót við sýningarhaldið. „Sýningin varpar ljósi á líf almennings á tímabilinu 1920–40 og er bæði uppfyll af safnmunum í réttu samhengi og skemmtilegum fróðleik um tímabilið. Húsakynnin sjálf tala sínu máli,“ bætir Lýður við.

/MHH



Aukabúnaður á mynd: Framlyfta og framaflúrtak

DEUTZ-FAHR Agrotion 6150.4 C-Shift - sívinsæl og klassísk dráttarvél

C-SHIFT útgáfan er búin rafskiptingu á öllum gírum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír.

Við bjóðum nú takmarkaðan fjölda DEUTZ-FAHR Agrotion 6150.4 á sérstöku kynningarverði.

Helsti búnaður:

4 strokka, 4 lítra DEUTZ mótór	120 L/mín Load Sensing vökvadæla
153 hö, 605 Nm	Power Beyond vökvatengi
C-SHIFT rafskipting, 6 gírar, 4 milligírar	Rúmgott og glæsilegt hús með loftkælingu
Sjálfskiptimöguleikar	Farpegasæti og drykkjakælir
Skriðgír	4 hraða aflúrtak (540/540e/1000/1000e)
Aðgerðaminni	Lyftigeta á afturbeisli: 9.200 kg.
Fjaðrandi framhásing og fjaðrandi hús	Dekkjastærð: 540/65R24 að framan, 600/65R38 að aftan.
50 km/klst aksturshraði	
Stoll FZ45 ámoksturstæki með dempara, vökvaskóflulás, 3 sviði og 2,40 m Heavy Duty Skóflu.	

Allt þetta og meira til á sérstöku kynningarverði:

Kr. 13.500.000,-
án VSK



REYKJAVÍK:

Krókháls 16

Sími 568-1500

AKUREYRI:

Lónsbakka

Sími 568-1555

Vefsíða:

www.thor.is



Bækur

Konur breyttu búháttum

– Ný bók um starfssögu Mjólkurskólans á Hvanneyri og Hvítárvöllum

Um aldamótin 1900 var þungt fyrir fæti í íslenskum landbúnaði. Tekið hafði verið fyrir útflutning lifandi sauðfjár til Bretlands og árferði var erfitt. Bændur leituðu úrbóta, renndu m.a. hýru auga til danskra bændna er náð höfðu góðum árangri í sölu mjólkur-afurða til Bretlands. Þótt mjólk-in hafi verið helsta fæðutegund okkar Íslendinga um aldir kunn-um við ekki að vinna úr henni afurðir sem hæfar væru á kröf-uhörðum erlendum mörkuðum. Hér skorti nýja verkþekkingu.

Því var ákveðið að koma á fót íslenskum mjólkurskóla. Búnaðarfélag Íslands leitaði til þess faglegrar aðstoðar Danska Landbúnaðarfélagsins og fékk fjár-stuðning Alþingis til þess að koma málinu á rekspól – með því að efla verklega kunnáttu í smjörgerð til útflutnings.

Stofnaður Mjólkurskóli

Til Danmerkur var leitað eftir manni er kennt gæti Íslendingum smjör-gerð og aðra nútíma mjólkurvinnslu. Danska Landbúnaðarfélagið mælti með nýútskrifuðum mjólkur-fræðingi, Hans Jepsen Grönfeldt frá Ølgod á Jótlandi, til kennslunnar. Hann kom til Íslands sumarið 1900 og tók þegar til starfa.

Knappur tími var til undirbún-ings en samningar náðust um að Mjólkurskólinn fengi aðstöðu hjá Búnaðarskólanum á Hvanneyri. Ákveðið var að Mjólkurskólinn skyldi eingöngu vera fyrir stúlk-ur. Inntökuskilyrði voru að þær væru „... hraustar og vel þrífnaðar


upplagi. Þær þurfa einnig að vera fullþroskaðar, hafa lært skrift og 4 höfuð greinar í heilum tölum í reikningi...“ Á Hvanneyri hóf Mjólkurskólinn starf 1. nóvember 1900 og var aðeins einn nemandi í skólanum fyrsta kennslutímabilið. Það var Guðlaug Ólafsdóttir frá Sumarliðabæ í Holtum. Aðsókn óx og skólastarfið dafnaði vel undir forystu Grönfeldts mjólkur-fræðings.

Þannig hófst saga fyrsta og eina Mjólkurskólans sem starfað hefur hérlandis. Vegna hrikalegs húsbarna á Hvanneyri haustið 1903 hraktist skólinn þaðan til Reykjavíkur en var síðan færður að Hvítárvöllum þar sem hann átti flest starfsár sín.

Stúlkurnar og námið

Í Mjólkurskólanum lærðu stúlkurnar nútíma mjólkurmeðferð, um fôðrun kúnna og um bókhald og rekstur rjómaþú. Námið, sem var bæði bóklegt og verklegt, miðað-ist við að stúlkurnar gætu að því loknu staðið fyrir rjómaþúum sem vaxandi áhugi var fyrir að stofna.

Mjólkurskólinn varð ein fyrsta menntabráttur á sviði matvælafræði hérlandis – og ein fyrsta starfsmenntaleið íslenskra kvenna. Um 180 stúlkur stunduðu nám við skólann um lengri eða skemmri tíma á starfstíma hans. Komu þær úr flestum sýslum landsins. Stúlkurnar úr Mjólkurskólanum réðust margar sem bústýrur rjómaþúanna er risu víða um land á fyrstu árum síðustu aldar. Þannig breiddu þær út nýja þekkingu í mjólkurvinnslu og verkavöndun óx.



Mörg fengu rjómaþúin ágætt verð fyrir smjórið á hinum kröfuhörðu erlendu mörkuðum.

Mjólkurskólinn starfaði til ársins 1918 en þá höfðu starfsskilyrði hans sem og viðskiptaumhverfi rjómaþúanna versnað svo að ekki var lengur grundvöllur fyrir rekstri hans: Bændur hættu að færa frá ám sínum en hluti rjómans sem tekinn var til smjörvinnslu í rjómaþúun-um var sauðarjómi, heimavinnsla smjörs óx og gæði þess einnig, ekki síst vegna áhrifa Mjólkurskólans.

Áhrif Mjólkurskólans

Með sínum hætti var Mjólkurskólinn leið marga stúlkna til menntun-



Hans J. Grönfeldt, mjólkurfræðingur og skólastjóri, og kona hans, Þóra Þórleifsdóttir.

Mynd / úr einkasafni

Starf Mjólkurskólans og nemenda hans bættu mjólkurmeðferð og smjörvinnslu hérlandis til muna og lagði grunn að nútíma mjólkur-iðnaði.

Þótt Mjólkurskólinn legðist af svo og flest rjómaþúin liðu fá ár þangað til iðnvæðing íslenskrar mjólkurvinnslu með mjólkurbú-unum/-samlögunum hófst af fullum þunga. Það gerðist á sama grund-velli og Mjólkurskólinn og rjóma-búin höfðu starfað: Með starfsþekk-ingu, vöruvöndun og samvinnu bændna. Og búhættir breyttust.

Ný bók um sögu Mjólkurskólans

Nú er væntanleg bók um Mjólkurskólann og starfssögu hans. Titill bókarinnar – Konur breyttu búháttum – vísar til þeirra áhrifa sem nemendur skólans höfðu með sínum hætti, beinum og óbeinum, á framvindu landbúnaðar hérlandis í byrjun 20. aldar. Það hefur verið afar hljótt um þennan skóla og aðgengilegar heimildir um hann eru ekki margar. Ef til vill er það til marks um hlut kvenna og menntun-ar þeirra á þessum árum.

Um árabil hefur undirritað-ur unnið að söfnun fróðleiks um Mjólkurskólann sem birtur verður í þessari bók. Það eru Bókaforlagið Opna og Landbúnaðarsafn Íslands sem standa saman að útgáfu hennar en með stuðningi nokkurra aðila. Má þar helst nefna Mjólkursamsöluna og Uppbyggingarsjóð Vesturlands, Kaupfélag Borgfirðinga, Menningarsjóð Borgarbyggðar og Hagþenki.

Bókin kemur út nk. laugar-dag, 9. júlí, og verður þá kynnt á Hvanneyrarhátíð. Þar mun gestum einnig gefast kostur á að kaupa bókina á sérstöku útgáfudags-verði. Andvirði hennar, að greidd-um útgáfukostnaði, mun renna til eflingar Landbúnaðarsafni Íslands, en þar verður bókin einnig fánleg.

/Bjarni Guðmundsson



Mjólkurskólastúlkur, sennilega á Hvítárvöllum; því miður eru nöfn stúlkanna enn óþekkt.

Mynd / Héraðsskj.s. Borg.

Lesendabás

Hernaðinum gegn Eldhrauni verður að linna

Á síðastliðinni hálfri öld hafa landeigendur og bændur í Landbroti staðið fyrir umfangsmiklum áveituframkvæmdum úr Skaftá út á Eldhraun á Út-síðu í Skaftárhreppi. Tilgangur framkvæmdanna hefur verið að freista þess að auka og tryggja vatnrennsli í lækjum, sem koma undan hrauninu og hafa státað af mikilli fiskgengd. Afleiðingar þessara veitinga jökulvatns út á hraunið eru að þúsundir hektarar af fágætum gamburmosabreiðum, sem að hluta til eru á náttúruminjaskrá, hafa farið undir sand og leir og leitt til sandfoks yfir nærliggjandi byggðir.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins fór hótélbóndinn í Efri Vík í Landbroti mikinn og krafðist þess að stjórnvöld myndu veita vatni út á Eldhraun ella myndi hann grípa sjálfur til vatnaveitinga. Vonandi kemur ekki til þess, hafandi í huga hið fornkveðna; „Með lögum skal land byggja – en ólögum eyða.“ Það kom hvergi fram í viðtölum Bændablaðsins um þessi mál að vatnaveitingarnar hafa leitt til mikilla náttúruspjalla og gróðureyðingar á liðnum áratugum. Talið er að í byrjun síðustu aldar hafi Eldhraunið verið að mestu þakið gamburmosabreiðum sem munu vera þær stærstu í heiminum. Landgræðsla ríkisins hefur ályktað að sandur og jökulleir úr Skaftá hafi borist yfir og eytt gamburmosabreiðum í Eldhrauni á allt að 3.000 hektara svæði og er gróðureyðingin þar talin ein sú örásta í byggð hér á landi í dag og má hana að einhverju leyti rekja til vatnaveitinga landeigenda og bænda í Landbroti.

Vatnspurrð í Grenlæk og fleiri lækjum undan Eldhrauni

Því fer fjarri að ekki hafi verið vatnspurrð í Grenlæk fyrr en nú. Ýmsar heimildir eru fyrir því að slíkt hafi öðru hvoru átt sér stað, a.m.k. frá byrjun síðustu aldar. Ljóst er að vatnspurrð í lækjum í Landbroti, Tungulæk, Grenlæk o.fl. lækjum, var algeng á síðustu öld. Samt sem áður hafa bændur ótrauðir byggt rafstöðvar við þessa læk, fiskeldisstöðvar og glæsileg veiðihús. Þeir treystu á það áður fyrr að þeir gætu að vild vaðið inn á annarra manna eignarlönd og sótt sér vatn með ólögnum vatnaveitingum. Þannig voru lönd annarra sett undir sand og leir. Nú treysta þeir á að þeir geti eins og oft áður beitt stjórnvöld pólitískum þrýstingi til að grípa til örþrifaráða, án tillits til þeirra náttúruspjalla sem slíkt hefði í för með sér.

Fyrri vatnaveitingar í Árkvíslar

Með tilkomu stórvirkra vinnuvéla um miðja síðustu öld, hófust vatnaveitingar til að verja samgöngumannvirki og til að freista þess að auka vatnsrennsli í lækjum sem koma undan austurjaðri Eldhrauns í Landbroti og suðurjaðri þess í Meðallandi. Loftmyndir frá síðustu öld sýna að náttúrulegt rennsli í Árkvísllum og Bresti er miklu minna en það rennsli sem rörin þrjú í garðinum í Árkvísllum, sunnan við tóftir eyðibýlisins Ár, geta flutt í dag. Leiða má að því líkum að bændur í Landbroti hafi byrjað á áttunda áratugnum að auka rennslið úr Skaftá í Árkvísllamar og í Brest og vítað að þeir létu vinna að vatnaveitingum á þeim slóðum um 1980. Enn fremur eru ummerki víða um Eldhraunið, austan við Brest, um margháttaðar vatnaveitingar í hrauninu, þótt sum þeirra séu nú sandi orpin. Vorið 1998 var enn mikil vatnspurrð í lækjum undan Eldhrauni eins og öðrum vatnsföllum á Suðurlandi. Upphófst þá mikill darraðardans bænda í Landbroti, sem leiddi til pólitískra inngripa sem fólust í að garður með



Áveituframkvæmdir hafa leitt til þess að Skaftárhlaupin fara lengra út á Eldhraunið sem var áður klætt gamburmosa.

Mynd / Þórir N Kjartansson

rörum, sem Vegagerð ríkisins hafði látið gera við útfall Skaftár í Árkvíslar til að tempra vatnsrennslið miðað við það sem verið hafði, var fjarlægður. Síðan var sá varnargarður endurgerður árið 2000 og var sveitarstjórn framkvæmdaaðili verksins samkvæmt leyfi stjórnvalda til fjögurra ára. Síðan hafa staðið deilur um það vatnsrennsli og standa enn. Þær verða ekki raktar hér þar sem Veiðifélag Grenlækjar o.fl. hafa stefnt sveitarstjórn Skaftárhrepps og íslenska ríkinu fyrir að hafa tekið vatn af bændum með aðgerðum í Árkvísllum og við Brest. Aðgerðir Vegagerðarinnar á svæðinu hafa hins vegar fyrst og fremst beinst að því að halda vatninu sem kemur í Árkvíslar og Brest inn á hrauninu með gerð 7 km langra varnargarða, í stað þess að renna vestur í Eldvatnið. Þær aðgerðir hafa hjálpað bændum í Botnum og að mati Grenlækjarmanna einnig aukið vatnsrennsli lækja í Landbroti.

Vatnaveitingar í Skálarál

Vitað er að landeigendur og bændur í Landbroti hafa alveg frá því á sjöunda áratug sl. aldar staðið fyrir vatnaveitingum í Skálarál. Á loftmyndum frá 1945 nær Skálaráll aðeins dálítið austur fyrir heimreiðina að bænum Skál. Upp úr 1960 var fengin jarðýta til þess að ryðja farveg áfram austur í gegnum svokallaðar Dyngjur. Nokkrum árum seinna létu þeir vinna við vatnaveitingar vestar í Eldhrauni þ.e. hjá Skálarstapa til þess að veita Stapaál suður á hraunið í stað þess að renna aftur í Skaftá. Þetta jök rennslið í Skálarál og þegar hann náði austur fyrir Dyngjurnar rann hann aftur út í Skaftá á mótis við Krókatorfu. Þá lét landeigandi Tungulækjar byggja varnargarð í sveig til að stöðva það rennsli og veita vatninu suður á bóginn í áttina til Tungulækjar og Grenlækjar. Sá garður var síðar iðulega styrktur, hækkaður og lengdur en er nú að hluta til kominn undir sand. Þessar vatnaveitingar urðu til þess að Hringvegurinn þar suður af lokaðist í Skaftárhlaupi í ágúst 1997 og Vegagerðin neyddist til þess að hækka veginn á alllögum kafla. Allar þessar vatnaveitingar í Skálarál eru ólögmarar að mati Orkustofnunar og hafa valdið gríðarlegum náttúruspjöllum á gamburmosabreiðunum sem eru á náttúruminjaskrá. Öll þessi eyðilegging er og í eignarlöndum annarra en Landbrotsbænda.

Áhrif vatnaveitinga á gróður í Eldhrauni og sandfok

Hafa verður í huga þá þýðingarmiklu staðreind að þegar jökulvatn hefur runnið lengi í sömu áveitufarvegum eins og í Bresti og í Skálarál þá er botninn orðinn svo þéttur að mjög lítið vatn sígur niður í grunnvatnið. Verði áveitan í Árkvíslar látin halda áfram í sama mæli og undanfarin ár, það er miklu meira vatnsrennsli en hið náttúrulega vatnsrennsli var t.d. fyrir 1980, mun áveituvatnið innan fárra

ára taka að renna í náttúruperluna Fljótsbotn og síðan í Hólma sem einnig er fágæt náttúrperla ferskvatns hjá bænum Botnum í Meðallandi. Áveituvatnið í Bresti mun þá einnig renna á næstu áratugum austar í Eldhrauninu og niður í byggðina í Meðallandi. Sandfokið í Eldhrauni heldur áfram að aukast og ógna umferðaröryggi á Hringveginum og gróðureyðingin eykst enn meir.

Áframhaldandi vatnaveitingar í Skálarál munu leiða til þess að sandsvæðin ná niður að Hringveginum, með tilheyrandi sandfoki og öoryggi fyrir umferð. Hringvegurinn mun lokast í næstu Skaftárhlaupum sökum vatnsaga. Jökulvatn hefur nú þegar litað Tungulæk í síðustu Skaftárhlaupum og hann og Grenlækur munu þá á næstu árum og áratugum verða jökullækir, lifríkið hrynur þar með, sem og fiskgengd. Hvers eiga komandi kynslóðir að gjalda?

Hvað er til ráða?

Það eru fá svæði á Íslandi þar sem vatnafar hefur verið rannsakað jafn ítarlega og í Eldhrauni. Landsvirkjun, Vatnamælingar Orkustofnunar, Vegagerðin, Landgræðsla ríkisins, Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun, Suðurorka, Skaftárhreppur o.fl. hafa samtals kostað hundruð milljóna króna til rannsókna á svæðinu. Alls engar vísindalegar rannsóknir hafa nokkru sinni sannað með óyggjandi hætti að aukið vatnsrennsli úr Skaftá í Árkvíslar og Brest hafi nokkur áhrif á vatnsmagn Grenlækjar í Landbroti. Vatnamælingar Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands hafa þó leitt að því líkum að aukið vatnsrennsli út í Árkvíslar og Brest hækki vatnsborðið í grunnvatnsgeyminum í Eldhrauni og í rigningartíð og í Skaftárhlaupum flæði úr geyminum í lækina í Landbroti og Meðallandi. Vatnaveitingar í Skálarál hafi hins vegar beinni tengsl við Tungulæk og Grenlæk.

Brýnasta verkefnið vegna stöðvunar sandfoks og gróðureyðingar út frá Skaftá er að ná samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um að hætta alfarið að veita jökulvatni út á Eldhraunið og hefja þar landgræðslu með melgresi og áburðargjöf. Fátt virðist hins vegar vera því til fyrirstöðu að auka vetrarrennsli út á hraunið, þegar vatnið er tærara.

Það er alveg ljóst að vatnaveitingar bænda og landeigenda í Landbroti á jökulvatni út á Eldhraunið hafa valdið gríðarlegum og óafturkræfum náttúru- og gróðurspjöllum. Þær hafa enn fremur auðveldað Skaftárhlaupum að flæmast miklu víðar um Eldhrunið en ella. Ljóst er að vatnspurrðin í lækjum undan Eldhrauni veldur bændum og landeigendum í Landbroti miklum erfiðleikum. Það er hins vegar algjörlega óásættanlegt að freista þess að leysa einn umhverfisvanda með því að auka á annan. Þá munu umhverfisspjöll vera unnin með vissu. Mál er að linni.

/Sveinn Runólfsson

Skaftárhreppur til framtíðar

Ein af aðgerðum byggðaaætlunar 2014–2017 er byggðafestuverkefnið Brothættar byggðir. Um er að ræða sértækt verkefni Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti. Aðgerðin fellur undir eitt af lykilsviðum byggðaaætlunar er snýr að sértækum aðgerðum á varnarsvæðum.

Ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar taka höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er meiningin að búa til nýtt lag ofan á stoðkerfið, heldur vettvang þar sem leiddir eru saman kraftar og mynduð eins konar „sérsveit“. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag.

Skaftárhreppur er eitt af þeim byggðarlögum sem hafa verið samþykkt inn í Brothættar byggðir. Verkefnið sem hlaut nafnið Skaftárhreppur til framtíðar er komið vel á veg en ýmis ljón eru í veginum. Sum skritin þegar haft er í huga að um hluta af byggðaaætlun er að ræða þar sem skírskotað er til víðtæks samstarfs stjórnkerfis og stoðstofnana.

Við höfum kynnt verkefnið skriflega fyrir stofnunum ríkisins og átt fund með nokkrum þeirra. Því er það óþægilegt þegar sveitarfélagið og íbúar þess lenda í klemmu stofnana og stjórnsýslu. Sérstaklega þegar tilgangurinn virðist vera sá einn að tefja og útkoman leiðir hæglega að því að byggð veikist.

Lesendur Bændablaðsins muna sjálfsagt margir eftir fréttum um vatnaveitingar í Skaftárhreppi. Fréttum af vatnspurrð í Meðallandi og Landbroti þó nægt vatn sé í Skaftá. Fréttum af heimarafstöðvum sem þagna og veiðiám sem þorna. Fyrir þann sem situr hjá og reynir að skilja hvað er að gerast og setur málið í samhengi við verkefnið Brothættar byggðir er erfitt að sjá annað en togstreitu milli stofnana ríkisins. Togstreita sem leiðir af sér að réttur fólks til vatns er fótum troðinn.

Þetta er ekki eina mynd þess að stjórnkerfi og stoðstofnanir horfa framhjá verkefninu og fara svo stíft eftir regluverki að einna helst er að sjá að eitt helsta markmiðið sé að byggð leggist sem fyrst af. Vegagerðin er með eindæmum fylgin sér, tekur vegi af vegaskrá um leið og enginn er með lögheimili á býli. Engar fregnir hafa borist um að mótmæli sveitarstjórnar hafi verið tekin til greina. Á þeim svæðum þar sem jarðir eru í einkaeigu hafa



Eirný Vals.

eigendur stundum fengið einstaklinga „að láni,“, það er að segja fólk hefur verið tilbúið að skrá sig með lögheimili þó um eiginlega búsetu sé ekki að ræða. Ef ríkið á jörð þá er það óframkvæmanlegt. Það er erfitt að sjá fyrir sér að stofnunin Ríkiseignir hvetji þann sem hættir ábúð til að skrá áfram lögheimili á jörðinni til að stofnunin Vegagerðin felli ekki vegi af vegaskrá. Það er þrautin þyngri að koma vegum aftur á vegaskrá. Vegagerðin tekur sér það vald að efast um að fólk ætli sér í raun að eiga lögheimili á jörðum og ef því er haldið til streitu þá er boðið að fólk taki þátt í að endurbýggja veg sem hefur skemmst á meðan hann var utan skrár.

Tilhugsunin um hvernig veghald verður til framtíðar í dreifðum byggðum landsins er ógnvekjandi, það er ef ekki verður tekið á þessu.

Í Skaftárhreppi eru margar jarðir í eigu ríkisins. Of margar eru ósetnar. Þær sem heimild er til að selja eru ekki auglýstar. Sjálfsagt eru skýringar á því. Ein gæti verið að stefnu um jarðir í eigu ríkisins vantar. Skaftárhreppur hefur boðið fram krafta og þekkingu. Við viljum koma að mótun stefnu um ríkisjarðir, í Skaftárhreppi. Við viljum vera gerendur, taka ábyrgð og móta framtíð. Viðbrögð eru lítil. Á meðan leggjast girðingar niður, tún fara úr rækt og hús grotna.

Margt af þessu á ekki einungis við um Skaftárhrepp, flest á við um byggðarlög hvort sem þau eru innan eða utan verkefnisins Brothættar byggðir.

Leiðir til úrbóta væri samtal stofnana og íbúa. Í stað þess að stofnanir tilkynni ákvarðanir þá verði samráð, kynnt að hverju er stefnt um leið og spurt er hverjar þarfir íbúa og fyrirtækja eru.

Með kveðju úr Skaftárhreppi, Eirný Vals, verkefnastjóri, Skaftárhreppur til framtíðar

Vélar, skiptingar og gírkassar í miklu úrvali

Sendu okkur fyrirspurn á europartar.is og við finnum varahlutinn sem þig vantar á hagstæðum kjörum

- Sendum hágæða varahluti frá Þýskalandi, Svíþjóð og Póllandi
- Minni varahlutir afhentir á 3-7 dögum Stærri varahlutir afhentir á 7-14 dögum
- Varahlutir koma fljótt og örugglega til landsins með DHL hraðþjónustu

www.europartar.is

Tölvupóstur: info@europartar.is · Sími: 777 5800



Strandarkirkja.

Mynd /Helgi Kristjánsson

Tónlistarhátíð í Strandarkirkju: „Englar og menn“

Tónlistarhátíðin „Englar og menn“ hófst í Strandarkirkju á sunnudaginn var en alla sunnudaga í júlí mun söngurinn óma um kirkjuna. Hátíðin er nú haldin í fjórða sinn og munu þekktir listamenn koma fram.

Þema hátíðarinnar er englar og menn, land, náttúra, trú og saga, þar sem íslensk þjóðlög og sönglög, ásamt innlendum og erlendum trúarljóðum og klassískum verkum, verða í forgrunni.

„Vernðarvængur“ er yfirskrift tónleikanna 10. júlí en þar koma fram Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona og Einar Clausen tenór og með þeim leika Chrissie Guðmundsdóttir á fiðlu, Ingunn Erla Kristjánsdóttir á selló og Hilmar Örn Agnarsson á orgel.

Þann 17. júlí koma fram söngvararnir Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran og Ásgeir Páll Ágústsson barítón og meðleikari þeirra verður Arnhildur Valgarðsdóttir organisti.

„Í ljúfum blæ“ er svo yfirskrift tónleika hjónanna Þóru Einarsdóttur sópran og Björns Jónsonar tenórs sem haldnir verða 24. júlí og með þeim leikur Svanur Vilbergsson á gítar.

Lokatónleikar hátíðarinnar verða 31. júlí en þar koma fram Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran og Ágúst Ólafsson barítón og með þeim leikur Jón Bjarnason á orgel.

Tónleikarnir hefjast allir kl. 14 og eru um 50 mínútna langir.



Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona syngur í Strandarkirkju 10. júlí nk.

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona er listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar, sem er styrkt af Nýsköpunarsjóði Suðurlands, Tónlistarsjóði og Strandarkirkjunefnd. Aðgangseyrir að tónleikunum er 2.000 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum. Á tónleikum loknum er svo upplagt að fá sér hressingu hjá heimamönnum í kaffihúsinu T-bæ eða í Pylsuvagninum.

Strandarkirkja er þekkt áheita-kirkja og þykir þar vera sérstakur kraftur til hjálpar og bænheyrslu. Yfirskrift hátíðarinnar vísar til helgisagnarinnar um fyrstu kirkjuna þar, um ljósengilinn sem birtist sæföru í sjávarháska og þeir hétu á í örvæntingu sinni. Hann vísaði þeim að landi og þeir reistu þar kirkju í þakklatisskyni

Dagur íslenska fjárhundsins

– Málþing haldið til að heiðra minningu Mark Watson sem barðist fyrir verndun íslenska hundsins

Saga íslenska fjárhundakynsins er sveipuð ævintýraljóma. Á árunum 1937 og 1938 ferðaðist breski aðalsmaðurinn Mark Watson um Ísland. Á ferðalaginu sá hann íslenska fjárhunda og heillaðist af kyninu. Rúmlega áratug síðar, þegar Mark Watson kom aftur til landsins, uppgötvaði hann að íslensku hundarnir voru sjaldséðir. Þann 18. júlí verða 110 ár liðin frá fæðingu Íslandsvinarins Mark Watson. Til að heiðra minningu hans verður haldið málþing í Þjóðminjasafni Íslands og Dagur íslenska fjárhundsins verður haldinn í fyrsta sinn.

Íslandsvinurinn Mark Watson gaf fé til að endurreisa Glaumbæ í Skagafirði, hann gaf Íslendingum myndir Collingwoods og dýraspítala svo dæmi sé tekið af öllu því sem hann gerði fyrir land og þjóð. Og það var þessi maður sem ákvað að íslenska hundakyninu yrði að bjarga. Á árunum 1955–1960 lét hann safna saman nokkrum íslenskum hundum í þeim tilgangi að flytja þá úr landi. Meðal annarra sem komu við sögu var Páll A. Pálsson, fv. yfirdýralæknir, og þeir bændur sem létu hundana sína af hendi til hreinæktunar svo kyninu yrði forðað frá útrýmingu.

Ekki fóru þó allir hundar af landi brott sem safnað var saman á Keldum. Tvær tukur urðu eftir og eignuðust mörg afkvæmi og teljast formæður flestra þeirra hunda sem við þekkjum í dag. Síðar tóku nokkrir aðilar sig saman síðar um að varðveita og hreinrækta íslenska fjárhundinn. Skipulögð ræktun á kyninu hófst um 1965 þegar þau hjónin á Ólafsvöllum á Skeiðum, Sigríður Pétursdóttir og Kjartan Georgsson, fengu íslenska hunda til ræktunar að áeggjan Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis.


Hundaræktarfélag Íslands stofnað á Hótel Sögu árið 1969

Sigríður var í forystu áhugamanna sem stofnuðu Hundaræktarfélag Íslands árið 1969. Mark Watson sem hvatti til stofnunar félagsins var gerður heiðursstofnfélagi á fundinum sem haldinn var á Hótel Sögu. Gunnlaugur Skúlason dýralæknir var fyrsti formaður félagsins. Á fyrstu árunum var starfsemi félagsins eingöngu tengd málefnum íslenska fjárhundsins.


Deild íslenska fjárhundsins (DÍF) var stofnuð innan HRFÍ árið 1979. Deildin ber ábyrgð á útliti og heilbrigði hundsins ásamt ræktunarmarkmiði tegundarinnar og á að vera í forystu með allt það sem tengist



Þórhildur Bjartmarz með hundinn Arnarstaða Þór Þrumugný.



Mark Watson.



íslenska fjárhundakyninu. Guðrún R. Guðjohnsen var fyrsti formaður deildarinnar og síðar formaður HRFÍ í mörg ár. Guðrún hefur lagt mikið af mörkum við að viðhalda stofninum og fékk meðal annars sérstaka undanþágu frá lögum árið 1988 til að flytja inn íslenska fjárhunda frá Danmörku til ræktunar.

Árið 1996 var Guðrún R. Guðjohnsen aðalhvatamaður að stofnun ISIC sem er alþjóðlegt sam-

starf um verndun íslenska hunda-kynsins.

Lifandi táknmynd þeirra hunda sem komu með landnámsmönnum

Íslenski fjárhundurinn telst ekki lengur í útrýmingarhættu. En Íslendingar þurfa að vera á varðbergi og standa undir því hlutverki að bera ábyrgð á ræktun kynsins og heilbrigði. Íslenskir fjárhundar eru lifandi táknmynd þeirra hunda sem landnámsmenn fluttu með sér til landsins. Hefði Mark Watson ekki gripið til aðgerða á svo áhrifaríkan hátt sem hann gerði er alls óvíst að við ættum íslenska fjárhundakynið. Hefði þessi breski Íslandsvinur ekki heillast af kyninu á sínum tíma ættum við líklega einungis myndir af íslenska hundinum og segðum sögur af hundinum sem við Íslendingar áttum öldum saman, hundinum sem lifði hér með forfeðrum okkar, en við höfðum ekki vit á að varðveita á tuttugustu öldinni.

18. júlí verður Dagur íslenska fjárhundsins

Til að heiðra minningu Mark Watson hefur Deild íslenska fjárhundsins ákveðið að halda Dag íslenska fjárhundsins á fæðingardegi hans, 18. júlí. Dagurinn verður framvegis notaður til þess að vekja athygli á eina þjóðarhundi okkar Íslendinga, tilvist hans og sögu. Þann 18. júlí ár hvert munu vinir íslenska fjárhundsins fagna deginum og minnast þeirra og heiðra sem með ótrúlegum dugnaði og árræðni björguðu íslenska fjárhundakyninu frá því að verða aldauda.

Þórhildur Bjartmarz, fv. formaður HRF

Sveltur sitjandi kráka

en fljúgandi fær

Hver vill skipta um vinnu tilhögun og vinna sjálfstætt?

Hver vill verða eigin herra í góðu umhverfi úti á landi 100 km frá 101 Reykjavík?

Hver vill kaupa 45 m2 löglega íbúð, bjarta vistlega á 1,4 hektara leigulóð með miklum byggingarrétti?

Hver vill kaupa 105 m2 atvinnuhúsnæði í sérstaklega vönduðu húsi á hitaveitusvæði, bjart og vistlegt? Að auki er gott 40 m2 gróðurhús úr gleri og stáli.

Hver vill kaupa nettan atvinnurekstur (tarnavinna) með lager til 5–7 ára sem gefur vel af sér og er í fullum gangi? Góð aukavinna.

Fagleg ráðgjöf getur fylgt í 1–2 ár.

Öll þjónusta í nálægu þéttbýli. Næg atvinna í næsta nágrenni. Sama hvað þú kannt með haus og eða höndum, það eru not fyrir allt, sérstaklega iðnaðarmenn.

Hugsaðu djúpt en ekki of lengi.

Brunabótamat eigna er samtals 45.267.000 (3/10/2015). Þegar þú ert búin/n að hugsa mátt þú hringja í síma 860-5570 og biðja um vettvangskonunn og spjall.

Mér liggur ekkert á en það gæti gilt annað um þig.

Hika er sama og tapa.

Málverkasýning Grétu Berg:

Leyndardómar steinsins

Myndlistarkonan Gréta Berg opnar sýningu í gallerí Papacross í Vestmannaeyjum 14. júlí næstkomandi sem stendur til 27. júlí.

Gréta verður við á sýningunni alla opnunardagana frá klukkan 14.00 til 18.00 en opnunartíminn verður eitthvað lengdur fram á kvöldið um helgar í góðu veðri.

Gréta stundaði nám í myndlist við Myndlistaskólann í Reykjavík og á Akureyri og Handíða- og Myndlistarskólann í Reykjavík. Hún á 46 ára sýningarferli að baki og hefur verið með sýningar á Akureyri, Ísafirði, Reykjavík, Mosfellsbæ, Selfossi, Hveragerði og nú í Vestmannaeyjum. Upplýsingar á: www.umm.is.

Gréta starfar sem hjúkrunarfræðingur við Heilsustofnunina í Hveragerði og er leiðbeinandi í frjálsu flæði lita og tjáningu tilfínninga, hug- og dáleiðslu.

Í kynningu vegna sýningarinnar



Gréta Berg myndlistarmaður.

segir að Grétu finnist dans, litir, flæði, að teikna og mála það besta í lífinu. Henni finnst gott að hlusta á lækjarniðinn og njóta lífsins. Hún segir það sannarlega töfrandi að sjá

myndir í steinum og flytja þær yfir á strigann og uppgötva síðan að í steinum er að finna merkileg skilaboð til okkar frá þeim. /VH

Breyting á innlestri sláturgagna frá sláturhúsum í Huppu

Við síðustu úttekt Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á skráningum og rekjanleika nautgripa kom í ljós að nautgriparæktarkerfið Huppa uppfyllir flest, ef ekki öll skilyrði, sem sett eru af Evrópusambandinu (ESB) varðandi skráningar nautgripa. Þó komu fram ábendingar frá ESA, sem Matvælastofnun hefur farið yfir með RML, sem lúta að afdrifaskráningum gripa.

Frá gildistöku reglugerðar um merkingar búfjár árið 2004 (núverandi reglugerð er nr. 916/2012) hafa sláturgögn, þ.e. slátrunardags, fallþungi og flokkun, frá sláturhúsum verið lesin inn í Huppu. Þar hafa þau farið í lista þar sem bóndi eða umráðamaður bús hefur þurft að staðfesta slátrunina til þess að viðkomandi gripur væri felldur eða skráður dauður í hjarðbók búsins. Nú standa fyrir dyrum breytingar á þessu fyrirkomulagi og þær eru helstar:

- Öll naut verða felld sjálfkrafa út úr kerfinu þegar sláturgögn berast frá sláturhúsi, þ.e. stöðu gripa verður breytt strax úr lifandi í dauður. Afdrifaástaðan „Slátrað til kjötframleiðslu“ kemur sjálfkrafa á þessa gripi.
- Kýr og kvígur fá stöðuna dauður um leið og sláturgögn viðkomandi gripa berast frá sláturhúsi. Í þessu tilviki er ekki hægt að skrá afdrifaástaðu sjálfkrafa vegna þess að við viljum fá uppgefna ástaðu fyrir afsetningu þessara gripa. Við næstu innskráningu inn í Huppu eftir að sláturgögn berast mun því koma upp skjámynd með lista þar sem óskað er eftir því að umráðamaður skrái afdrifaástaðu þeirra gripa sem felldir hafa verið út samkvæmt innkomnum sláturgögnum.
- Í fyrstu mun verða hægt vinna í Huppu án þess að klára skráningu afdrifaástaðna en síðar meir mun verða lokað fyrir þann möguleika þannig að klára þarf afdrifaskráningu áður en áfram er haldið að vinna í kerfinu.



Mynd / Jón Eiríksson

Komi röng skráning inn í Huppu, t.d. ef sláturhús skráir rangt einstaklingsmerki vegna innsláttar- eða aflestrarvillu, þarf bóndi að hafa samband við viðkomandi sláturhús og senda inn leiðréttingarfærslu til þess að lífga gripinn við. Auk þess þarf síðan sláturhúsið að senda leiðréttar færslur inn.

Ástaður þessara breytinga eru þær að gripir sem hefur verið fargað/slátrað eru sannanlega dauðir. Það er því ákaflega óeðlilegt að þeir séu lifandi á gripalistum viðkomandi búa svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Þá þarf ekki að minna á að gripagreiðslur sem menn fá út á kýr eru opinbert fé og fáir menn stuðningsgreiðslur út á dauða gripi er um að ræða saknæmt athæfi. Þessar breytingar ættu að hindra að slíkt geti komið upp. Matvælastofnun hefur hert eftirlit með þessu að undanförmu til að tryggja betur rekjanleika nautgripa og eftirlit með lyfjaleifum í sláturhúsum í samræmi við kröfur ESA þar um.

Mikilvægt er í þessu ferli að reyna að tryggja að villur verði sem færstar. Það næst aðeins með góðri samvinnu bænda/umráðamanna, RML, sláturhúsa og Matvælastofnunar. Það er engum neinn akkur í öðru en að þetta

sé sem réttast, öruggast og þægilegast fyrir alla viðkomandi aðila. Það er því mjög góð regla, sem flest sláturhús hafa tekið upp, að einstaklingsnúmer séu tiltæk við pöntun í slátrun og tryggt sé að gripirnir sé skráðir á rétt bú í Huppu. Þessi breyting undirstríkar einnig þá ábyrgð flutningsaðila og sláturhúsa að tryggja að þeir gripir sem koma í sláturhús séu rétt einstaklingsmerktir sbr. ákvæði í 15. gr. reglugerðar um merkingar búfjár:

„Flutningsaðilum er óheimilt að taka til flutnings ómerкта nautgripi, sauðfé/geitfé, hross og svín sbr. þó undanþágu í 8. gr. þessarar reglugerðar. Sláturhúsum er óheimilt að taka til sölu og vinnslu búfé sem ekki uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar um merkingar. Berist ómerkt dýr í slátrurétt sláturhúss skal það tilkynnt dýralækni sláturhússins. Dýrinu skal slátrað en heilbrigðisskoðun dýralæknis frestað eða tryggt við heilbrigðisskoðun dýralæknis og stimplun að afurðirnar fari ekki til manneldis.“

Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður nautgriparæktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri skrifstofu búnaðarmála hjá Matvælastofnun.

Sauðfjárdómar árið 2016:

Mikilvægt að panta sauðfjárskoðun snemma

Gott vor og það sem af er sumri hefur í flestum landshlutum gefið lömbum meira forskot í þroska en oft áður. Vonandi er það ávísun á góðan fallþunga í haust. Í einhverjum tilfellum hefur leitum haustsins nú þegar verið flýtt og einhver sláturhús munu ætla að bjóða yfirborganir sem eiga að hvetja til slátrunar fyrir í september en síðustu ár. Í þessu ljósi eru líkur á að bændur vilji láta skoða lömb fyrir að haustinu en oft áður og því mikilvægt að pantanir fyrir lambaskoðun berist sem fyrst svo skipuleggja megi haustið sem best.

Þær breytingar verða gerðar á skipulagi, að reynt verður að þjóna fleiri viðskiptavinum í samfelldri lotu innan ákveðinna svæða, bæði til að nýta mannskap og bíla RML sem best. Gott skipulag er lykillinn að því að framkvæmd sauðfjárdómanna verði sem hagkvæmust og þar af leiðandi forsenda þess að hægt sé að bjóða þjónustuna á sanngjörmu verði.

Pantað fyrir 20. ágúst

Pöntunarformið er svipað og síðastliðin ár nema að nú er einungis hægt að panta ákveðna viku, en ekki dag. Þannig er auðveldara að raða saman bæjum eftir svæðum. Í „athugasemdir“ er hægt að nefna óskadag og/eða koma á framfæri



Gott er að panta lambadóma í tíma svo hægt sé að skipuleggja haustverkin. Á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is, er hægt að panta sauðfjárdóma með skjótvirkum hætti.

öðrum athugasemdum ef pantað er í gegnum heimasíðu RML. Einnig er tekið á móti pöntun í gegnum síma (516-5000). Pantanir þurfa að hafa borist fyrir 20. ágúst, en eftir þann dag er farið að raða niður á daga eftir svæðum og staðfesta skoðunardaga við bændur.

Þá skal og nefnt að heimilt er að reikna álag á lambadóma sem pantaðir eru eftir 20. ágúst. Skoðunargjald fyrir bændur (búnaðargjaldsgreiðendur sem panta fyrir 20. ágúst) í dagvinnu er 6.500 kr/klst pr. ráðunaut auk komugjalds sem er 5.000 kr. Heimild til að reikna álag á tímargjald verður nýtt í þeim tilfellum þar sem pantanir

sem berast eftir 20. ágúst verða til þess að breyta þarf skipulagi eða kalla út aukamannskap. Að venju er meginreglan að álag er innheimt fyrir skoðanir sem unnar eru utan dagvinnutíma.

Til mikilla bóta er ef forsvarsmenn fjárræktarfélaga aðstoða við skipulag á sínu heimasvæði. Vonandi bregðast allir, sem ætla að nýta sér þessa þjónustu, fljótt og vel við áeggjan okkar starfsmanna RML um pantanir, svo skipulagning geti skilað góðum afköstum á hagkvæmari hátt en verið hefur.

Faghópur sauðfjárræktarinnar hjá RML.

WWW.PROLAN.IS

Smur og Ryðvarnarefni
Breitt notkunar svið!
Veðrunarverndun á Vélar
Suðusprey - Ryðlosandi
Snitti og borolía
Gegn rakavandamálum í rafmagni
Vottað til notkunar í matvælaíðnaði

Umhverfisvænt

NSF

Sölustaðir á www.prolan.is/solustadir - S: 7700950

JEPPADEKK

DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Ice track ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

GRAHAM EDWARDS TRAILERS

Bjóðum hesta- og húsdýrakerrur eins og tveggja hæða frá Graham Edwards Trailers, ýmsar gerðir og verð.



Topplausnir
www.topplausnir.is - S: 517718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

LYFJA
- Lífið heil

Nýtt í Lyfju

lyfja.is

20% AFSLÁTTUR
Gildir til 31. júlí



Glucoslim
natures aid
Glucoslim 500mg
CLINICALLY PROVEN
Weight Loss Aid
Glucoslim contributes to the reduction of body weight

120 Capsules

Glucoslim - Stuðlar að þyngdartapi sé það tekið inn sem hluti af orkusnaudu mataræði.



Nýr og ódýr fjórhjóladrifinn SsangYong Tivoli:

Fjórhjóladrifinn fólksbíll eða lítill jepplingur?

Í apríl síðastliðnum, þegar ég prófaði Korando-jepplinginn frá Bílabúð Benna, sagði sölumaðurinn mér frá því að væntanlegur væri enn smærri fjórhjóladrifinn bíll frá SsangYong sem nefnist Tivoli. Fyrir skömmu var mér boðið að prófa þennan nýja bíl. Eina vandamálið sem ég sit uppi með er að setja Tivoli-bílinn í flokk með öðrum bílum, en fyrir mér er hann smæsti jepplingurinn en í augum sumra er Tivoli fjórhjóladrifinn fólksbíll.

Þægilegur í akstri og erfitt að stoppa

Ég hafði hugsað mér að prófa beinskípta bílinn (sem er ódýrastur og kostar frá 3.790.000 kr.), en stuttu áður en ég kom til að sækja bílinn seldist hann. Í staðinn prófaði ég sjálfskiptan Tivoli DLX - AWD sem er með 1,6 lítra dísilvél sem skilar 115 hestöflum. Sá kostar 4.390.000 kr. Þegar ég byrjaði prufuaksturinn hafði ég hugsað mér að taka stuttan bíltúr upp í Kjósina, en þar sem mér leið vel undir stýri á þessum bíl endaði stutti bíltúrin í yfir 300 km akstri. Það var einfaldlega svo gott að keyra þennan bíl að erfitt var að stoppa.

Hvar liggja mörkin?

Oft hef ég velt fyrir mér hvar mörkin liggja á milli jepplings og fjórhjóladrifins fólksbíls, en fyrir nokkru fékk ég ágætis ábendingu hvernig mætti flokka þetta miðað við íslenskar aðstæður. Hjólbarðarnir sem bílar koma á eru merktir með þriggja talna röð og ef miðjutalan er undir 65 þá er viðkomandi bíll fólksbíll fyrir íslenskar aðstæður. Tivoli kemur á hjólbörðum sem eru 205/60/16 og samkvæmt ofangreindri flokkun er bíllinn þá fjórhjóladrifinn fólksbíll. Tivoli hefur vissulega útlit og burði til að flokkast sem jepplingur, en það er frekar stutt í lægsta punkt þannig að á vegslóðum þarf að gæta varúðar.

Góður kraftur og fín fjöðrun

Þyngd Tivoli er innan við 1500 kg. 1,6 lítra vélin sem skilar 115 hestöflum virkar vel í svona léttum bíl, snerpan er góð og á augnabliki er bíllinn kominn á umferðarhraða. Togkraftur er hins vegar ekki mikill enda ekki við því að búast af vél sem er ekki nema 1600cc. Þrátt fyrir að vera með litla vél er uppgefin dráttargeta bílsins 1500 kg vagn með bremsubúnaði. Á holóttum vegi er fjöðrunin að vinna vel og er bíllinn ágætlega mjúkur á hraðahindrunum. Á malarvegi nýtur fjórhjóladrifið sín vel. Það var sama hvað ég reyndi að láta bílinn renna til í lausamöl að þá tókst mér það einfaldlega ekki. Gripið á lausamölinni var fullkomið.

Lítið farangursrými og eyðslan í hærri kantinum

Olnbogaráymi er gott fram í bílnum og fótaráymi líka. Hins vegar er fulllitið olnbogaráymi í aftursætinu ef þrír fullorðnir eru þar. Sætin í Tivoli eru mjög góð, bæði fremri og aftari, en í Tivoli eins og í Korando er hægt að stilla aftursætin (40/60).



SsangYong Tivoli.

Myndir / HLJ



Farangursrýmið er ekki stórt, en í samræmi við lítinn bíl.



Ef ljósarofinn er á off eða auto eru ljós allan hringinn, en ekki bara að framan eins og á mörgum bílum.

Farangursrýmið er frekar lítið. Eini mínusinn sem ég sé að bílnum


miðað við íslenskt vegakerfi er að varadekkið er það sem ég kalla



Spurning um að stækka dekk undir bílnum svo hærra verði undir lægsta punkt.



Gott fótapláss og sæti góð.



Eini mínusinn er að þetta varadekk kalla ég „aumingja“.

„aumingi“. Í mælaborðinu er hægt að kalla fram ýmsar upplýsingar, s.s. loftþrýsting í hverju dekki fyrir sig, eyðslu og hvað er langt í kílómetrum eftir af eldsneyti á tankinum. Í mínum prufuakstri var bíllinn að eyða 5,8 lítrum á hundraðið (meirihlutinn var langkeyrsla. Eftir fyrstu 20 km innanbæjar og ég að kynnast bílnum var hann í 9,1 lítra eyðslu. Eftir það

mínkaði eyðslan eftir því sem ég kynntist bílnum betur. Uppgefin meðaleyðsla samkvæmt bæklingi er 5,9 lítrar í blönduðum akstri.

Lokaniðurstaða

Góður bíll í flokki smærri bíla á mjög hagstæðu verði. Hægt er að fræðast meira um SsangYong bíla á vefsíðunni www.benni.is.



Það er hægt að minnka líkurnar á bruna í dráttarvélum og heyvinnutækjum með ýmsum ráðum:

Upp með koppafeitissprautuna!

Fyrir nokkru sagði Sveinbjörn bóndi á Heiðarbæ 2 í Þingvallasveit mér frá kynnum sínum af koppafeitissprautu sem hann hafði nýlega keypt hjá Orku. Sagði hann þessa sprautu mun auðveldari í notkun en þær hefðbundnu sem flestir þekkja. Ég fór í heimsókn í Orku og hitti Jón Arnar sölumann sem sýndi mér sprautuna sem þeir í Orku kalla „batteríus smurbyssu“.

Kunnugleg vandamál smurmeistarans



Jón Arnar, sölumaður hjá Orku, með eigulegt verkfæri, rafmagnskoppafeitissprautu.

Jón Arnar sagði mér að þeir viðskiptavinir Orku sem hefðu keypt svona sprautu væru mjög ánægðir með hana. Þeim líkaði vel að geta verið með aðra höndina á gikknum og haldið í endann sem fer upp á koppinn með hinni hendinni. Oft vill stúturinn skreppa af koppnum þegar dælt er og þarf þá annaðhvort aukamann til verksins eða að beita öðrum

brögðum til að dæla smurfeitinni í koppana. Þótt verðið sé nálægt 60.000 kr. þá er svona verkfæri fljótt að borga sig miðað við tíma sem getur farið í að skipta um legur ef þær eyðileggjast vegna smurleysis.

Auðvelt að skipta um koppa ef illa gengur að smyrja

Fyrir nokkrum árum vann ég á jarðýtu í nokkra daga fyrir kunningja minn. Áður en ég byrjaði að vinna á henni sýndi eigandinn mér hvar koppafeitissprautan væri geymd í vélinni og einnig lítið box fullt af nýjum smurkoppum ásamt litlum skiptilykli. Leiðbeiningar til mín voru að smyrja í koppa í hvert skipti þegar ég tæki olíu á vélina og ekki hika við að skipta um kopp ef treglega gengi að koma koppafeiti inn í koppana. Svona koppabox fást víða og kosta ekki mikið, og sem dæmi þá er Fossberg með þrjár mismunandi stærðir af koppaboxum sem kosta ekki mikið.

Smurviðhald tækja er besta fjárfesting tækjaeigandans

Á hverju ári koma fréttir af dráttarvéla- og tækjabrunum. Samkvæmt rannsóknnum sem dráttarvélaframleið-



Bráðnauðsynlegt er að eiga gott úrval af smurkoppum til skiptanna.

andinn John Deere gerði í USA þá er 75% tilfella þar sem dráttarvélar brunnu orsökina að eldur byrjaði og náði að magnast upp vegna óhreininda (þurrt gras, lauf og olíulekaóhreinindi). Hins vegar kom fyrsti neistinn sem læsti sig í óhreinindin frá legum sem voru þurrar, brotnar og ofhitnuðu.

Við nánari lestur á þessari rannsókn, sem vitnað er til, þá hafði gleymst að smyrja í legur (koppa), koppar stíflaðir og tóku ekki smurningu. Svona afsakanir á enginn að láta frá sér, það þarf að smyrja reglulega í alla koppa og ef koppur er stíflaður er í 99% tilfella mjög auðvelt að skipta honum út.

Fergusonfélagið sýndi gamlar dráttarvélar á Selfossi

Fornbílaklúbbur Íslands hélt sitt 13. landsmót á Selfossi um þarsíðustu helgi. Það er orðin venja hjá forsvarsmönnum Fornbílaklúbbsins að bjóða Ferguson-félaginu að vera með. Áhugi á gömlum dráttarvélum er vaxandi og margir sem eru forvitnir um tæknibúnað liðinna tíma. Mikil gróska er um allt land í uppgerð gamalla véla en vélarnar sem sýndar voru á Landsmótinu eru allar uppgerðar af eigendum sínum.

Að þessu sinni komu félagsmenn

með sínar vélar og eru eigendur þeirra Gísli Grétar Magnússon frá Selfossi (Gísli átti fimm vélar þarna), Magnús Flosi Jónsson, Þorlákshöfn, sem er eigandi MF35X og Magnús Sveinbjörnsson, Selfossi, sem er eigandi Hanomag.

Glæsigripir sem hafa marga fjöruna sopið. Frá hægri: Hanomag Perfect 300, MF 185, MF 35X, MF135, MF 35X, Ferguson TEF, Ferguson 35 Gullbelgur.

Mynd/ Sigurður Skarphéðinsson.



KROSSGÁTA Bændablaðsins

	41	SKÓLA- MEISTARI	FRÍ	HANGSA	SAMTÖK		MJÖG	SARG	DUNDA	YFIRRAÐ	GLÓÐA
	SÖL- HRINGUR										
	FUGL					UPPHEFÐ KVEÐJA					
	KJAFI				HAND- LAGINN FROÐA						
	ILLFÆR							FUM SKRÁNING			
		PARMAR	TVEIR EINS	HÆRRA ÞANGAÐ TIL			KRINGUM	LOKKA			
GEIGUR					LEYFI	FLÓN RYSKINGAR				KULNA	FISKA TVEIR EINS
SAGA					FYRSTUR BRJÁL			ÍLÁT ÁTT			
GJALD- MIÐILL			FERÐ BAUKA			SÆTI FRÁ- DRÁTTUR					
SÁR			FESTING VESKI			JAPLA MATAR- ÍLÁT					ANGAR
		UTANHÚSS LABB			MÁNUÐUR		ÓNEFNDUR Á FÆTI			LÚKA	
SÝNI					HÓFDÝR LYKT			EINKAR MJAKA			
DJÖFSI					GUSTA TVÍHLJÓÐI				HLJÓM RÁS		
ÚTUNGUN				ÓBUNDINN				BÆLA NIDUR			
SRÍÐNI			VESELL				PÁPI				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	40	SKEINA	DANS	SHUA REYI	SPRIKL	NYTSEMI		HALLANDI	MÁLMUR	ÓSLÉTTUR	SÖNGLA
	HÖTA- BÚNAÐUR	S	T	R	I	G	A	S	K	Ó	R
	SÖGULJÓÐ	K	V	I	Ð	A	RÚM HANGA	K	O	J	A
	BEIN	R	I	F	GÓNA ALDIN	G	L	Á	P	A	U
	ANDLIT SÆLA	Á	S	J	Ó	N	A	KRAFTUR ÖRÐLEG	A	F	L
		U	M	T	A	L	OFRA TVEIR EINS	F	Ó	R	N
HARMA	S	A	K	N	A	SKAR	ÁRRIFA- VILD FÍFLAST	Í	T	A	K
SÓT	Ö	S	K	U	FJÖTUR MATJURT	H	A	F	T	HLEYPA ÞÖGN	Y
ÓNEFNDUR	N	N	KROPPA SETTU	N	A	R	T	A	GÁTA ÍRUGA	Þ	R
SKARÐ	G	I	L	EYÐA NARSL	S	Ó	A	URMULL BIRGJA	M	E	R
	S	Ö	S	P	YAN- ÞÖKNUN	S	V	E	I	HOLA TÚN	G
FARNAST	V	E	G	N	A	AD EFNI	T	I	L	Í RÖÐ	H
RÝRNA	E	Y	Ð	A	S	T	BÁS Í RÖÐ	S	T	Í	A
INNÝFLI	I	Ð	U	R	NABBI	A	R	T	A	FANGI	G
Í RÖÐ	T	U	FRJÁLSA	L	A	U	S	A	VEIDA	F	I

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Frá því að Jóhannes, sem er fæddur og uppalinn á Herjólfssstöðum II, og Steina, sem er frá Nykhól í Mýrdal, fengu ábúðarrétt á Herjólfssstöðum I árið 1989 hefur verið rekinn sameiginlegur búskapur á ríkisjörðunum Herjólfssstöðum I og II.

Fyrst með foreldrum Jóhannesar, Gissuri Jóhannessyni og Sigurlaugu Sigurðardóttur og um tíma einnig Sigríði Lóu Gissurardóttur og Sigurjóni Sigurðssyni – sem nú búa á Efstu-Grund. Árið 2013 urðu ættliðaskipti á Herjólfssstöðum II. Þá tóku Örvar Egill og Arnfríður við ábúð og hafa síðan smám saman verið að auka sinn hlut í búrekstrinum.

Býli: Herjólfssstaðir I og II.

Staðsett í sveit: Álftaver í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ábúendur: Jóhannes Gissurarson og Steina Guðrún Harðardóttir



Fjölskyldumynd tekin við skírn Jóhannesar Birgis. Jóhannes, Steina, Örvar Egill, Arnfríður heldur á Jóhannesi Birgi og lengst til hægri er Sigurlaug, móðir Jóhannesar.

á Herjólfssstöðum I. Örvar Egill Kolbeinsson og Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir á Herjólfssstöðum II.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Jóhannes og Steina eiga tvö börn: Örvar Egil (30) og Hörpu Ósk (24). Harpa er dýralæknanemi í Danmörku. Örvar og Adda eiga tvo syni; Jóhannes Birgi, (2) og Aðalstein Óskar, (5 mánaða). Til gæludýra teljast svo hundarnir og kettirnir á bænum, þrátt fyrir að vera líka notaðir sem vinnudýr. Jói og Steina eiga tvo hunda og einn kött. Örvar og Adda eiga þrjá hunda og einn kött.

Stærð jarðar? Landstórar jarðir, þar sem óskipt útjörð er sameiginleg með Holti. Afgirt heimaland er um 300 ha, þar af ræktað land um 100 ha.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Kýrnar eru 25, aðrir nautgripir eru 50, rétt um



Herjólfssstaðir I og II

Mynd / Haukur Snorrason

500 vetrarfóðraðar kindur og hrossin, – þau eru heldur fleiri en í fyrra. Svo eru nokkrar gullfallegar landnáms-hænur líka til á bænum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Jói og Steina sjá um mjaltirnar og önnur fjósverk og Örvar og Adda um gegningar í kringum féð, að öðru leyti eru engir tveir dagar eins.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Öll bústörf eru skemmtileg þegar vel gengur en leiðinlegt þykir að girða í kringum hrossin og svo var nýafstaðin grjóttinsla úr flagi ekki í neinu sérstöku uppáhaldi.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir

ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Ef guð lofar og landeigandinn leyfir verður búið að byggja nýtt fjós, ný fjárhús eru á teikniborðinu og jafnvel reiðskemma.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við höfum fulla trú á öllu því fólki sem gefur sig í þessi, oft á tíðum, vanþakklátu störf.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Við höfum trú á að honum muni vegna vel ef við förum ekki í ESB og verslunin hætti að reka neikvæðan áróður gegn bændum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin

séu í útflutningi íslenskra búvara? Í hvers kyns hreinum og heilnæmum matvörum, jafnt í mjólk sem kjöti.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur, smjör, súrmjólk og rabarbarasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við komum að uppáhaldskúnni, henni Fríðu, hangandi aftur af báskantinum á leiðinni ofan í haughús eftir að flórristin gaf sig og einungis hálfónýtt hálsbandið hélt við hana. Þá sannaðist, einu sinni sem oftár, að það er gott að eiga góðan nágranna.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Franska eldhúsið enn á ný

Íslensku knattspyrnukapparnir náðu lengra á EM en nokkurn óraði fyrir. Af því tilefni höldum við okkur við franska matargerð. Þó svo að síðasti leikurinn í París hafi verið Íslendingum torsóttur þá var þar einfaldlega við ofurefli að etja. Gamla sagan um það hvort menn séu eins og „rúgbrauð“ eða „fransbrauð“ á illa við í þessu tilviki. Frakkar borða þjóða mest af hvítu brauði en baguette-brauðin þeirra eru þekkt um allan heim. Kannski er fransbrauðið ekki svo óhollt eftir allt saman?

Ratatouille er hins vegar meinhollur og kraftmikill grænmetisréttur með suðrænu ívafi. Hann á rætur sínar að rekja til Nice þar sem Albert Guðmundsson ól manninn forðum og Englandsleikurinn eftirminnilegi fór fram.

Epi baguette (franskt langbrauð)

Fyrir þrjár lengjur af 300 g brauði.

- › 500 g af hveiti
- › 325 g vatn við 20 °C hita
- › 100 g af fljótandi súrdeigi sem auðvelt er að gera eða fá í næsta sælkera-bakaríi. (Eða 25 g af þurrgeri.)
- › 3 g af geri til að fá aukakraft í súrdeigið
- › 10 g salt

Aðferð

Hnoðið saman í skál, hveiti og vatni. Blandið í hrærivél í 4 mínútur á hægum hraða með deigkrók. Látið skálina hvíla með rökum klút og látið standa í 1 klukkustund. Þá má bæta fljótandi súrdeigi við (ef það er notað), ger og salti. Blandið 4 mínútur á litlum hraða og 7 mínútur á miklum



hraða. Hnoðið deigið þar til það er slétt og fallegt og myndið bolta. Látið bíða 1 klst. og 30 mín. undir klút.

Setjið smá hveiti á borðplötuna. Skiptið deiginu í þrjá jafna bita (um 300 g). Rúllið út í lengjur og látið standa í 30 mínútur undir klút.

Fletjið deigið varlega með lófa. Rúllið það í höndunum uns það nær um 50 cm lengd. Setjið á smjörpappír með rökum klút og látið það vaxa í 1 klst. og 40 mín.

Hitið ofninn í 230 °C. Vandlega setjið lengurnar á heita bökunarplötu.

Klippið í deigið (sem kallast epi og á að minna á hveitigras). Rétt áður en bakstur hefst, bætið 50 ml af vatni í ofninn og bakið 20 mínútur. Takið úr ofninum og látið kólna á grind.

Skerið í brauðið og smyrjið með lúxusskinku, tómötum og góðum osti.

Ratatouille

- › 1 lítill krukka tómatauk
- › 1/2 laukur, saxaður
- › 1–2 gearar af söxuðum hvítlauk
- › 1 msk. ólífuolía



- › salt og svartur pipar eftir smekk
- › 1 lítið eggaldin, snyrt og mjög fínt sneitt
- › 1 kúrbítur, mjög fínt sneiddur
- › 1 rauð paprika, kjarnhreinsuð og mjög fínt sneidd
- › 3 matskeiðar ólífuolíu, eða eftir smekk
- › 1 tsk. ferskt timjan-lauf eða basil-lauf

Aðferð

Hitið ofninn í 190 °C

Stráið lauk og hvítlauk í fat og hrærið í 1 msk. ólífuolíu og kryddi (basil eða timjan) saman.

Raðið til skiptis sneiðum af eggaldin, kúrbít og papriku. Byrjið að raða frá ytri kanti á forminu og vinnið í átt að miðju. Úðið grænmetið með 3 msk. af ólífuolíu og kryddið með salti og svörtum pipar.

Bakið í ofni þar til grænmetið er mjúkt, í um 15 mínútur. Berið fram með smá mascarpone-osti eða sýrðum rjóma.

Til að fullkomna þessa frönsk/íslensku blöndu þarf að setja íslenskt lambakjöt á grillið.

Gott er að kryddleggja lambið með rósmarin og hvítlauk, kjötið skal grilla vel svo það sé með stökka fitu með mjúku íslensku bragði og steikingu eftir smekk.

Svo er kalt lambakjötið skorið og sett á milli baguette-brauðsneiða og framreitt með kaldri sósu að eigin vali.

Sandstormur frá DROPS Design

Þegar sumarið kemur fattar maður ansi oft að í fataskápnum eru oftast bara vetrarföt og vantar oft eitthvað létt og kósi svona yfir herðarnar á hlýjum og góðum dögum.

Hér er uppskrift að peysu sem er æðislegt að eiga í skápnum þegar fer að hlýna í veðri og ég tala nú ekki um ef þú ert á leið í sólina einhvers staðar þar sem hún er aðeins hlýrri.

Hekluð ermalaus DROPS peysa úr „Cotton Light“.

Stærð S – XXXL

DROPS Extra 0-918

DROPS Design: Mynstur nr cl-021

Garnflokkur B

Stærð:

S - M - L - XL - XXL - XXXL.

Efni :

DROPS COTTON LIGHT frá Gamstudio

500-550-600-700-750-800 gr litur nr 22, brúnn.

DROPS HEKLUNÁL NR 5 – eða sú stærð sem þarf til að 14l og 8 umf með mynstri með áferð verði 10 x 10 cm.

DROPS PERLUTALA NR 540: 3 stk.

HEKLEIÐBEININGAR:

Fyrsta fl í hverri umf með fl er skipt út fyrir 1 ll.

Fyrsti tbst í hverri umf með tbst er skipt út fyrir 4 ll.

MYNSTUR MEÐ ÁFERÐ:

UMFERÐ 1 (= ranga): Heklið 1 fl í hvern tbst.

UMFERÐ 2 (= rétta): Heklið 1 tbst í hverja fl.

Endurtakið umf 1og 2.

2 FL HEKLAÐAR SAMAN:


Stingið heklunálinni í einn tbst, sækið þráðinn, stingið heklunálinni í næsta tbst, sækið þráðinn, bregðið þræðinum utan um heklunálina og dragið þráðinn í gegnum 3 lykkjur á heklunálinni.

PEYSA:

Fyrst er hægra framstykki heklað og aukið út fyrir ermi, síðan er vinstra framstykki heklað á sama hátt. Síðan eru bæði stykkirn hekluð saman niður bakstykki.

HÆGRA FRAMSTYKKI + ERMI:

Heklið 38-42-46-50-55-60 lausar ll með heklunál nr 5 með Cotton Light. Heklið nú 1 fl í 2. ll frá heklunálinni og síðan 1 fl í hverja og eina af næstu 6-4-2-6-5-4



ll, * hoppið yfir 1 ll, 1 fl í hverja og eina af næstu 5 ll *, endurtakið frá *-* út umf 33-36-39-43-47-51 fl (fyrsta fl = 1 fl). LESIÐ HEKLEIÐBEININGAR! Snúið við og heklið 1 tbst í hverja fl til baka. Haldið áfram með MYNSTUR MEÐ ÁFERÐ – sjá skýringu að ofan! ATHUGIÐ HEKLFESTUNA!

ÚRTAKA Á HLIÐUM:

þegar stykkið mælist ca 10 cm, fellið af 1 l á hlið – fellið af í byrjun 1 umf með fl með því að hekla 2 næst síðustu fl saman – sjá 2 FL HEKLAÐAR SAMAN að ofan! Endurtakið úrtöku með ca 10 cm millibili 3 sinnum til viðbótar – 29-32-35-39-43-47 l í umf.

LESIÐ BÆÐI ÚRTAKA FYRIR HÁLSMÁLI OG ERMI ÁÐUR EN HEKLAÐ ER ÁFRAM!

ÚRTAKA FYRIR HÁLSMÁLI:

þegar stykkið mælist ca 42-44-45-47-49-50 cm, fellið af 1 l við miðju að framan – fellið af í lok 1 umf með fl með því að hekla 2 næst síðustu fl saman við miðju að framan. Endurtakið úrtöku í hverri umf með fl 6-6-6-7-7-8 sinnum til viðbótar.

ERMI:

þegar stykkið mælist ca 44-45-46-47-48-49 cm, heklið 38-36-34-31-28-25 lausar ll (færri l í stærri stærðum vegna breiðari axla) í lok umf á hlið – passið uppá að þessi umf er heklud frá réttu með tbst. Snúið við og heklið til baka þannig: Heklið 1 fl í 2. ll frá heklunálinni, 1 fl í hverja og eina af þeim 6-4-2-5-2-5 næstu fl, * hoppið yfir 1 ll, 1 fl í hverja og eina af 5 næstu ll *, endurtakið frá *-* yfir allar ll (= 33-31-29-27-24-22 fl), heklið nú fl út umf. Haldið áfram með mynstur með áferð eins og áður yfir allar l.

Eftir að fitjað hefur verið upp fyrir ermi og öllum l hefur verið fækkað við hálsmáli eru 55-56-57-58-59-60 l í umf. Heklið áfram þar til stykkið mælist alls 70-72-74-76-78-80 cm, setjið 1 þrónamerki = miðja á öxl. Heklið ca 2 cm, endið eftir 1 umf með tbst, geymið stykkið.



VINSTRÁ FRAMSTYKKI + ERMI:

Heklið eins og hægra framstykki nema spegilmynd. Þ.e.a.s. þegar fitjað er upp fyrir ermi, verður að klippa þráðinn frá eftir 1 umf með fl þegar stykkið mælist ca 44-45-46-47-48-49 cm. Síðan er byrjað að hekla 38-36-34-31-28-25 lausar ll, til þess að hekla tbst yfir l á framstykki, snúið við og heklið fl til baka og yfir ll-umf á ermi er heklað þannig: * Heklið 1 fl í hverja og eina af 5 fyrstu ll, hoppið yfir 1 fl *, endurtakið frá *-* þar til 8-6-4-7-4-7 ll eru eftir, heklið 1 fl í hverja og eina af þessum = 33-31-29-27-24-22 fl yfir ermi. Haldið áfram með mynstur með áferð og fellið af fyrir hálsmáli eins og á hægri hlið þar til stykkið er jafn langt og hægra framstykki – teljið svo að heklað hefur verið jafn margar umf á báðum framstykjum.

BAKSTYKKI:

UMFERÐ 1 (= ranga): Heklið fl yfir 55-56-57-58-59-60 tbst á hægra framstykki, heklið nú 14-14-14-16-16-18 lausar ll (= aftan við hnakka), áður en fl eru heklaðar yfir 55-56-57-58-59-60 tbst á vinstra framstykki. Snúið við og heklið 1 tbst í hverja fl og hverja ll við hnakka = 124-126-128-132-134-138 tbst alls í umf. Heklið nú mynstur með áferð eins og áður. Þegar stykkið mælist ca 25-26-27-28-29-30 cm frá þrónamerki á öxl, klippið frá. Nú hafa ermar verið heklaðar og ekki er lengur heklað yfir 33-31-29-27-24-22 l á hvorri hlið. Haldið áfram eins og áður yfir miðju 58-64-70-78-86-94l. Nú hafa verið heklaðir ca 5-6-7-8-9-10 cm eftir úrtöku á ermmum, aukið út 1 l á hvorri hlið með því að hekla 2 l í næst síðustu l á hvorri hlið. Endurtakið útaukningu með 10 cm millibili alls 3 sinnum til viðbótar = 66-72-78-86-94-102 l. Þegar stykkið mælist ca 70-72-74-76-78-80 cm – endið eftir 1 umf með fl – klippið frá.

30% afsláttur af bómullargarni

Belle, Bomull-Lin, Cotton-Light, Cotton Viscose, Muskat, Paris og Safran

www.galleryspuni.is

gallery spuni

Vantar þig íslenskan lopa?

Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn

Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !

➔ Sendum um allt land!

GEFJUN.IS

VASI:

Heklið 24-24-24-26-26-26 lausar ll með heklunál nr 5. Snúið við og heklið 1 fl í 2. ll frá heklunálinni, haldið áfram með 1 fl í hverja ll. Haldið áfram með fl fram og til baka í öllum umf þar til vasinn mælist 16-16-16-17-17-17 cm, klippið frá.

Heklið 2 alveg eins vasa.

FRÁGANGUR:

Brjótíð stykkið við þrónamerki á öxl, saumið hliðar- og ermasauma kant í kant yst í lykkjubogann.

Heklið 2 umf með fl meðfram kanti og í kringum

háls (heklið ca 3 fl meðfram hverjum tbst og 1 fl í hverja fl, þ.e.a.s. ca 16 fl á 10 cm). Saumið vasann ca 5-6 cm frá neðri brún og ca 5-6 cm frá miðju að framan. Saumið efstu töluna á vinstri lista að framan í þeirri umf sem úrtaka fyrir hálsmáli byrjar – saumið í fyrstu umf sem heklud var með fl meðfram kanti. Saumið neðstu töluna aðeins fyrir ofan efri brún á vasanum og staðsetjið miðju töluna mitt á milli talnanna beggja. Hneppið í gegnum l á hægri hlið.

Þrónakveðja fjölskyldan Gallery Spuna

Létt							
8		2		9	7	4	1
9			1	3	6		8
		1			4		6
		6	3		9		2
5		7		1		9	3
	3		4		5	1	
	9		7			3	
7			9	5	1		4
6		8	2	4		5	7

Þung							
1		2		6	4	8	9
				3	9		
	6						
		7		1			5
		1	6		5	2	
	2			9		7	
						7	
			3	5			
5		4	7	8		1	3

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

Miðlungs							
	9		2	8		3	6
	4	5			6		9
3					9		
	7	4			3	9	1
6				7			8
	1	8	5			2	7
			1				5
2			4			1	3
	5	3		9	7		8

Þyngst							
			1				
7	9					4	
	8			4	3		
	5			8			2
8			2		5		4
1				7			9
			3	5			6
		5				7	9
				6			

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Uppáhaldsdýrið er kanína og uppáhaldsmatur lax

Konráð Björn er nýkominn heim frá Tenerife og ætlar í Vatnaskóg og norður á Akureyri síðar í sumar.

Nafn: Konráð Björn Ketilsson.

Aldur: 10 ára.

Stjórnumerki: Vog.

Búseta: Kópavogur.

Skóli: Lindaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skól-anum? Íþróttir og myndmennt.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kanína.

Uppáhaldsmatur: Lax.

Uppáhaldshljómsveit: Pharrell Williams.

Uppáhaldskvikmynd: Captain America: Civil War.

Fyrsta minning þín? Mamma mín.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóð-færi? Já, körfubolta.



Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Fyrirtækjaeigandi.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Fór í geggjaða vatnsrenni-braut í Siam park á Tenerife í júní.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Já, ég er búinn að fara til Tenerife, svo fer ég í Vatnaskóg og til Akureyrar.

Næst » Konráð Björn skorar á systur sína að svara næst.

Lesendabás

Níræður og ný ljóðabók

Ingvar Gíslason, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, hefur sent frá sér ljóðabókina Úr lausblaðabók – ljóðævi.

Mér hefur verið sagt að skóla-félagar Ingvars Gíslasonar í Menntaskólanum á Akureyri hafi fljótt fundið að hann var ekki einungis hagamæltur og góður vísnaðmiður – heldur skáld – og það yrði hans framtíðarstarf. Þetta var í þann tíð er skáld voru metin að verðleikum og fengu þann titil af öðrum en ekki frá sjálfum sér.

Fyrir Ingvari átti hins vegar að liggja að gera stjórnmálin að ævi-starfi – þingmaður, þingforseti og ráðherra mennta- og menningar-mála.

Fyrir skömmu fagnaði Ingvar 90 ára afmæli sínu, hress að vanda og vel ern. Ingvar var fæddur á pálmásunnudag 1926 sem þá bar upp á 23. mars sem er hinn lög-boðni afmælisdagur hans, enda þótt Ingvar telji með nokkrum rétti að pálmásunnudagur sé hinn eini og sanni þótt breytilegur sé á alman-akinu.

Foreldrar Ingvars voru hjón-in Gísli Kristjánsson, útgerðar-maður í Neskaupstað, og kona hans, Fanný Kristín Ingvarsdóttir. Eiginkona Ingvars var Ólöf Auður Erlingsdóttir, sem lést 2005.

